

Október 2023



Minjavernd

Staða, áskoranir og tækifæri



Stjórnarráð Íslands

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Minjavernd – staða, áskoranir og tækifæri

Skýrsla starfshóps um stöðu minjaverndar í landinu

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Útgefandi: Stjórnarráð Íslands

Textavinna, töflur og gröf: Stjórnarráð Íslands

Hönnun forsíðukápu og tveggja mynda á blaðsíðu 1: Aron Freyr Heimisson

Forsíðumynd: Birgir Þórarinsson. Myndin sýnir glugga á húsinu Skjaldbreið við Kálfatjörn á Vatnsleysuströnd.

Aðrar myndir í skýrslunni: Minjastofnun Íslands (MÍ), Árni Einarsson, Dagný Arnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson og Studio Granda

Október 2023, ©Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-9756-1-4

Efnisyfirlit

1. Lykiltillögur.....	1
2. Inngangur.....	3
2.1 Vinna starfshóps.....	3
2.2 Markmið.....	4
2.3 Aðferðir.....	5
2.4 Samráð.....	5
2.5 Afmörkun viðfangsefnis.....	5
2.6 Minjastofnun Íslands – árið 2023.....	6
3. Lykilþættir og tillögur til úrbóta.....	7
4. Fjöldi, staðsetning, ástand og vöktun menningarminja.....	18
5. Viðfangsefnið minjavernd.....	20
5.1 Minjavernd á Íslandi.....	20
5.2 Gæði og fagmennska í minjavernd.....	26
6. Fjármál.....	29
6.1 Þróun fjárheimilda Minjastofnunar Íslands.....	29
6.2 Önnur framlög og styrkir stjórnvalda til verkefna á sviði minjaverndar sem veitt hefur verið um Minjastofnun Íslands eða fagsjóðina.....	31
6.3 Fjármagn til verkefna á sviði minjaverndar í gegnum lögbundnar áætlanir/sjóði stjórnvalda.....	32
6.4 Fjármagn til leyfisskyldra fornleifarannsókna á árunum 2013-2022.....	34
7. Minjastofnun Íslands – hlutverk og helstu verkefni.....	35
8. Stefnumörkun sem unnið hefur verið eftir.....	36
8.1 Stefnumörkun og áætlanagerð í tengslum við lög um opinber fjármál.....	36
8.2 Fagstefnur.....	38
8.3 Önnur stefnumörkun og áætlanagerð hins opinbera sem hefur bein áhrif á minjavernd á Íslandi.....	42
9. Alþjóðamál.....	45
9.1 Alþjóðasamningar.....	45
9.2 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.....	45
9.3 UNESCO heimsminjaskrá.....	46
9.4 ICOMOS.....	46
9.5 Meginstraumar í umræðu um áskoranir og tækifæri í minjavernd erlendis.....	46
10. Staða – vernd húsa og annarra mannvirkja.....	47
10.1 Mat á verndargildi húsa og annarra mannvirkja.....	47
10.2 Aðgerðir til verndar húsum og öðrum mannvirkjum.....	48
10.3 Byggingararfur í hættu.....	48
10.4 Húsvernd, hringrásarhagkerfi og loftslagsmál.....	49

11. Staða - vernd fornminja	50
11.1 Fornleifaskráning og söfnun upplýsinga um minjar.....	50
11.2 Mat á verndargildi fornminja.....	50
11.3 Aðgerðir til verndar fornminjum.....	51
11.4 Fornminjar í hættu	52
11.5 Tækniframfarir í vernd og rannsóknum á fornminjum.....	54
12. Áskoranir og hindranir í minjavernd	55
13. Fornminjasjóður	64
13.1 Staða og þróun fjárheimilda 2013-2023.....	64
13.2 Áherslur og forgangsröðun.....	66
13.3 Tölfræði.....	66
13.4 Fornminjasjóður – tillögur til úrbóta.....	67
14. Húsafriðunarsjóður	68
14.1 Staða og þróun fjárheimilda 2013-2023.....	68
14.2 Áherslur og forgangsröðun.....	69
14.3 Tölfræði.....	70
14.4 Húsafriðunarsjóður – tillögur til úrbóta.....	71
15. Viðaukar	72
15.1 Meginniðurstöður úr spurningakönnun.....	72
15.2 Hagsmunaaðilar.....	83
15.3 Stefna 21 (e. Strategy 21) - yfirlitstafla	84
15.4 Verkefni á sviði minjaverndar sem hlotið hafa fjármögnun á landsáætlun um innviði	86
15.5 Verkefni á sviði minjaverndar sem hafa hlotið styrkvilyrði frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2013-2023.....	90
15.6 Verkefni á sviði minjaverndar sem Rammaáætlun hefur látið framkvæma.....	93
16. Þakkir	94

Myndaskrá

Mynd 1:	Lögbundnar fagnefndir á sviði minjaverndar.....	22
Mynd 2:	Stofnanir sem koma að menningararfsvörslu, utan Minjastofnunar.....	24
Mynd 3:	Mikill fjöldi frjálsra félagasamtaka á Íslandi láta sig varðveislun menningararfs varða. Hér eru fáein dæmi nefnd, en félögin eru mun fleiri.....	25
Mynd 4:	Þróun fjárheimilda Minjastofnunar Íslands árin 2013-2023. Taflan nær til árlegs framlags ríkissjóðs til rekstrar, og framlags til kaupa á tækjum og búnaði en það hefur verið árlegt frá og með árinu 2018. Hún nær einnig til annarra framlaga úr ríkissjóði. Fjárhæðir hafa ekki verið framreiknaðar.....	29
Mynd 5:	Menningararfsstefna, rammastefna málaflöksins, sem gefin var út árið 2021. Myndin er byggð á mynd úr stefnuskjalinu, bls. 11, og sýnir heildarmynd niðurstaðna stefnumótunarinnar.....	39
Mynd 6:	Þróun fjárheimilda Fornminjasjóðs 2013-2023. Árlegar, reglubundnar fjárheimildir úr Ríkissjóði. Fjárhæðir hafa ekki verið framreiknaðar og er um að ræða krónutölu hvers árs.....	64
Mynd 7:	Þróun fjárheimilda Húsafríðunarsjóðs 2013-2023. Taflan sýnir eingöngu árlegar, reglubundnar fjárheimildir úr ríkissjóði og árlegt, reglubundið framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.....	68
Mynd 8:	Flokkar svarenda í spurningakönnun, aðkoma að minjavernd. Þátttakendur gátu valið úr 9 flokkum. Hægt var að velja fleiri en einn flokk.....	72

Töfluskrá

Tafla 1:	Viðmið um lágmarksmenntun/krafa um þekkingu í störfum sem tengjast vernd og rannsóknum menningarminja.....	28
Tafla 2:	Fjármálaáætlun 2023-2028, 14-450 Minjastofnun Íslands. Tölur eru í milljónum kr.....	30
Tafla 3:	Fjármögnun stjórnvalda á sértækum verkefnum á sviði minjaverndar og rannsókna á árunum 2013-2022. Fjármagninu var veitt um (a) Húsafriðunarsjóð, (b) Fornminjasjóð eða (c) Minjastofnun Íslands. Undanskildar eru stakar fjárveitingar í tengslum við kostnað við stofnanasameiningu árið 2013 og ýmsar millifærslur í tengslum við rekstur og tæki/búnaður. Tölur eru í m.kr.....	31
Tafla 4:	Minjastofnun. Fjármögnun stjórnvalda á sértækum verkefnum á sviði minjaverndar á árunum 2013-2022, í gegnum áætlanir á vegum stjórnvalda eða samkeppnissjóði. Verkefnin voru flest unnin að frumkvæði stofnunarinnar og hafði hún umsjón með þeim öllum, þó svo að aðrir hafi séð um endanlega framkvæmd þeirra.....	33
Tafla 5:	Ýmsir aðilar. Fjármögnun stjórnvalda á sértækum verkefnum á sviði minjaverndar á árunum 2013-2023 sem veitt var til ýmissa aðila en fóru ekki um Minjastofnun. Ekki liggur fyrir hvaða aðilar áttu frumkvæði að verkefnum og sum þeirra kunna að hafa verið unnin í samstarfi við Minjastofnun eða einstaka minjaverði.....	33
Tafla 6:	Samanlögð fjárhæð áætlaðs kostnaðar við leyfisskyldar fornleifarannsóknir samkvæmt umsóknum um rannsóknarleyfi 2013-2022.....	34
Tafla 7:	Markmið Minjastofnunar Íslands fyrir 2023-2025 í tengslum við þriggja ára stefnumótun ríkisaðila - kjarnastarfsemi.....	37
Tafla 8:	Þættir sem litið er til við mat á varðveislugildi húsa, skv. leiðbeiningum Minjastofnunar um húsakönnun.....	47
Tafla 9:	Þættir sem leiðbeint er um að nota við mat á varðveislugildi minja við fornleifaskráningu.....	50
Tafla 10:	Tímabundin framlög sem ætluð voru ákveðnum verkefnum og veitt var um Fornminjasjóð á tímabilinu. Tölur eru í m.kr.....	65
Tafla 11:	Eins skiptis framlög sem ætluð voru ákveðnum verkefnum og veitt var um Fornminjasjóð á tímabilinu 2013-2023. Tölur eru í m.kr.....	65
Tafla 12:	Fjármálaáætlun 2023-2028, 14-451 Fornminjasjóður. Tölur eru í m.kr.....	65
Tafla 13:	Eins skiptis framlög sem ætluð voru ákveðnum verkefnum og veitt var um Húsafriðunarsjóð á tímabilinu 2013-2023. Tölur eru í m.kr.....	69
Tafla 14:	Fjármálaáætlun 2023-2028, 14-452 Húsafriðunarsjóður. Tölur eru í m.kr.....	69
Tafla 15:	Skilgreindir framkvæmdaaðilar, samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar.....	83

Tafla 16:	Stefna 21 (e. Strategy 21) er stefna um evrópskan menningararf á 21. öld sem kom út árið 2017 á vegum ráðherranefndar Evrópuráðsins. Taflan inniheldur þær áskoranir og tillögur sem lagðar voru til sem hluti af þeirri vinnu. Heimild: https://rm.coe.int/european-heritage-strategy-for-the-21st-century-strategy-21-full-text/16808ae270	84
Tafla 17:	Minjastofnun. Listi yfir verkefni sem hlotið hafa fjármögnun á landsáætlun um innviði og eru í umsjón Minjastofnunar. Landsáætlun hóf að fjármagna verkefni á stöðum sem eru undir álagi af völdum ferðamennsku árið 2018. Heildarfjárhæð verkefna á vegum Minjastofnunar sem þegar hafa verið styrkt á þennan hátt er 249.185.000 kr.....	86
Tafla 18:	Ýmsir aðilar. Verkefni sem hlotið hafa fjármögnun á landsáætlun um innviði og eru í umsjón ýmissa aðila.....	89
Tafla 19:	Styrkvilyrði/styrkir sem Minjastofnun Íslands hefur hlotið frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á árabílinu 2013-2023, en síðasta styrkveitingin var árið 2016.....	90
Tafla 20:	Styrkvilyrði/styrkir sem ýmsir aðilar, aðrir en Minjastofnun Íslands, hafa hlotið frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á árabílinu 2013-2023.....	91
Tafla 21:	Heiti verkefna og rannsókna á sviði minjaverndar sem faghópur 1 innan 3. og 4. áfanga Rammaáætlunar hefur látið framkvæma.....	93

1. Lykiltillögur

Hlutverk starfshópsins var að greina stöðu og helstu áskoranir, hindranir en jafnframt tækifæri í minjavernd, og gera tillögur til úrbóta.

- Í vinnu starfshópsins komu fram fjölmargar tillögur til úrbóta og er fjallað um þær allar í kafla 3.
- Dýpri umfjöllun um þau málefni sem tillögurnar snerta á er að finna í kafla 12, um áskoranir og hindranir í minjavernd.

Starfshópnum var falið að velja nokkrar tillögur sem hann vildi leggja sérstaka áherslu á á þessu stigi máls.

Fyrri myndin sýnir fjórar lykiltillögur sem snúa að öflun gagna, nýtingu þeirra og miðlunar á þekkingu.



Seinni myndin sýnir fjórar lykiltillögur sem snúa að þörfinni á að blása til sóknar með því að auka áhuga almennings á minjum og nýta til þess ýmsar leiðir og margvíslega hvata.



Allar 49 tillögur starfshópsins til úrbóta koma fram í kafla 3, Lykilþættir og tillögur til úrbóta.

Kaflí 12 um áskoranir og hindranir í minjavernd speglar að mestu leyti kafla 3 og þar er dýpri umfjöllun um þau málefni sem tillögurnar snerta á.

Til að fá glögga mynd af tillögum starfshópsins er mikilvægt að lesa báða þessa kafla.



Minjar um verstöðina Láganúpsver á sunnanverðum Vestfjörðum. Dæmi um strandminjar sem varpa ljósi á íslenska atvinnusögu. Mynd: MÍ.

Settir eru eftirfarandi fyrirvarar við efni skýrslunnar:

- Skýrslan er skrifuð og ályktanir starfshóps eru dregnar á ákveðnum tíma og undir ákveðnum kringumstæðum, og ber þar hæst áform um að Minjastofnun Íslands sameinist stærri stofnun á sviði náttúruverndar og menningarminja. Frumvarp þess efnis hefur verið lagt fram en þinglegri meðferð ekki lokið.
- Umfang skýrslunnar takmarkast við þá hluta minjaverndar sem snúa að, eða hafa beina snertingu við, starfsemi Minjastofnunar Íslands, en hún er eina stofnunin í málaflokki menningarminja sem heyrir undir umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið.
- Árabilið sem um ræðir er 2013-2022/2023, en er þó ekki úttekt á starfsemi stofnunarinnar né fjármálum hennar.

2. Inngangur

Við breytingar á skipan Stjórnarráðsins með forsetaúrskurði nr. 6/2022 urðu breytingar á stjórnáskilningu minjaverndar á Íslandi og tóku þær gildi þann 1. febrúar 2022. Í forsetaúrskurði segir að umhverfis-, orku og loftslagsráðherra fari með málefni menningarminja, og er það átt við menningarminjar sem er að finna í umhverfinu. Önnur málefni sem snúa að varðveislu menningararfs heyra áfram undir menningar- og viðskiptaráðuneyti. Stefnt er að frekari breytingum hvað varðar samvinnu og sameiningu stofnana sem heyra undir umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti. Af því leiðir að brýnt er að öðlast skarpan skilning á viðfangsefninu minjavernd og í hverju hún felst, en einnig að leiða fram stöðu minjaverndar, áskoranir og tækifæri. Þá liggur fyrir að nauðsynlegt er að ráðast í heildarendurskoðun á lögum um menningarminjar. Áður en hafist verður handa við slíka endurskoðun er hins vegar nauðsynlegt að gera stöðumat á framkvæmd minjaverndar í landinu og leggja til tillögur um úrbætur á grundvelli þeirrar úttektar.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði því starfshóp sem hafði það hlutverk að vinna slíkt stöðumat og úrbótatillögur. Í vinnu hópsins átti að fjalla um eftirfarandi þætti: Skilgreiningar og afmörkun minjaverndar á Íslandi árið 2022 og hvar tækifæri eru til umbóta; niðurstöður helstu úttekta og greininga á stöðu og/eða framkvæmd minjaverndar á síðustu árum; mat á umfangi verkefna minjavörslunnar, lögbundinna og ólögbundinna ef við á; hvernig megi tryggja viðunandi fagmennsku og gæði við framkvæmd minjaverndar, þannig að skyldur þær sem lög um menningarminjar nr. 80/2012 leggja á stjórnvöld séu uppfylltar; og loks að greina stöðu, þróun og helstu áskoranir hinna tveggja lögbundnu sjóða á sviði menningarminja, þ.e. Húsafriðunarsjóðs og Fornleifasjóðs.

Óskað var eftir tilnefningum frá menningar- og viðskiptaráðherra, Félagi fornleifafræðinga, Arkitektafélagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, en einn fulltrúi sem jafnframt er formaður hópsins var skipaður án tilnefningar.

Starfshópurinn þróaði markmiðin áfram og endanleg markmið má sjá í kafla 2.2.

Starfshópurinn átti við undirbúning tillagna sinna að eiga samráð við helstu hagsmunaaðila. Nánar er fjallað um starfshópinn og vinnu hans í næsta kafla.

Miðað var við að starfshópurinn myndi skila tillögum sínum til ráðherra í formi skýrslu fyrir 1. júní 2023 en skilunum var frestað fram yfir sumarið sökum umfangs verkefnisins.

2.1 Vinna starfshóps

Starfshópurinn skipuðu í upphafi:

- Birgir Þórarinsson, formaður starfshóps
- Arnhildur Pálmadóttir, tilnefnd af Félagi arkitekta
- Orri Vésteinsson, tilnefndur af Félagi fornleifafræðinga
- Erna Hrönn Geirsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

- Rúnar Leifsson, tilnefndur af ráðuneyti menningar og viðskipta

Þann 1. maí var Rúnar Leifsson settur tímabundið sem forstöðumaður Minjastofnunar Íslands. Þurfti hann í kjölfar þess að segja sig frá starfshópnum. Í hans stað kom inn annar fulltrúi úr menningar- og viðskiptaráðuneyti:

- Vilhelmína Jónsdóttir.

Með starfshópnum hafa starfað tveir sérfræðingar í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Dagný Arnarsdóttir og Guðríður Þorvarðardóttir.

Vinna starfshópsins hófst í lok janúar 2023. Fundað var með reglulegum hætti þá fjóra mánuði sem vinna hans stóð yfir, frá janúarlokum til maíloka. Vegna hins knappa tíma lagði starfshópurinn áherslu á að haga sinni vinnu á hnitmiðaðan hátt, þ.m.t. fundum sínum, gagnaöflun og ritun stöðuskýrslu. Mikilvægt þótti að afmarka vinnuna og markmið hennar vel, og lagt upp með að leita svara við spurningum sem skilgreindar voru í upphafi.

2.2 Markmið

Starfshópurinn afmarkaði og útfærði nánar markmið stöðumatsins m.t.t. áðurnefndra þátta og þeirra spurninga sem til grundvallar lágu. Endanleg¹ markmið voru:

1. Að öðlast innsýn í ástand og vöktun menningarminja á Íslandi og tilgreina þá minjaflokka, minjaheildir og minjastaði sem álitnið er að séu í mestri hættu á að glata minjagildi sínu eða tapast að miklu leyti á næstu árum.
2. Að skýra a) í hverju minjavarsla á Íslandi felst, og b) hvert hlutverk þeirra aðila er, sem að henni koma.
3. Að skoða viðmið og markmið um gæði og fagmennsku við framkvæmd minjaverndar.
4. Staðan: Að draga fram helstu áskoranir við minjavörslu og greina hvar tækifæri til umbóta liggja.
5. Að greina stöðu, þróun og helstu áskoranir hinna tveggja lögbundnu sjóða á sviði menningarminja á tímabilinu 2013-2023, þ.e. Húsafriðunarsjóðs og Fornminjasjóðs.
6. Að öðlast innsýn í aðra fjármögnun og umfang verkefna sem teldust styrkhæf í Fornleifasjóði og Húsafriðunarsjóði.

¹ Upphaflega stóð einnig til að svara því að hvaða leyti er minjavernd væri frábrugðin náttúruvernd; og hvort og þá hvernig minjavarsla á Íslandi væri frábrugðin minjavörslu í nágrannalöndum. Horfið var frá því að svara þessum undirspurningum 2. liðar, m.a. þar sem ekki bárust fullnægjandi svör á þeim tíma sem gagnaöflun stóð yfir.

2.3 Aðferðir

Öflun frumgagna fór fram á eftirfarandi máta:

- Gagnabeiðni var send til Minjastofnunar Íslands þann 17. mars með 33 spurningum sem lutu að markmiðum vinnunnar.
- Fundað var með fulltrúum Minjastofnunar Íslands og gafst stofnuninni þar tækifæri til að koma á framfæri ýmsum ábendingum um stöðu og helstu áskoranir í minjavernd í landinu.
- Spurningakönnun var fyrst send á um 60 aðila sem komið hafa að minjavernd. Starfshópurinn tilnefni þá aðila á fundi og var viðkomandi aðilum sendur tölvupóstur með beiðni um þátttöku og hlekk á könnunina. Svör voru ekki persónugreinanleg en sverndur höfðu þó val um að greina nánar frá aðkomu sinni að minjavernd í fellilista. Spurningakönnunin opnaði 24. mars var fyrst opin í einn mánuð og svarhlutfall var enn undir 25% að þeim tíma loknum. Ákveðið var að breyta nálgun til að fá fleiri svör og auka breidd svarenda. Könnunin varð þannig opin og dugði að hafa hlekkinn á hana. Frestur var framlengdur um tíu daga, til 7. maí. Við lok þess tímabils höfðu borist svör frá 25 sverendum.
- Í viðauka 15.1 m26
- á sjá helstu niðurstöður könnunarinnar og þar kemur einnig fram hvernig dreifing svaranda var miðað við þá flokka sem hægt var að merkja við.
- Unnar voru eftirfarandi greiningar: Blue Ocean greining, sjá viðauka 15.1.6, og hagsmunaaðilagreining, sjá viðauka 15.2.

2.4 Samráð

Samráð fólst í veru fulltrúa hagsmunaaðila í starfshópnum, gagnaöflun hjá Minjastofnun Íslands, fundi með fornstöðumanni og nokkrum starfmönnum stofnunarinnar og spurningakönnun sem dreift var á marga aðila út frá greiningu hagsmunaaðila, sbr. viðauka 15.2.

2.5 Afmörkun viðfangsefnis

Stöðumatið snýr að framkvæmd minjaverndar eins og hún afmarkast í lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Sú stofnun sem starfar á grundvelli þeirra laga er Minjastofnun Íslands.

Eftirfarandi viðfangsefni hafa ýmsa snertifleti við vinnu starfshópsins, en standa utan afmörkunar þessarar stöðuskýrslu:

- Mat á akademískri þekkingu á minjum og byggingararfi á Íslandi. *Reynt er eftir föngum að varpa ljósi á fjármagn til leyfisskyldra rannsókna, en ekki verður fjallað um stöðu akademískrar þekkingar í íslenskri fornleifafræði og arkitektúrs. Þó er brýnt að minjavarðslan og þar með stjórnvöld hafi aðgengi að fagþekkingu og reynslu til að leysa úr stórum verkefnum á þessu sviði, og að til sé nægilegur fjöldi fagfólks í landinu sem geti sinnt þeim samkvæmt bestu fánlegu þekkingu.*

- Stefnumótun um minjavernd. *Tillaga starfshópsins í heild sinni er ekki stefnumótandi getur þó verið það varðandi tiltekna þætti.*
- Endurskoðun á löggjöf um málaflokkinn. Fyrir liggur að hún standi fyrir dyrum þegar þessari vinnu lýkur. *Vinna hópsins tengist endurskoðun laga ekki með beinum hætti, en mun þó án efa nýtast í því samhengi.*
- Úttekt á Minjastofnun. *Vinna starfshópsins felur ekki í sér að taka út starfsemi Minjastofnunar né sjóðanna tveggja sem eru í vörslu hennar.*
- Úttekt á framlagi sveitarfélaganna til minjaverndar. *Vinna hópsins felur ekki í sér að gaumgæfa hinn mikilvæga þátt sveitarfélaganna í minjavernd.*

2.6 Minjastofnun Íslands – árið 2023

Minjastofnun Íslands er stjórnsýslustofnun undir yfirstjórn ráðherra og annast hún framkvæmd minjavörslu í landinu í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Stofnunin er einnig vörsluaðili Húsafriðunarsjóðs og Fornminjasjóðs, og vinnur með Húsafriðunarnefnd og Fornminjanefnd í tengslum við úthlutun úr sjóðunum.

Fornleifarannsóknir og skráning menningarminja fer að mestu fram á vegum einkaaðila sem starfa í faginu. Fornleifarannsóknir sem hafa jarðrask í för með sér eru háðar leyfi Minjastofnunar Íslands og skráning menningarminjar þarf að vinnast samkvæmt stöðlum stofnunarinnar.

Megintilgangur laga um menningarminjar er að vernda menningarminjar og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Minjastofnun Íslands starfar einnig á grundvelli laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011.

Stofnunin varð til við gildistöku fyrrnefndu laganna í ársbyrjun 2013 en þá sameinuðust Húsafriðunarnefnd ríkisins og Fornleifavernd ríkisins í nýja stofnun.

Hlutverk Minjastofnunar Íslands er skilgreint í 11. gr. laga nr. 80/2012 og er fjallað nánar um hana í kafla 7.

Stofnunin skiptist nú í fjögur svið sem heyra undir forstöðumann: skrifstofusvið; minjavarðasvið; rannsókn- og miðlunarsvið; og umhverfis- og skipulagssvið. Samkvæmt heimasíðu stofnunarinnar, þann 2. maí 2023, voru þar starfandi 22 starfsmenn. Stofnunin hefur aðsetur í Reykjavík en nokkrir starfsmenn hennar, einkum minjaverðir, eru staðsettir á landsbyggðinni.

Málefnasvið menningarminja og þar með Minjastofnun Íslands fluttist með forsetaúrskurði nr. 6/2022 þann 31. janúar 2022 frá mennta- og menningarmálaráðuneyti yfir til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

Síðastliðið ár hefur staðið yfir vinna í ráðuneytinu sem miðar að því að sameina stofnanir þess í þrjár stærri stofnanir og er Minjastofnun Íslands hluti af þeim áformum.

3. Lykilþættir og tillögur til úrbóta

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum starfshópsins til úrbóta hvað varðar minjavernd á Íslandi.

1. Minjavernd - hagsmunamál okkar allra

Veita þarf almenningi ríkari aðkomu að minjavernd. Það á m.a. við varðandi tillögur að friðlýsingu á stöðum, minjum og byggingum. Slíkt myndi stuðla að vandaðri stjórnsýslu og auka líkur á sátt um ákvarðanir. Til að almenningur geti haft aðkomu að og tekið þátt í ákvarðanatöku um verndun og friðlýsingar þarf stjórnsýsla að vera opin og gagnsæ en einnig þarf að vera fyrir hendi góð miðlun á upplýsingum

Auka þarf aðkomu almennings að minjavernd, fækka þarf hindrunum og auka þarf áhuga á minjum hjá ungu fólki

og þekkingu til almennings. Tengja þarf minjaverði í héraði enn betur við almenning og sveitarfélög og virkja minjaráð landshluta enn betur í þessu samhengi. Búa þarf grasrótarsamtökum og áhugafélögum í héraði betri skilyrði t.d. með því að finna farveg fyrir verkefni sem þau vilja taka þátt í varðandi minjavernd. Auka þarf möguleika á frekari þátttöku almennings í minjavernd í gegnum sjálfböðavinnu og skapa vettvang til slíks, svo sem á vettvangi hollvinasamtaka fyrir tiltekna staði. Efling á aðkomu hollvinasamtaka og sjálfböðaliða þarf að vera í góðri samvinnu við fagfólk og stofnanir. Afmarka þarf þannig mjög skýrt hvað gæti fallið hér undir, en nefna má viðhald og rekstur minjastaða.

Tillögur til úrbóta:

- a. Greina Árósasamninginn og aðra alþjóðasamninga hvað varðar þátttöku og aðkomu almennings að minjavernd og leggja til aðgerðir á grundvelli þeirrar greiningar.
- b. Minjastofnun Íslands verði falið að gera aðgerðaáætlun sem tæki á því hvernig veita megi almenningi ríkari aðkomu að minjavernd.

Til að aukin þátttaka almennings skili árangri þarf að efla menntun og fræðslu um minjar og minjavernd með breiðu samtali og samstarfi. Aukin þekking og skilningur á minjavernd og mikilvægi hennar stuðlar að aukinni þátttöku og samfélagslegu samtali um þennan mikilvæga málaflokk. Kappkosta þarf að auka fræðslu um menningarminjar, sögu þeirra, byggingararf og varðveislu bæði í gegnum formlegt skólastarf, safnastarf sem og með almenningsfræðslu.

Mikilvægt er að koma á samstarfi milli ólíkra stofnana, fagfólks og nærsamfélagsins í því augnamiði að auka þekkingu á menningarminjum.

Tillögur til úrbóta:

- c. Minjastofnun Íslands verði falið að gera aðgerðaáætlun sem tæki á því hvernig efla má fræðslu til almennings um fornminjar og byggingararf.
- d. Halda menningarminjapening á tveggja ára fresti og líta til náttúruverndarþinga sem áður voru haldin hvað varðar aðkomu grasrótárinna. Slíkt þing væri til þess fallið að leiða saman opinberar stofnanir sem sinna málaflokknum, félagasamtök og almenning og fá fram gagnlegar umræður sem nýtast stofnunum í frekari vinnu þeirra. Á slíku þingi má t.d. ræða nýminjar, minjavernd í héraði, framlag almennings og féлага, minjaverði, o.s.frv. Gagnlegt væri að fyrsta menningarminjapeningið yrði haldið á næstu misserum í ljósi breytinga sem nú eru að verða á umhverfi málaflokksins.

2. Friðlýsingar sem jákvætt og skilvirkt úrræði í minjavernd

Forsendur friðlýsingar þurfa að vera skýrar og ástæður friðlýsingar sömuleiðis. Endurskoða þarf friðlýsingaskrá á þriggja ára fresti í samræmi við lög nr. 80/2013 um menningarminjar, sinna þarf lágmarksviðhaldi á slíkum stöðum, t.d. að slá gras, svo að rústir séu sjáanlegar.

Hlúa þarf betur að friðlýstum minjastöðum og fá gleggri mynd af ástandi þeirra.

Tillögur til úrbóta:

- a. Greina hvort friðlýsing sé skilvirkt stjórnþæki og meta valkosti í því samhengi. Skoða mætti hvort aðrir valkostir en friðlýsing, sem er hæsta stig verndunar og er í eðli sínu stjórnvaldsákvörðun sem felur í sér langt, lögbundið ferli, gætu uppfyllt sömu verndarmarkmið.
- b. Skilgreina aðkomu ríkis og sveitarfélaga að rekstri, viðhaldi og vöktun friðlýstra minja.
- c. Greina þarf stjórnsýsluferla varðandi friðlýsingar og val á því sem á að friðlýsa. Hér mætti líta til ferils friðlýsinga í náttúruverndarlögum en þar eru skýr ákvæði um tækifæri til athugasemda og samráðs almennings og hagsmunaaðila skilgreind í ferlinu sem er ekki að finna í minjalögum.
- d. Endurskoða þarf friðlýsingaskrá og móta stefnu um endurskoðunina, í því felst að taka afstöðu til ábyrgðar og umsjónar.
- e. Fornleifaskrá þarf alla friðlýsta minjastaði og vakta ástand þeirra með reglubundnum hætti.

- f. Skoða hvort fýsilegt sé að skilgreina úrval merkra minjastaða þar sem þörf er á meiri umgjörð og fræðslu. Faglegar forsendur fyrir slíku úrvali staða þyrftu að vera mjög skýrar.
- g. Skoða hvernig efla megi enn frekar aðgengi að slíkum stöðum með markvissum hætti, svo sem í tengslum við uppbyggingu innviða á áfangastöðum ferðamanna. Bæði ríki og sveitarfélög hafa komið að fjármögnun slíkra verkefna.
- h. Skilgreina þarf umsjónar- og rekstraraðila með minjastöðum og líta til umsjónarsamninga hvað það varðar.
- i. Skilgreina þarf mörk friðlýstra minjastaða hvað varðar umsjónarlega ábyrgð og hvað felist í umsjón og viðhaldi.

3. Grunnrannsóknir á menningarminjum - forsenda minjavörslu

Búa þarf rannsóknnum á sviði minjaverndar og varðveislu menningararfs sambærilega umgjörð og rannsóknnum á sviði náttúruvísinda. Tryggja þarf að öflugt rannsóknarstarf styðji við málaflokkinn. Grunnrannsóknir eru forsendar vandaðrar minjavörslu og stjórnsýslu hennar sem og fyrir þekkingu á sögu lands og þjóðar. Þess vegna er mikilvægt að opinber stofnun sinni rannsóknarhlutverki á sviði menningararfsvörslu. Sérstaklega þarf að huga að þessu í fyrirhugaðri nýrri löggjöf varðandi breytt fyrirkomulag minjavörslu. Grunnöggn, og þá ekki síst miðlun þeirra til fræðasamfélagsins og almennings, eru ein grunnstoða minjavörslu.

Byggja þarf upp grunnrannsóknir á sviði menningarminja og menningararfs og stórauka yfirsýn.

Yfirsýn er nauðsynleg til að geta forgangsraðað og tekið vel rökstuddar ákvarðanir út frá bestu mögulegu vitneskju og þekkingu. Góð yfirsýn dregur úr tölum á afgreiðslu mála og auðveldar forgangsroðun, faglegt mat á verndargildi og aðra mikilvæga ákvarðanatöku í minjavernd.

Til samanburðar er skrásetning og yfirsýn yfir málefni byggingararfs sem nýtur verndar í betra horfi.

Íslenska ríkið er hvatt til þess að standa við skuldbindingar um að skrá og greina menningarlandslag með skipulegum hætti, en fornleifaskráningargögn liggja þar til grundvallar.

Tillögur til úrbóta:

- a. Fornleifaskráning verði skilgreind sem grunnrannsókn og gögn henni tengd grunnöggn.

- b. Ríkisvaldið taki mun stærri skref í átt til þess að fjármagna grunnrannsóknir á sviði minjavörslu. Horfa t.d. til þess hvernig staðið er að grunnrannsóknum á náttúru innan Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- c. Efla þarf allar rannsóknir á sviði menningarminja og menningararfs, þ.m.t. handverksþekkingu, en fáar rannsóknarstöður á þessu sviði eru á vegum ríkisins. Þörf er á slíkum vettvangi og þarf ríkið að taka fyrsta skrefið í þá veru.
- d. Skoða þarf sérstaklega innleiðingu Evrópska landslagssamningsins í íslensk lög hvað varðar skráningu og greiningu menningarlandslags á skipulegan hátt. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti ber ábyrgð á innleiðingu og framfylgd samningsins í samvinnu við viðkomandi stofnanir ráðuneytisins.
- e. Ríkisvaldið þarf að móta sér stefnu um eignarhald, viðhald og rekstur gagnagrunna um fornleifar, byggingararf og menningarlandslag.

4. Nýtt stjórnskipulag – hvatning til öflugrar minjaverndar

Eins og fram kom í inngangi stendur yfir undirbúningur að sameiningu þeirra stofnana á sviði náttúruverndar og minjavörslu sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Slík sameinuð stofnun hefði alla burði til að verða öflug stofnun með sérþekkingu sem nýtist minjavernd. Mikil tækifæri felast í því fyrir minjavernd að vera hluti af stærri, þverfaglegri heild. Til að mynda er kostur að um menningarminjar verði fjallað sem hluta af náttúru- og menningarlandslagi. Þó ákveðin samlegðaráhrif verði í stærri stofnun á sviði náttúru- og minjaverndar verður að hafa í huga og gæta að því að verkefni slíkrar stofnunar geta auðveldlega skarast, þ.e.a.s. að sjónarmið varðandi náttúruvernd geta farið gegn sjónarmiðum varðandi minjavernd. Í nýrri stofnun þarf að gæta að því að hún geti tekið á slíkum málum, þar sem hagsmunir skarast.

Breytingar á stjórnskipulagi og stofnanaumhverfi þurfa að styðja við málefni minjavörslu.

Ekki er gert ráð fyrir rannsóknarhluta í hinni fyrirhuguðu, sameinuðu stofnun sem minjavernd verður hluti af, en nauðsynlegt er að gera ráð fyrir rannsóknavinnu varðandi minjamál innan nýrrar rannsóknastofnunar.

Tryggja þarf að fyrirhuguð sameining Minjastofnunar Íslands og stofnana sem hafa umsjón með friðlýstum svæðum leiði ekki til aukinnar fjarlægðar frá öðrum menningarstofnunum sem sinna málefnum menningararfs, t.d. Þjóðminjasafni, háskólum, byggðasöfnum, o.fl.

Mikilvægt er að huga að málefnum minjaverndar í skipuriti og verkefnum nýrrar stofnunar og að fagþekking á sviði minjavörslu sé tryggð til jafns við önnur verkefni stofnunarinnar á sviði náttúruverndar. Þetta á ekki hvað síst við varðandi

varðveislu byggingararfs, vernd bátakosts og handverksþekkingar sem nauðsynleg er samhliða slíkri varðveislu.

Tillögur til úrbóta:

- a. Gæta þarf þess að sameinuð stofnun þurfi ekki að fjalla um eigin mál, t.d. ef stofnunin stendur sjálf að framkvæmdum sem hafa áhrif á minjar.
- b. Einnig þarf að aðskilja rannsóknir frá stjórnsýslu ef ákveðið yrði að ríkið myndi taka ábyrgð á grunnrannsóknnum eins og gert er í tilviki náttúruminja. Gæta þarf sérstaklega að löggjöf um nýju stofnunina hvað þetta varðar.
- c. Koma upp samráðsvettvangi stjórnsýslunnar um menningarminjar til að styttta boðleiðir. Innan þess vettvangs væri umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, stofnun sem fer með málefni minjaverndar, háskóla-, vísinda og nýsköpunarráðuneyti, ráðuneyti menningar og viðskipta og stofnanir sem heyra undir það ráðuneyti sem hafa umsjón með menningarminjum.
- d. Huga strax í upphafi að leiðum sem tryggja að minjavernd verði ekki víkjandi og jafnvel hornreka í stórrí stofnun, og að hugsanleg aðhaldskrafa í framtíð komi ekki hlutfallslega meira niður á henni en náttúruvernd.
- e. Tryggja við stofnanasameiningu að minjaverðir starfi áfram á minjasvæðum á landsbyggðinni og að staða þeirra verði eflað. Vel menntaðir og öflugir minjaverðir eru afar mikilvægur hluti minjaverndar og til þess fallnir að auka samstarf við nærsamfélagið á hverjum stað.
- f. Skortur er á grunnrannsóknnum á sviði menningarminja og menningararfs, þ.m.t. handverksþekkingar. Efla þarf rannsóknarhlutann á þessu sviði og gera ráð fyrir honum innan þeirrar stofnunar sem sinnir grunnrannsóknnum.

5. Minjavernd – fjármögnun til framtíðar

Meginþungi minjavörslu liggur í eftirliti og jafnvel inngripi í afmörkuð mál og framkvæmdir. Þetta getur og hefur í sumum tilvikum leitt til neikvæðrar ásýndar minjaverndar.

Grunnrannsóknir á sviði minjavörslu ættu að vera grunnur að gerð aðalskipulags sveitarfélaga líkt og skilyrt er í núgildandi minjalögum, þ.e. að það skuli liggja fyrir upplýsingar sem gefa greinargóða mynd af menningarminjum innan sveitarfélagsins. Tilgangurinn með grunnrannsóknnum á minjum er að fyrir liggja sem bestar upplýsingar áður en ákvarðanir eru teknar um nýtingu lands. Slíkt myndi draga úr töfum sem kunna að verða á málum. Einnig drægi slíkt verulega úr þeim tíma sem nú fer í veitingu umsagna.

Tillögur til úrbóta:

- a. Ríkisvaldið taki mun stærri skref í átt til þess að fjármagna grunnrannsóknir á sviði minjavörslu. Horfa ætti til þess hvernig staðið er að grunnrannsóknunum á náttúru innan Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- b. Skráning mannvirkja ætti að eiga sér stað við hverfis- og deiliskipulagsvinnu.
- c. Þegar ráðist verður í vinnu við heildarendurskoðun laga um menningarminjar þurfa heimildir Minjastofnunar Íslands hvað varðar umsagnir um skipulagsáætlanir varðar að vera vel skilgreindar. Stofnunin þarf að hafa heimild til umsagnar og viðbragða áður en skipulagsáætlanir koma til framkvæmda.
- d. Skoða þarf í samhengi næstu endurskoðunar laga um menningarminjar hvort fagleg rök séu fyrir því að miða fremur við ártalið 1930 hvað varðar umsagnarskyldu húsa, í stað núverandi viðmiðunartímabils umsagnarskyldu sem miðar við byggingarárin 1924-1940. Mikill fjöldi húsa var byggður á fjórða áratug síðustu aldar og brýnt er að rík, fagleg rök liggi að baki þeirri vernd sem felst í umsagnarskyldu, enda leggur hún auknar skyldur á húseigendur og stjórnsýslu minjamála.

Nálgun minjaverndar hefur stundum einkennst af viðbragði, boðum og bönnum, sem á rætur sínar í áralangri vanfjármögnun sem mótað hefur og þrengt alla nálgun og sýn varðandi minjavernd.

6. Lagavernd nýminja

Fjöldmörg dæmi eru um að nýminjar, þ.e. minjar sem yngri eru enn 100 ára og njóta því ekki lagaverndar, t.d. stríðsminjar, gosminjar, iðnaðarminjar o.s.frv., tapist t.d. vegna nýframkvæmda. Oftar en ekki eru það einstakir hópar eða nærsamfélag sem hefur þekkingu á viðkomandi minjum, sér tækifæri í

notkun og varðveislu þeirra til framtíðar. Þetta á jafnt við um jarðfastar minjar, byggingararf, efnivið og handverksþekkingu. Mikilvægt er að stofnanakerfi minjavörslu geti tekið á þessum málum, m.a. í gegnum þátttöku hópa og almennings þegar kemur að ákvörðunum varðandi minjagildi og varðveislu.

Tillögur til úrbóta:

- a. Mikilvægt er að sú stofnun sem fer með vernd menningarsögulegra minja hafi úrræði til að taka til greina sjónarmið hópa og nærsamfélags um

Vernda þarf merkar nýminjar í lögum og minnka líkur á því að þær tapist.

varðveislu menningararfs í nærumhverfi sem nýtur annars ekki lögbundinnar verndar. Ákvarðanir um þetta þurfa að gerast með þátttöku frá viðkomandi hópum þar sem tekið er tillit til ólíkra sjónarmiða og vera til þess fallnar að skapa sátt.

- b. Sú stofnun sem fer með vernd menningarsögulegra minja móti sér heildstæða stefnu á þessu sviði studda góðum gögnum úr grunnrannsóknunum, sem og kortlagningu menningarlandslags samkvæmt evrópska landslagssáttmálanum.

7. Almennungur - verndun og viðhald minja

Fjölga þarf hvötum til þess að vernda minjar. Þetta á við alla minjaflokka, s.s. trébáta, fornleifar í jörðu og eldri hús.

Tillögur til úrbóta:

- a. Gera þarf greiningu á fyrirkomulagi minjaverndar hvað þetta varðar og greina þá hvata sem leiða til eyðingar minja og hvernig hvata mætti þróa sem myndu stuðla að minjavernd.
- b. Skoða hvernig varðveislu fornbíla er háttað og kanna hvort þar megi taka verklag til fyrirmyndar.
- c. Skipaður verði starfshópur til að greina hvaða möguleikar eru til þess að styrkja fjárhagslegar stoðir minjaverndar, s.s. í gegnum sjóði sem veita styrki, skattalega hvata og/eða ívilnanir sem stjórnvöld gætu veitt. Skoðaðar yrðu erlendar fyrirmyndir hvað þetta varðar.
- d. Mikilvægt er að veita einnig fjármagn til varðveislu óáþreifanlegs menningararfs, þ.m.t. handverksþekkingar, svo sem við bátasmíði, ýmsa húsagerð og aðra handverksþekkingu sem er mikilvægt að viðhalda. Kanna þarf hvort að fýsilegt sé að stofna um það sérstakan sjóð eða hvort auka þurfi við fjármagn og hlutverk þeirra sjóða sem nú þegar eru fyrir hendi.
- e. Greina hvaða þættir þyrftu að vera til staðar svo koma megi í veg fyrir að húseigendur geti látið gömul hús grotna niður, oft með heimild til niðurriffs að lokamarkmiði.
- f. Sameinaðri stjórnsýslustofnun, sem áform eru um og sem á að ná til verndar menningarminja, verði gert kleift að viðhafa forvirkar aðgerðir, með það að markmiði að eigendur viðhaldi friðuðum og friðlýstum húsum svo verndargildi þeirra haldist áfram. Heimildir þurfa að vera skýrar ef ljóst er að hús eru að grotna niður og sömuleiðis úrræði til að beita dagsektarákvæðum.

Fjölga þarf hvötum í núverandi kerfi sem stuðla að vernd og viðhaldi minja, en fækka jafnframt hvötum sem stuðla að eyðingu minja.

- g. Vinna þarf greiningu á gildi eldri húsa og yfirbragðs þeirra fyrir sitt nærumhverfi og lífsgæði fólks. Valin tilvik verði greind með þessum hætti, t.d. húsaþyrping á tilteknum stað eða hús sem notið hafa styrkja hjá Húsafriðunarsjóði. Markmiðið er að sýna fram á hve mikill ábati samfélagsins er af því viðhalda eldri húsum, en slíkur ábati getur verið samfélagslegur, efnahagslegur og umhverfislegur.

8. Niðurrif eldri húsa - loftlagsmarkmið og hringrásarhagkerfi

Mikil tækifæri felast í að endurnýta byggingarefni, bæði hvað varðar minjavernd og umhverfisvernd. Oft væri hægt að nýta burðarvirki húsa þó að þau séu rifin að öðru leyti. Hinsvegar eru of fáar hindranir í veginum kjósi eigandi að láta rífa eldra hús.

Tillögur til úrbóta:

- a. Vinna fari í gang varðandi græna hvata til varðveislu húsa í tengslum við loftslagsmál og hringrásarhagkerfið. Sem hluti af þeirri vinnu væri hægt að kanna möguleika á hagrænum hvötum til þess að a) breyta nýtingu húsa í stað þess að rífa þau og byggja ný og b) nýta byggingarefni og burðarvirki eldri húsa.

Grænir hvatar í vernd byggingararfsins geta stutt við markmið stjórnvalda um loftslagsmál og hringrásarhagkerfið.

9. Menningarlandslag - verðmæti og varðveisla

Allar manngerðar breytingar á umhverfinu, t.d. aukin skógrækt og vindmyllur, eru til þess fallnar að breyta ásýnd landsins. Við slíkar breytingar getur samhengi minja og menningarlandslags raskast og leitt til breyttrar ásýndar sögustaða, hindrað sjónlínur og haft áhrif á staðarvitund og upplifun heimamanna og gesta af landinu.

Tillögur til úrbóta:

Samþætta þarf mótvægisáðgerðir vegna loftslagsvár við minjavernd svo tryggt sé að minjum sé ekki ógnað vegna þeirra.


- a. Stjórnvöld hefji vinnu í tengslum við innleiðingu Evrópska landslagssamningsins þar sem komið er inn á sjónræn gæði landslags og heildarsamhengi náttúrugæða og menningarlandslags.
- b. Stjórnvöld rýni núverandi reglur um leyfisveitingar fyrir skógrækt sem áhrif hefur á minjastaði og menningarlandslag. Skoðað verði að breyta reglum á þann hátt að skógrækt verði leyfisskyld í mun ríkari mæli en nú er. Í því fælist að aukið tillit yrði tekið til menningarlandslags sem annars myndi tapast og skylt verði að fornleifaskrá og eftir atvikum rannsaka minjastaði sem fara undir skógræktarsvæði.

10. Mælanlegur árangur í minjavernd

Núverandi grunnmælikvarðar um árangur snúa að því að ljúka fornleifaskráningu á nokkrum árum. Talsverður árangur hefur náðst í fornleifaskráningu og hann þarf að mæla. Þessi mælikvarði er gagnlegur en aðrar leiðir eru einnig færar til að mæla árangur á sviði minjaverndar og minjavörslu.

Tillögur til úrbóta:

- a. Skrá ástand aldursfriðaðra húsa og annarra mannvirkja, þar með talið í verndarsvæðum í byggð.
- b. Koma mætti upp fjölbreyttum árangursvísum, T.d. er hægt að mæla þann samdrátt sem verður á kolefnislosun með því að varðveita byggingarefni og húsbyggingar frekar en að rífa niður og byggja nýtt. Þá má hugsa sér að mæla fjölda grasrótarfélaga sem taka þátt í minjavörslu, o.fl.
- c. Til að mæla árangur má einnig byggja á hagvísum í tengslum við menningarf og hverju hann skilar til þjóðarbúsins.



Skilgreina þarf árangur í minjavernd á víðtækari hátt.

11. Samræmd gæði og framkvæmd grunnrannsóknna

Kostnaður vegna framkvæmdarannsókna leggst misjafnlega þungt á framkvæmdaaðila sem veldur því að afar misjafnt er hve mikið fjármagn er lagt í slíkar rannsóknir. Rót vandans liggur í núverandi lagaumhverfi og fjármögnunarlíkani fornleifarannsókna og fornleifaskráningar, sem leggur þá skyldu á framkvæmdaaðila og sveitarfélög að standa alfarið straum af slíkum rannsóknnum á tilteknu stigi skipulags og framkvæmda.

Tillögur til úrbóta:

- a. Stjórnvöld taki mun stærri skref í átt til þess að fjármagna grunnrannsóknir á sviði minjavörslu svo hægt sé að sinna þeim á myndarlegan hátt. Horfa t.d. til þess hvernig staðið er að grunnrannsóknnum á náttúru innan Náttúrufræðistofnunar Íslands.
- b. Stjórnvöld skoði möguleika þess að beita jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að jafna aðstöðumun milli sveitarfélaga, ekki síst þar sem um er að ræða fámenn en landmikil sveitarfélög.
- c. Skipaður yrði starfshópur til að greina betur áhrif fjármögnunarlíkans fornleifaskráningar og framkvæmdarannsókna á gæði rannsókna og úrvinnslu niðurstaðna. Slíkur starfshópur komi með tillögur til úrbóta.

Minnka þarf áhrif fjárhagslegs bolmagns sveitarfélaga og annarra verkkaupa á gæði og framkvæmd fornleifaskráningar og framkvæmdarannsókna.

12. Minjar í hættu – verndun og viðhorf

Strandminjar, stríðsminjar og fornbátar, þ.e. gamlir bátar sem teljast hafa menningarsögulegt gildi, eru dæmi um minjaflokka í mikilli hættu, og skýrist m.a. af því að vernd þeirra er ófjármögnuð. Undir þetta fellur einnig handverksþekking, t.d. í tengslum við varðveislu á húsa- og bátakosti. Handverksþekking er mikilvægur og órjúfanlegur þáttur þegar kemur að viðhaldi húsa, torfhúsa, bátakosti o.fl. Því er mikilvægt að huga að varðveislu handverksþekkingar og gæta að því að hún tapist ekki.

Huga þarf sérstaklega að vernd þeirra minjaflokka sem eru í hættu á því að tapast á næstu árum.

Tillögur til úrbóta:


- a. Kortleggja þarf vandann og gera heildarmat á þeim minjum sem eru í mestri hættu á að tapast á næstu árum. Á slíku mati yrði byggð aðgerðaáætlun og aðgerðum forgangsraðað. Skoða hvort útgáfa valista sé hjálpleg til að vekja athygli á minjum í hættu. Líta mætti til rauða lista Umhverfisstofnunar og reynslunnar af honum.
- b. Stuðla þarf að möguleikum á hagnýtingu menningararfleifðar, t.d. í ferðaþjónustu. Slík nýting, þar sem varðveisla og notkun fara saman, er oft til þess fallin að stuðla að sjálfbæru viðhaldi og varðveislu. Draga úr hindrunum og auka hvata til þess að vernda timburbáta og forða þeim

frá förgun, s.s. með því að skoða hvort fella megi niður hafnargjöld. Hvetja til aðkomu fyrirtækja og einkaaðila í menningararfvörslu sem lið í samfélagslegri ábyrgð þeirra.

- c. Stjórnvöld viðurkenni handverksþekkingu sem mikilvægan þátt í menningararfleifð sem þarfnast varðveislu og komi með tillögur til úrbóta með það að markmiði að þekking tapist ekki og að það fái stöðugt heildarsýn á málaflokkinn.



Minjar, þ.m.t. bæjarhóll, við Laugarbrekku, sögustað nærri Hellnum á Snæfellsnesi. Mynd: Árni Einarsson.



Minjastaður með mörgum byggingum og gördum við Hrafnstaði í Óxarfirði. Kjarr hefur vaxið þétt að þeim og yfir þær að hluta til. Mynd: Árni Einarsson.

4. Fjöldi, staðsetning, ástand og vöktun menningarminja

Heildarumfang **jarðfastra fornleifa** á Íslandi er óljóst, en áætlað hefur verið að talan hlaupi á bilinu 250 til 300 þúsund á landinu öllu. Eru þær tölur dregnar af meðalfjölda skráðra minja á jörðum. Nýleg skráningarverkefni í ósnortnum eyðibygðum benda til þess að heildarfjöldi fornleifa gæti þó verið mun hærrí.

Fornleifaskráning er grunnrannsókn á fornleifum, en hún hefur ekki farið fram nema á rúmum fjórðungi landsins alls sé eingöngu litið til flatarmáls. Rétt er að taka fram að þéttni fornleifa er afar mismunandi milli svæða. Einnig flokkast kortlagning menningarlandslags sem grunnrannsókn.

Afar erfitt að henda reiður á fjölda og staðsetningu fornleifa á landinu. Fyrir liggur hve margar fornleifar hafa komið í ljós við fornleifaskráningu og hvar, en ekki hve hátt hlutfall það er af heild. Í mars 2023 var heildarfjöldi skráðra fornleifa á Íslandi nálægt 37 þúsund og byggir það á ýmis konar skráningargögnum sem skilað hefur verið til Minjastofnunar Íslands á löngu tímabili og á mismunandi formi. Hvaða svæði hafa verið fornleifaskráð hefur í flestum tilvikum ráðist af áherslum í skipulagi og framkvæmdum sveitarfélaga og framkvæmdaaðila.

Friðlýsingum var mikið beitt á fyrri hluta 20. aldar og [friðlýstir minjastaðir á Íslandi eru 858 talsins](#). Ljúka þarf skráningu friðlýstra fornleifa til þess að hægt sé að meta ástand þeirra í heild, en talið er að einhverjar þeirra kunni að vera horfnar. Þörf er á að ljúka endurskoðun á friðlýsingaskrá með tilliti til ástands minjanna.

Til viðbótar teljast öll minningarmörk 100 ára og eldri til fornleifa, og eru friðuð.

Fornleifaskráning er grunnrannsókn á fornleifum.

Friðlýstir minjastaðir á Íslandi eru 858 talsins.



Breiðavíkurverstöð - friðlýstar minjar á leið í sjó fram. Mynd: MÍ.

Staða gagna eru þó betri varðandi heildarfjöldi **húsa** á Íslandi sem falla undir lög nr. 80/2013 um menningarminjar:

- Friðlýst hús og mannvirki eru 557 talsins.
- Aldursfriðuð hús, sem bera fastanúmer, eru 4124 talsins.
- Umsagnarskyld hús, þ.e. hús byggð á árabílinu 1924 til 1940, eru 8935 talsins.

Samtals eru þetta um 13.000 hús sem falla undir lög nr. 80/2013 um menningarminjar. Óvissa er þó um fjölda aldursfriðaðra og umsagnarskyldra **mannvirkja**, þ.e. annarra en húsa, þar sem þau bera ekki fastanúmer.

Húsaskráning er grunnrannsókn vegna byggingararfs en hún hefur ekki farið fram á öllum aldursfriðuðum húsum. Skráningarhlutfall er þó hærra en í tilviki minja.

EKKI er til heildaryfirlit yfir ástand allra friðaðra eða friðlýstra húsa þar sem ástandsmat fer aðeins fram í tengslum við einstök afgreiðslumál. Reglubundið ástandsmat á friðlýstum minjastöðum í náttúru landsins er ekki framkvæmt, líkt er [gert er í tilviki friðlýstra náttúruverndarsvæða](#). Minjastaðir eru heldur ekki vaktaðir á sama hátt og [friðlýst svæði sem búa við álag vegna umferðar ferðamanna](#). Í [skýrslu](#) sem kom út á vegum Vísinda- og tækniráðs árið 2017 kom fram að regluleg eftirfylgni með ástandi fornleifa, minningarmarka og friðlýstra húsa teljist til vöktunar. Henni sé þó lítið sinnt, og í skýrslunni kom fram að ástæðan tengdist því hve mikill tími starfsfólks Minjastofnunar Íslands fari í að bregðast við ýmsum málum, svo sem að veita umsagnir vegna skipulagsáætlana.

Friðlýst hús eru 557 talsins.

Um 13.000 hús falla nú undir lög um menningarminjar, en séu mannvirki önnur en hús talin með er talan mun hærri og fjöldi þeirra ekki þekktur.



Skjaldbreið við Kálfatjörn og Kálfatjarnarkirkja á Vatnsleysuströnd.
Mynd: Birgir Þórarinnsson.

5. Viðfangsefnið minjavernd

5.1 Minjavernd á Íslandi

Starfshópurinn leitaði til Minjastofnunar Íslands til að fá upplýsingar um ýmis atriði er varða minjavörslu, rannsóknir og fyrirkomulag minjaverndar hér á landi. Samantektin í kafla 5 og undirköflum hans byggir í meginatriðum á svörum Minjastofnunar Íslands.

Saga mannvistar á Íslandi er stutt miðað við önnur lönd og aðeins eitt menningarstig fyrir iðnbyltingu. Búskaparhættir breyttust lítið í margar aldir. Grunnþekking er til staðar á mynstrum fornleifa á Íslandi. Eðli íslenskra fornminja gerir það að verkum að viðfangsefnið minjavernd ætti að reynast viðráðanlegra en víða annars staðar.

Minjavernd felur vissulega í sér að vernda stök hús og jarðfastar fornminjar, en í ríkari mæli snýr minjavernd að minjaheildum og ummerkjum mannsins í umhverfinu í viðum skilningi. Minjavernd felur einnig í sér að varðveita minjar á söfnum og að tryggja að þeir sem rannsaka eða lagfæra minjar séu hæfir til slíks. Enn annar þáttur minjaverndar er að styðja við rannsóknir sem tryggja vernd minja og beinast að upplýsingasöfnun um minjarnar og greiningu þeirra. Það er gert með fjárveitingum úr sjóðum, svo sem Fornminja- og Húsafríðunarsjóði, sem Minjastofnun Íslands hefur umsjón með, en einnig í gegnum framlag úr ýmsum sjóðum, s.s. vísindasjóðum. Loks má nefna rannsóknir á skráningar á vegum stofnana, t.d. safna og háskóla.

Minjavernd felst jafnframt í að veita hagsmunaaðilum ráðgjöf og leiðbeiningar um hvernig halda eigi við minjum og tryggja varðveislu gagna úr rannsóknum á söfnum, svo sem skráningargögn, teikningar, uppmælingar, dagbækur, gripir og sýni sem tekin eru.

Minjastofnun Íslands fær árleg fjárframlög frá ríkinu, en rannsóknir og fornleifaskráning fara fram á vegum einkaaðila sem starfa í faginu. Skv. lögum ber þeim sem ber ábyrgð á gerð skipulagsáætlunar að standa straum af kostnaði við fornleifaskráningu og eftir atvikum framkvæmdarannsókn sem fara þarf fram. Þeir sem standa fyrir framkvæmdum geta verið allt frá einyrkjum, fámennum sveitarfélögum, til stórra sveitarfélaga, stórfyrirtækja eða jafnvel ríkisaðila.

5.1.1 Lagaumhverfi

[Lög um menningarminjar nr. 80/2012](#) er meginlöggjöf málaflokksins. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Í lögnum eru hlutverk Minjastofnunar Íslands, fornminjanefndar, húsafríðunarnefndar og minjaráða skilgreind.

Eftirfarandi reglugerður og reglur eru settar á grundvelli laga nr. 80/2012:

- [Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019](#)

- [Reglur um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér nr. 621/2019](#)
- [Úthlutunarreglur fornminjasjóðs nr. 1245/2022](#)
- [Reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016](#)
- [Reglugerð um minjasvæði og minjaráð nr. 344/2022](#)

Fyrir liggur að ráðist verður í heildarendurskoðun laga um menningarminjar á næstu misserum.

Lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 er ætlað að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi og sem ástæða er að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis. Reglugerð um verndarsvæði í byggð nr. 575/2016 er sett á grundvelli þeirra.

Lög um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011 eiga að tryggja að skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólögætum hætti.

Önnur lög sem varða málaflokka menningarminja eru:

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021
- Lög um mannvirki nr. 160/2010
- Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011
- Safnalög nr. 141/2011
- Lög um kirkjugarða nr. 36/1993
- Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007
- Lög um Þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004
- Lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004

Einnig er stjórnýsla minjaverndar bundin af almennri löggjöf, t.d.:

- Upplýsingalög nr. 140/2012
- Stjórnýslulög nr. 37/1993

5.1.2 Skipulagsmál

Meginhluti menningarminja á Íslandi er í byggð þar sem landnotkun er breytingum háð og endurspeglast breytingarnar í skipulagsáætlunum.

Viðbragð vegna breytinga á skipulagi, ekki síst í þéttbýli, eru veigamikill þáttur í minjavernd. Síðastliðinn áratug hefur orðið veruleg aukning í málum sem Minjastofnun Íslands hefur brugðist við og tengjast skipulagsáætlunum og umhverfismati. Ætlað er að fjöldi slíkra mála hafi tvöfaldast á tímabilinu. Afgreiðslumál vegna skipulagsmála útheimta stærstan tíma minjavörslunnar á Íslandi.


Við gerð aðalskipulags skal leita umsagnar hjá Minjastofnun Íslands um menningarminjar á viðkomandi skipulagssvæði. Á aðalskipulagsstigi er almennt ekki unnin heildstæð fornleifaskráning en þó er gerð krafa um skráningu á

svæðum þar sem fyrirsjáanlegar eru framkvæmdir á skipulagstímanum eins og t.d. vegagerð. Alla jafna er umsagna Minjastofnunar Íslands eingöngu leitað í tengslum við gerð deiliskipulags og getur stofnunin sett ýmis skilyrði í tengslum við framkvæmdir. Fornleifaskrá þarf svæði í tengslum við nýtt deiliskipulag.

Samfara aukningu í fjölda mála sem tengjast skipulagi hefur orðið aukning í málum á hendur Minjastofnunar Íslands vegna stjórnsýsluákvæðana. Slík mál geta m.a. tengst friðlýsingum eða stjórnsýsluákvörðunum sem leiða af sér tafir á framkvæmdum. Í 53. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar eru ákvæði um skaðabætur.

5.1.3 Lögbundnar fagnefndir og fagráð

Fornminjanefnd og Húsafriðunarnefnd, sjá mynd 1, starfa samkvæmt 8. gr og 9. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar og skipar ráðherra þær til fjögurra ára í senn.



Húsafriðunarnefnd

- Ráðgjafandi nefnd sem vinnu að stefnumörkun um verndun byggingararfs ásamt Minjastofnun Íslands.
- Fjallar um tillögur Minjastofnunar um friðlýsingu húsa og mannvirkja, afnám friðlýsingar, breytingar á friðlýstum húsum og mannvirkjum eða förgun þeirra skv. ákvæðum laga.
- Hún setur húsafriðunarsjóði úthlutunarreglur og veitir umsögn um styrkumsóknir í sjóðinn.

Fornleifanefnd

- Ráðgefandi nefnd sem vinnur að stefnumörkun um verndun og rannsóknir fornleifa ásamt Minjastofnun.
- Fjallar um tillögur Minjastofnunar um friðlýsingu fornleifa, afnám friðlýsingar, breytingar á friðlýstum húsum og mannvirkjum eða förgun þeirra skv. ákvæðum laga.
- Hún setur fornminjasjóði úthlutunarreglur og veitir umsögn um styrkumsóknir í sjóðinn.

Mynd 1: Lögbundnar fagnefndir á sviði minjaverndar.

Fornminjasjóður og Húsafriðunarsjóður eru í lögbundinni umsýslu Minjastofnunar Íslands sem jafnframt úthlutar styrkjum að fengnum umsögnum fagnefndanna.

- Fornminjasjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu, rannsóknum og miðlun upplýsinga um fornminjar.
- Húsafriðunarsjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Minjastofnun Íslands annast ráðgjöf og eftirlit vegna verkefna sem hljóta styrki úr sjóðunum.

Nánar er fjallað um sjóðina og þróun þeirra í 13. og 14. kafla.

5.1.4 Fagfélög

Eftirfarandi fagfélög eiga, eftir atvikum, fulltrúa í hinum lögbundnu fagnefndum:

- [Arkitektafélag Íslands](#)
- [Félag fornleifafræðinga](#)
- [Félag norrænna forvarða á Íslandi](#)

5.1.5 Ýmsir aðilar sem koma að vernd menningararfs og rannsóknum á minjum

Hafa ber í huga að varðveisla menningarminja eins og hún er á forræði Minjastofnunar Íslands er aðeins lítill hluti af menningararfsvörslu í landinu. Málafni sem snúa að varðveislu menningararfs heyrja einnig undir önnur ráðuneyti og koma margar stofnanir að verndun hans, sjá mynd 2. T.a.m. eru höfuðsöfnin þrjú, Safnaráð og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stofnanir menningar- og viðskiptaráðuneytis. Að auki sinna fjölbreyttar stofnanir, sjálfseignastofnanir o.fl. víða um landið varðveislu og miðlun menningararfs.

- Í þessu sambandi má sérstaklega nefna þátt sveitarfélaganna, sem mörg hver starfrækja byggðasöfn og önnur söfn sem Safnaráð hefur viðurkennt, sýningar og setur. Dæmi um byggðasöfn sem hefur m.a. stundað fornleifarannsóknir og haft umsjón með friðlýstum húsum er [Byggðasöfn Skagfirðinga](#).
- Einnig má nefna náttúrustofur á landsbyggðinni, og þar hefur [Náttúrustofa Vestfjarða](#) m.a. staðið fyrir fornleifarannsóknum.
- Reykjavíkurborg starfrækir [Borgarsögusöfn](#), sem safnar, skráir og varðveitir menningarminjar. Safnið stendur einnig fyrir fornleifarannsóknum.
- Fræðimenn við háskóla landsins, á ýmsum fræðasviðum, stunda rannsóknir á menningararfi og varðveislu hans, sem og sjálfstæðir fræðimenn.
- Háskóli Íslands starfrækir [námsbraut í fornleifafræði](#).
- Þá starfa einnig nokkur einkarekin fyrirtæki og sjálfseignarstofnanir á sviði fornleifarannsókna.

Minjastofnun Íslands hefur það hlutverk lögum samkvæmt að leiða vinnu við sameiginlega stefnumótun um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja. Þessari vinnu var lokið og skilað til ráðuneytisins árið 2020 en að stefnunni komu einnig stofnanir sem taldar eru upp í mynd 2.

<p>Þjóðminjasafn Íslands</p>	<ul style="list-style-type: none"> er höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu. Safnið annast söfnun, skrásetningu, varðveislu, rannsóknir og kynningu á menningarsögulegum minjum. Þjóðminjasafnið er byggða- og minjasöfnum til ráðgjafar, stuðlar að samvinnu og samræmdri stefnu ásamt því að varðveita gripi sem finnast og gögn sem verða til við fornleifarannsóknir. Þá hefur safnið umsjón með húsasafni ríkisins og varðveislu þess.
<p>Þjóðskjalasafn Íslands</p>	<ul style="list-style-type: none"> er stærsta safn frumheimilda í sögu þjóðarinnar og þróun byggðar og mannlífs í landinu og þar af leiðandi sá grunnur sem rannsóknir, stjórnsýsla og mannréttindi hér á landi byggja á. Lögbundið hlutverk safnsins fellur undir þrjú megin svið, þ.e. 1) skjalavörslu (varðveislu og forvörslu), 2) aðgengi, þjónustu og rannsóknir og 3) fræðslu og miðlun.
<p>Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum</p>	<ul style="list-style-type: none"> er háskólastofnun með sjálfstæðan fjárhag. Hlutverk stofnunarinnar er að vinna að rannsóknum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, miðla þekkingu og varðveita og efla þau söfn sem stofnuninni eru falin eða á. Stofnunin varðveitir handritaarf Íslendinga og fer með málefni menningarerfða og örnefnaskrá.
<p>Kvikmyndasafn Íslands</p>	<ul style="list-style-type: none"> Meginhlutverk safnsins er að safna, skrásetja og varðveita íslenskar kvikmyndir. Einnig skal safnið hafa eftirlit með skilum kvikmyndaefnis og standa fyrir sýningum á á innlendri og erlendri kvikmyndalist. Þá skal safnið einnig sjá um viðhald og endurgerð á kvikmyndum safnsins og skapa sérfræðingum aðstöðu til kvikmyndafræðilegra rannsókna.
<p>Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn</p>	<ul style="list-style-type: none"> Safnar öllum íslenskum gögnum, varðveitir, skráir og flokkar. Safni sinnir þjónustu við kennslu og rannsóknastarfsemi Háskóla Íslands og heldur uppi bókasafns- og upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega, stjórnsýslu og rannsókna.
<p>Listasafn Íslands</p>	<ul style="list-style-type: none"> er eign íslenska ríkisins og er höfuðsafn á sviði myndlistar. Safnið skal einkum leitast við að safna íslenskri myndlist, vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á íslenskri myndlist.
<p>Náttúruminjasafn Íslands</p>	<ul style="list-style-type: none"> er eign íslenska ríkisins og höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Safnið er fræðslu- og vísindastofnun sem hefur miðlægt hlutverk við miðlun þekkingar og upplýsinga um náttúrufræði, sem og vera ráðgefandi öðrum söfnum sem sýsla með náttúruna. Safnið byggir starfsemi sína á rannsóknum og gagnaöflun á eigin vegum en í samstarfi við aðra, miðlun þekkingar og upplýsinga með útgáfu, ráðgjöf, fyrirlestur og sýningahaldi.
<p>Safnaráð</p>	<ul style="list-style-type: none"> er stjórnsýslunefnd og er meginhlutverk þess að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu, vinna að stefnumörkun um safnastarf, fjalla um stofnskrár og viðurkenningar safna ásamt því að veita umsagnir um styrkumsóknir í safnasjóð.

Mynd 2: Stofnanir sem koma að menningararfvörslu, utan Minjastofnunar.

5.1.6 Frjáls félagasamtök og einkaaðilar á sviði minjaverndar

Mikill fjöldi félagasamtaka og einkaaðila, sjá mynd 3, vinna ötullega að varðveislu og miðlun menningararfs. Starfsemi félaganna er ólík sem og þau verkefni sem þau láta sig varða. Félögin standa oft fyrir fræðslustarfi, m.a. í formi málþinga. Hér eru örfá dæmi.

Fornleifastofnun Íslands ses.	Torfusamtökin / Minjavernd hf.	Fornminjafélag Súgfirðinga / Áhugafólk um fornleifar á Vestfjörðum
Hið þingeyska fornleifafélag	Fótspor – félag um sögu og minjar í Skaftárhreppi	Vörðuvinafélagið
Oddafélagið á Rangárvöllum	Samtök um uppbyggingu Múlakots í Fljótshlíð	Áhugasamtök um örnefnasöfnun
Þjóðháttafélagið Handraðinn	Menningararfur Eyjafjarðarsveitar	Vesturbúðarfélagið
Sögu- og minjafélög á Vatnsleysuströnd og í Grindavík	Samtök um sögutengda ferðaþjónustu	Vítafélagið – félag um strandmenningu
Gafl – Félag um þingeyskan byggingararf	Arfur Akureyrar	Merkir menn - Suðurnesjabæ

Mynd 3: Mikill fjöldi frjálsra félagasamtaka á Íslandi láta sig varðveislu menningararfs varða. Hér eru fáein dæmi nefnd, en félögin eru mun fleiri.

5.2 Gæði og fagmennska í minjavernd

Minjastofnun Íslands er stjórnvöldum í [þrengri skilgreiningu hugtaksins opinber...stjórnsýsla](#) og getur sett stefnu um málaflokka og tekið stjórnvaldsákvæðanir. Stofnunin er, auk sérлага sem fjallað var um í kafla 5.1.1., bundin af almennri löggjöf og meginreglum um stjórnsýslu, s.s. lögmætisreglu, meðalhófsreglu og jafnræðisreglu. Af því leiðir að helstu tæki Minjastofnunar Íslands til að tryggja gæði og fagmennsku við verndun og rannsóknir minja er í gegnum þær leiðir sem sérstaklega eru skrifaðar inn í löggjöf um málaflokkinn, og er dæmi um það eru leyfisveitingar, umsagnir og eftirlit. Stofnunin getur frætt, gefið út tilmæli, sett almenn viðmið, skilgreint sýn og stefnu og lagt til aðgerðir til að bæta gæði og fagmennsku. Hennar meginmál hvað varðar gæðastýringu er framfylgd laga og reglugerða sem settar eru í samræmi við viðkomandi lög.

5.2.1 Stjórnsýsla

Ein þeirra lykilspurninga sem starfshópurinn sendi Minjastofnun Íslands var eftirfarandi: „Hvað þarf að vera til staðar þannig að tryggð sé viðunandi fagmennska og gæði við framkvæmd minjaverndar, þannig að skyldur þær sem lög um menningarminjar nr. 80/2012, reglugerðir, reglur og alþjóðlegar skuldbindingar, leggja á stjórnvöld séu uppfylltar?“ Í svari Minjastofnunar Íslands kom fram að til að tryggja gæði og fagmennsku við framkvæmd minjaverndar þyrfti að veita viðunandi fjármagni til málaflokksins. Fjárveitingar til stofnunarinnar voru bornar saman við fjárframlög til ríkisstofna á sviði náttúruverndar á árunum 2010-2020 og benti stofnunin á í svarinu að svo virtist sem umtalsvert meiri aukning hafi orðið í fjárveitingum til stofnana á sviði náttúruverndar og -rannsókna. Í svörum stofnunarinnar fylgdi þó ekki nánari útfærsla á því hvernig aukið fjárframlag myndi auka gæði og fagmennsku í minjavernd.

Síðasta stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á fornleifavernd var gefin út árið 2018 og náði hún aðeins til minjaflokks fornleifa. Ábendingarnar Ríkisendurskoðunar til þáverandi mennta- og menningarmálaráðuneytis² lutu að því að setja þyrfti reglugerðir þar sem þær vantaði, og yfirfara gildandi reglugerðir til að tryggja að framkvæmd á sviði fornleifaverndar eigi sér stoð í lögum. Nústaða máls er að þrjár reglur af þeim fjórum sem þetta átti við hafa verið uppfærðar frá útkomu skýrslunnar og ein reglugerð sett til viðbótar. Eftir stendur að skoða þarf áfram lögfræðileg álitamál sem tengjast uppfærðri reglugerð nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda. Þá var ráðuneytinu uppálagt að til bregðast með virkari hætti við erindum Minjastofnunar Íslands og rýna og bregðast við úttektum og ábendingum þeirra.

Þær leiðir sem talið er að tryggi best gæði og fagmennsku í vernd og rannsóknum minja verða að vera skrifaðar inn í löggjöf um málaflokkinn.

² Eftir útkomu skýrslunnar hefur málaflokkurinn flust á milli ráðuneyta en yfirfæra má ábendingar er varða ráðuneyti málaflokks menningarminja á milli ráðuneyta í samhengi þessarar skýrslu.

Brugðist hefur verið við öllum ábendingum Ríkisendurskoðunar sem beindust sérstaklega að Minjastofnun Íslands. Þær lutu að því að ljúka þyrfti heildarstefnumótun um verndun fornleifa í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar, í samstarfi og samráði við aðrar opinberar stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila. Í stefnunni komi fram tímasett markmið, ábyrgðaraðilar og hlutlægir mælikvarðar. Nústaða máls er að stefnan er útgefin, en tímasett markmið, ábyrgðaraðilar og hlutlægir mælikvarðar bíða innleiðingaráætlunar. Einnig var bent á að stofnunin þyrfti að tryggja að leyfishafar fornleifarannsókna skiluðu áfanga- og lokaskýrslum sinna rannsókna til Minjastofnunar Íslands, svo að tryggja mætti betur heildaryfirsýn. Sömuleiðis þyrfti að tryggja að leyfishafar skiluðu rannsóknargögnum og forngripum úr rannsóknum til Þjóðminjasafns Íslands. Loks þyrfti að samræma verklag og þágildandi reglur nr. 339/2013 um veitingu leyfa til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér, en uppfærðar reglur nr. 621/2019 hafa nú verið settar.

Loks beindi Ríkisendurskoðun því til Fornminjanefndar að endurskoða úthlutunarreglur fornminjasjóðs og móta sjóðnum markvissari úthlutunarstefnu. Þágildandi reglur voru álitnar of almennt orðaðar og skilgreina þyrfti með skýrari hætti vísinda- og fræðilegt hlutverk sjóðsins. Nústaða máls er að reglurnar voru uppfærðar haustið 2022. Í uppfærðum reglum kemur nú fram að umsóknir séu metnar með tilliti til vísindalegs og menningarsögulegs gildis og gildi þeirra fyrir varðveislu þjóðararfleifðarinnar. Einnig sé tekið mið af þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið í minjavernd sem og þriggja ára áhersluáætlun.

5.2.2 Leyfi til rannsókna

Önnur spurning sem starfshópurinn sendi Minjastofnun Íslands var eftirfarandi: „Hversu vel telur MÍ sig geta tryggt gæði þeirra fornleifarannsókna sem hún úthlutar leyfi til, og hvað væri hægt að gera til að tryggja gæðin enn betur?“ Í svari Minjastofnunar Íslands kom fram að til að stofnunin tryggi gæði fornleifarannsókna með útgáfu reglna um leyfi til fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér og með útgáfu ýmissa leiðbeiningarita um bestu starfsvenjur við fornleifarannsóknir. Hvort tveggja byggji á evrópskum hefðum og stöðlum. Stofnunin leitist við að tryggja gæði fornleifarannsókna með því að framfylgja þessum reglum og leiðbeiningum án þess þó að takmarka akademískt frelsi fornleifafræðinga. Einnig kom fram í svörum Minjastofnunar Íslands að til þess að tryggja gæði rannsókna enn betur mætti auka eftirlit á vettvangi svo hægt sé að fylgjast með því að gagnaöflun sé fullnægjandi, bæði á vettvangi og við úrvinnslu rannsókna. Í þessu sambandi benti stofnunin á aukna aðkomu sína að framvindu og ákvarðanatöku vegna stærri framkvæmdarannsókna. Þetta, hvort um sig, kalli á að ráða inn fleira starfsfólk.

Í [stefnu 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi](#) er sérstaklega vikið að gæðum og fagmennsku í samhengi rannsókna á fornleifum og byggingararfi. Fjallað er um mikilvægi þess að gæði rannsóknaspurninga, hvað varðar skýrleika þeirra og ávinning rannsóknarinnar. Helst er þó vikið að gæðum fornleifarannsókna sem vinna þarf með bestu fánlegu þekkingu og tæknigetu að leiðarljósi. Einnig þurfi að tryggja gæði rannsóknaraðferða, úrvinnslu, niðurstöður

og miðlun þeirra, einkum í tilviki framkvæmdarannsókna, sbr. aðgerð 2.B.2 í áðurnefndri stefnu. *Skýra þætti og ferla framkvæmdarannsókna og auka samtal um þær kröfur sem gerðar eru.*

Framkvæmdarannsóknir eru gerðar ef metin er þörf á því að rannsaka tilteknar minjar áður en landnotkun er breytt. Framkvæmdarannsóknir eru unnar að undirlagi framkvæmdaáðila sem fjármagnar rannsóknina, oft að undangengnu útboði. Bent hefur verið á að hallað hafi á gæði úrvinnslu gagna í sumum tilvikum og kunni það að skýrast af mikilli samkeppni um verk sem leitt hafi til vanfjármögnunar framkvæmdarannsókna. Í aðgerðinni er þannig lögð til ítarlegri skilgreining á verkþáttum og verkferlum fornleifarannsókna með það að markmiði að auka gæði og tryggja að einstakir verkþættir eins og úrvinnsla og gagnaskil sitji ekki eftir ófjármagnaðir.

5.2.3 Fornleifaskráning

Minjastofnun Íslands gaf árið 2013 úr sérstaka [Skráningarstaðla fornleifa](#). Í þeim kemur fram í inngangi að stofnunin geri kröfu um að farið sé eftir skráningarstöðlum stofnunarinnar svo fornleifaskráning í tengslum við skipulagsgerð teljist fullnægjandi.

5.2.4 Núverandi viðmið um lágmarksmenntun eða krafa um þekkingu

Eftirfarandi tafla sýnir viðmið um lágmarksmenntun í störfum sem tengjast vernd og rannsóknum menningarminja gilda.

Tafla 1: Viðmið um lágmarksmenntun/krafa um þekkingu í störfum sem tengjast vernd og rannsóknum menningarminja.

Hlutverk	Lágmarkskröfur um menntun eða þekkingu
Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands	Sbr. 12. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar „Skipaður skal maður með háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði stofnunarinnar.“
Starfsfólk Minjastofnunar Íslands og minjaverðir	Menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi.
Formenn fagnefnda	Viðmið ekki skilgreint, skipaðir af ráðherra án tilnefningar.
Formenn minjaráða	Minjaverðir veita minjaráðum forystu. Sjá viðmið vegna minjavarða.
Leyfishafar fornleifarannsókna	Háskólagráða í fornleifafræði, sbr. reglugerð nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.
Þau sem taka að sér skráningarverkefni	Gerð krafa um að fornleifaskráning/húsa- og mannvirkjaskráning sé unnin af fagaðilum sem búa yfir sérþekkingu og reynslu á sviði skráningar.

6. Fjármál

Í upphafi tímabilsins sem er til skoðunar var Minjastofnun Íslands stofnun forsætisráðuneytis. Hún fluttist síðan aftur til mennta- og menningarmálaráðuneytis, með forsetaúrskurði þann 1. nóvember árið 2017. Þann 1. febrúar árið 2022 færðist stofnunin, með forsetaúrskurði dagsettum degi áður, til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.


Í þessum hluta verða fjárframlög til málaflöksins rakin, að undanskildum menningarsjóðunum tveimur, en um þá er fjallað í köflum 13 og 14.

Fjallað verður um fjárheimildir til Minjastofnunar Íslands, önnur útgjöld, sérstök framlög stjórnvalda og loks verður reynt að varpa ljósi á fjármögnun og umfang leyfisskyldra fornleifarannsókna. Síðastnefnda atriðið er raunar ekki innan umfangs þessarar skýrslu en þó mikilvægt að leitast við að varpa ljósi á hve umfangsmikil atvinnugrein minjavernd og þar með talið leyfisskyldar fornleifarannsóknir á Íslandi er orðin.

Loks má nefna að sveitarfélögin og ýmsir opinberir aðilar hafa veitt umtalsverðu fjármagni, beinu og óbeinu, til minjaverndar, fornleifaskráningar og rannsókna, en það kemur ekki fram í eftirfarandi samantekt.

6.1 Þróun fjárheimilda Minjastofnunar Íslands

Stöplariði hér að neðan (mynd 4) sýnir þróun árlegra fjárheimilda Minjastofnunar Íslands síðastliðinn áratug.



Mynd 4: Þróun fjárheimilda Minjastofnunar Íslands árin 2013-2023. Taflan nær til árlegs framlags ríkissjóðs til rekstrar, og framlags til kaupa á tækjum og búnaði en það hefur verið árlegt frá og með árinu 2018. Hún nær einnig til annarra framlaga úr ríkissjóði. Fjárhæðir hafa ekki verið framreiknaðar.

Í upphafi tímabilsins sameinuðust Fornleifavernd ríkisins og Húsafríðunarnefnd ríkisins í eina stofnun, Minjastofnun Íslands, og taldist uppsafnaður kostnaður vegna sameiningar vera 61,1 m.kr. sem millifærður var til stofnunarinnar árið 2014.

Árið 2015 tóku gildi ný lög um verndarsvæði í byggð. Þannig varð aukning á verkefnum Minjastofnunar Íslands í tengslum við leiðsögn vegna tillagna sveitarfélaga um verndarsvæði og jukust fjárheimildir árið 2016 og áfram í takt við það.

Um fjórðungs aukning varð á árlegum fjárheimildum Minjastofnunar Íslands á milli árana 2021 og 2023.

Í fjármálaáætlun vegna 2023 – 2028, sjá töflu 2, er gert ráð fyrir 364 m.kr. í fjárheimildum til Minjastofnunar Íslands ár hvert miðað við að forsendur haldist óbreyttar.

Tafla 2: Fjármálaáætlun 2023-2028, 14-450 Minjastofnun Íslands. Tölur eru í milljónum kr.

	2023	2024	2025	2026	2027	2028
14-450 MINJASTOFNUN ÍSLANDS	364.0	364.0	364.0	364.0	364.0	364.0



Minjastaðurinn Kolkuós í Skagafirði. Ljósmyndun með flygildum (drónum) hefur opnað ný tækifæri í miðlun og skráningu minja. Mynd: MÍ.

6.2 Önnur framlög og styrkir stjórnvalda til verkefna á sviði minjaverndar sem veitt hefur verið um Minjastofnun Íslands eða fagsjóðina.

Stjórnvöld hafa veitt tæplega 750 m.kr. til sértækra verkefna sem hafa verið hluti af fjárfestingaráttökum, en einnig hefur verið tekin ákvörðun um fjárframlag til tiltekinna verkefna af hálfu ríkisstjórnar eða fjárlaganefndar. Í einhverjum tilvikum er tiltekið fjárframlag ákveðið, sem bíður síðan umfjöllun fagnefnda áður en fjármagninu er deilt út um fagsjóðina á grundvelli umsókna. En oftast er ekki liggur ákvörðun um verkefni þegar fyrir og fjármagninu svo veitt um sjóðina eða stofnunina. Í töflu 3 er yfirlit yfir þessi verkefni/framlög sem hefur verið veitt um Minjastofnun Íslands, Húsafriðunarsjóð og Fornminjasjóð sl. áratug.

Undir verkefni/framlögin hafa fallið bráðaaðgerðir, verndaraðgerðir, fornleifaskráning, húsakannanir, verndaráætlanir, greiningar á menningarminjum og menningarlandslagi, miðlun, fræðsla og aukið aðgengi almennings að minjum. Hér eru leyfisskyldar fornleifarannsóknir undanskildar en fjallað er um þær í undirkafla 6.4.

Verkefni eru ekki hluti af lögbundnum áætlunum eða sjóðum stjórnvalda, en fjallað er um slík verkefni í kafla 6.3.

Tafla 3: Fjármögnun stjórnvalda á sértækum verkefnum á sviði minjaverndar og rannsókna á árunum 2013-2022. Fjármagninu var veitt um (a) Húsafriðunarsjóð, (b) Fornminjasjóð eða (c) Minjastofnun Íslands. Undanskildar eru stakar fjárveitingar í tengslum við kostnað við stofnasameiningu árið 2013 og ýmsar millifærslur í tengslum við rekstur og tæki/búnaður. Tölur eru í m.kr.

	Verkefni	Ár	Fjárhæð
(a)	Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar í tengslum við heimsfaraldur Covid-19 – framlag til atvinnuskapandi verkefna	2020	100.0
(a)	Sérstakt framlag ríkisstjórnarinnar vegna hamfaranna á Seyðisfirði árið 2020. Framlagið snýr að flutningi og að hluta til enduruppbyggingu tveggja friðaðra húsa innan hættusvæðis	2023	190.0
(b)	Tímabundið framlag til minja í hættu af völdum náttúruvár	2022-2023	60.0
(b)	Eins skiptis framlag til Oddarannsóknar	2022	10.0
(b)	Eins skiptis framlag til rannsókna í Arnarfirði	2023	2.5
(b)	Tímabundið framlag	2023	35.0
(c)	Millifært frá forsætisráðuneyti vegna styrkveitinga til atvinnuskapandi minjaverndarverkefna. Fór beint til 3. aðila.	2013	205.0

(c)	Kvennaskólinn á Blönduósi vegna styrkveitingar samkvæmt ákvörðun fjárlaganefndar	2015, 2016 og 2018	65.0
(c)	Grímshús í Borgarbyggð vegna styrkveitingar skv. ákvörðun fjárlaganefndar	2016	7.0
(c)	Skráning menningarminja á Reykjanesi vegna náttúruvár – átaksverkefni	2021	54.5
(c)	Framlag til verkefnis: Brunavarnir í eldri kirkjuhúsum	2022	20.0
Samtals			749.0

6.3 Fjármagn til verkefna á sviði minjaverndar í gegnum lögbundnar áætlanir/sjóði stjórnvalda

Frá árinu 2013 hafa stjórnvöld veitt a.m.k. 896 m.kr. til sértækra verkefna á sviði minjaverndar í gegnum, tilteknar áætlanir stjórnvalda eða sjóði á þeirra vegum.

Styrkirnir hafa runnið til ýmissa aðila, eða verið veitt um Minjastofnun Íslands eða Húsafriðunarsjóð, sjá töflu 4 og 5.

Nánari upplýsingar um verkefni í töflum 4 og 5 er að finna í viðauka 15.4 og 15.5.

Um er að ræða ýmsa aðila sem þegið hafa slíka fjármögnun, s.s. sjálfseignarstofnanir, sveitarfélög, náttúrustofur, háskóla, rannsóknarsetur, hollvinafélög, fyrirtæki og einstaklinga. Einnig er um að ræða opinberar stofnanir og ber þar hæst Umhverfisstofnun og Þingvallabjórðgarð.

Verkefni eru flest í tengslum við innviðaupbyggingu, sjá viðauka 15.5 og 15.6 eða áform um nýtingu jarðvarma eða fallvatns, sjá viðauka 15.7. Rammaáætlun hefur styrkt 10 verkefni í tengslum við vinnu faghóps 1 í 3. og 4. áfanga áætlunarinnar.

Undir skilgreininguna minjavernd falla hér öll þau verkefni sem lúta að vernd minja og viðhaldi handverks, og sem eru ekki beinlínis leyfisskyldar fornleifarannsóknir á jarðföstum minjum. Dæmi um handverk er endurhleðsla á aldursfriðuðum laugum.

Ekki voru talin með verkefni á sviði safna (inni/úti), sýninga og sögustaða, s.s. tengda Íslendingasögum eða stórsögu landsins. Verkefni tengd skipulagsvinnu á ferðamannastöðum eru ennfremur undanskilin. Fornleifaskráning er hluti af lögbundnu ferli deiliskipulags en hún er misjafnlega umfangsmikil eftir eðli staðarins. Gera má ráð fyrir því að hluta styrkja vegna deiliskipulags á áfangastöðum ferðamanna í náttúru landsins hafi verið ráðstafað til fornleifaskráningar á viðkomandi stað en sundurliðun slíkra styrkja liggur ekki fyrir. Heildarfjárhæð þess gæti hugsanlega legið á bilinu 20-50 m.kr.

Tafla 4: Minjastofnun. Fjármögnun stjórnvalda á sértækum verkefnum á sviði minjaverndar á árunum 2013-2022, í gegnum áætlanir á vegum stjórnvalda eða samkeppnissjóði. Verkefni voru flest unnin að frumkvæði stofnunarinnar og hafði hún umsjón með þeim öllum, þó svo að aðrir hafi séð um endanlega framkvæmd þeirra.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	21.300.000	15.000.000	109.000.000	5.571.752	0	0	0	0	0	0	0	150.871.752
Landsáætlun um innviði	0	0	0	0	0	39.100.000	83.675.000	17.900.000	13.135.000	65.140.000	30.235.000	249.185.000
Byggðaáætlun – B.10/B.16 Nýting menningarminja.	0	0	0	0	0	0	0	0	16.500.000	2.500.000	2.500.000	21.500.000
Rammaáætlun 4. áfangi.	0	0	0	0	0	0	0	0	2.500.000	0	0	2.500.000
Samtals	21.300.000	15.000.000	109.000.000	5.571.752	0	39.100.000	83.675.000	17.900.000	32.135.000	67.640.000	32.735.000	424.056.752

Tafla 5: Ýmsir aðilar. Fjármögnun stjórnvalda á sértækum verkefnum á sviði minjaverndar á árunum 2013-2023 sem veitt var til ýmissa aðila en fóru ekki um Minjastofnun. Ekki liggur fyrir hvaða aðilar áttu frumkvæði að verkefnum og sum þeirra kunna að hafa verið unnin í samstarfi við Minjastofnun eða einstaka minjaverði.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	41.625.000	0	15.980.500	0	9.400.000	6.519.500	37.781.542	3.900.000	59.155.000	48.885.000	72.440.000	295.686.542
Landsáætlun um innviði	0	0	0	0	0	0	10.000.000	0	1.000.000	46.641.800	26.435.100	84.076.900
Rammaáætlun, 3. og 4. áfangi, 10 verkefni.	0	0	0	19.740.000	0	0	6.417.600	1.200.000	2.500.000	0	0	29.857.600
Sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar í vegna Covid-19 ³	0	0	0	0	0	0	0	62.500.000	0	0	0	62.500.000
Samtals	41.625.000	0	15.980.500	19.740.000	9.400.000	6.519.500	54.199.142	67.600.000	62.655.000	95.526.800	98.875.100	472.121.042

³ Árið 2020 var 62,5 m.kr. veitt í verkefni innan Þingvallapjóðgarðs í tengslum við fjárfestingaráttakið. Verkefnið sneri að innviðauppbyggingu og miðlun friðlýstra menningarminja. Um var að ræða svonefnda Búðaslóð í sunnanverðri Þinghelgi, sem er fljótandi stígur meðfram Öxará þar sem rústir Þingbúða hafa verið gerðar aðgengilegar og tilgátu um upprunalegt útlit þeirra miðlað í gegnum smáforrit.

6.4 Fjármagn til leyfisskyldra fornleifarannsókna á árunum 2013-2022

Fornleifarannsókn sem hefur í för með sér jarðrask er ef til vill sýnilegasti hluti minjaverndar og rannsókna. Slíkar rannsóknir eru leyfisskyldar og þurfa umsækjendur að gera áætlun um heildarkostnað rannsóknarinnar. Fjöldi umsókna og upphæð áætlaðs kostnaðar gefur því nokkra hugmynd um umfang fornleifarannsókna á Íslandi, en hafa verður í huga að þessar tölur ná ekki yfir þær rannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar (t.d. fornleifaskráningu og hverskyns rannsóknir sem ekki hafa jarðrask í för með sér) og að áætlanir um kostnað eru að mörgu leyti óábyggilegar.

Heildarfjöldi umsókna um leyfi til fornleifarannsókna á árabílinu 2013-2022 var 508. Leyfi voru veitt til 499 rannsókna, en 9 umsóknum var synjað eða 1,8 %. Rétt er að taka fram að í tölunni 508 eru rannsóknir sem ná yfir fleiri en eitt ár. Þær eru ekki skráðar sem ein rannsókn, en skylt er að sækja um leyfi fyrir hvert rannsóknarár. Raunverulegur fjöldi leyfisskyldra fornleifarannsókna er því lægri.

Tafla 6: Samanlögð fjárhæð áætlaðs kostnaðar við leyfisskyldar fornleifarannsóknir samkvæmt umsóknum um rannsóknarleyfi 2013-2022.

<i>Tegund leyfisskyldra fornleifarannsókna</i>	<i>Hlutfall (%) af fjölda umsókna þar sem upplýsingar um kostnað voru gefnar upp</i>	<i>Fjárhæð 2013-2022</i>
<i>Framkvæmdarannsóknir</i>	72%	559.397.284
<i>Vísindarannsóknir</i>	92%	1.084.248.980
<i>Björgunarrannsóknir</i>	77%	42.127.073
	<i>Samtals</i>	1.685.773.337

Vísindarannsókn er rannsókn þar sem uppgrftarstaður er valinn til að svara vísindalegri spurningu. Framkvæmdarannsókn er rannsókn þar sem ákveðið hefur verið að grafa upp fornleifar sem þurfa að víkja vegna framkvæmda, og björgunarrannsókn þar sem rannsaka þarf fornleifar sem eru í hættu vegna ágangs náttúrunnar eða hafa komið óvænt upp vegna jarðrasks.

Varasamt er að draga of miklar ályktanir af þeim tölum sem birtast í töflu 6 þar sem óvissa um fjárhæðir er mikil. Hlutfall umsókna þar sem kostnaðaráætlun fylgir ekki er allhátt í flokkum björgunar- og framkvæmdarannsókna (23-28%) og kom fram hjá starfsfólki Minjastofnunar Íslands að þetta skýrist að hluta til af því að umsækjendur beri við trúnaði við verkkaupa. Líklegt er að þetta eigi einkum við stærstu verkefni þar sem kostnaður hleypur á tugum og jafnvel hundruðum milljóna. Má af því ætla að kostnaður við björgunar- og framkvæmdarannsóknir séu í raun miklu hærri. Á hinn bóginn er ástæða til að ætla að kostnaður við vísindarannsóknir sé ofáætlaður. Þær áætlanir eru yfirleitt sóttar beint í umsóknir um styrki þar sem hvatar eru frekar til að hafa áætlanir rúmar.

7. Minjastofnun Íslands – hlutverk og helstu verkefni

Minjastofnun Íslands varð til árið 2013 með sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar ríkisins. Með sameiningunni urðu Fornminjanefnd og Húsafriðunarnefnd að ráðgjafarnefndum Minjastofnunar og snýr ráðgjöfin að friðlýstum minjum og umsögnum um styrkumsóknir í báðum tilfellum.

Í svörum frá Minjastofnun Íslands um helstu hlutverk stofnunarinnar kom fram að Minjastofnun Íslands er stjórnáslustofnun sem sinnir m.a. stefnumótun, samhæfingu og eftirliti á málefna sviðum sem undir þær heyra, auk þess að taka stjórnvaldsákvæðanir, en það eru þær ákvæðanir sem varða réttindi og skyldur borgara samkvæmt lögum. Í slíkum verkefnum hefur starfsemi Minjastofnunar Íslands fyrst og fremst falist undanfarin tíu ár, og Fornleifaverndar ríkisins og Húsafriðunarnefndar árin tíu þar á undan. Minjastofnun Íslands er eina stofnunin sem hefur þetta hlutverk hérlendis. Hún samþykkir eða synjar leyfisumsóknum að lokinni málsmeðferð sem hún byggir niðurstöður sínar á. Hún er eftirlitsstofnun með viðgerðum á byggingararfi (mannvirkjum) og fornleifarannsóknnum og tekur ákvarðanir um nauðsynlegar rannsóknir og veitir leyfi fyrir vísindarannsóknnum og breytingum á friðuðum og friðlýstum byggingararfi. Stofnuninni ber að sjá til þess að gögnum úr fornleifarannsóknnum sé skilað til Þjóðminjasafns Íslands.

Minjastofnun Íslands hefur það lögbundna hlutverk að vinna og gera tillögu að stefnu um verndun og varðveislu menningarminja á Íslandi. Stofnuninni ber einnig að vinna stefnu með ráðgjafarnefndum sínum um fornminja- og húsvernd. Þessari stefnugerð er lokið.

Auk þess hefur hún tiltekið hlutverk samkvæmt ákvæðum laga um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 og leiðbeinir sveitarfélögum um gerð tillagna. Þörf er á að skýra og formgera hlutverk stofnunarinnar betur hvað það varðar og fella inn í löggjöf.

Í [ársskýrslum sem stofnunin hefur gefið út frá árinu 2013](#) má skoða helstu verkefni stofnunarinnar frá ári til árs.

Áhersluverkefni og árangursmælikvarðar stofnunarinnar hafa m.a. komið fram í stefnu Minjastofnunar Íslands 2018-2020, þriggja ára stefnumótun ríkisaðila, og í annarri markmiðasetningu í tengslum við lög um opinber fjármál. Sjá nánar í kafla 8 um stefnumörkun.

Úr lögum nr. 80/2012:

Minjastofnun Íslands er stjórnáslustofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Hlutverk stofnunarinnar skv. 11. gr. laga um menningarminjar er að:

- a. hafa eftirlit með fornleifum í landinu og friðuðum húsum og mannvirkjum,
- b. vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa og byggingararfs ásamt fagnefndum,
- c. setja reglur um og hafa yfirumsjón með skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja,
- d. halda heildarskrár um allar friðaðar og friðlýstar fornleifar, friðlýsta legsteina og minningarmörk og friðuð og friðlýst hús og mannvirki,
- e. gera tillögur til ráðherra um friðlýsingu og afnám hennar,
- f. ákveða skyndifriðun menningarminja ef þörf krefur,
- g. setja reglur og skilyrði um rannsóknir fornleifa sem hafa jarðrask í för með sér og hafa eftirlit með öllum fornleifarannsóknnum í landinu,
- h. fjalla um og veita leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsóknna sem hafa jarðrask í för með sér,
- i. framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, svo sem neyðarrannsóknir, vettvangskannanir til að staðfesta umfang og eðli minja og aðrar skyndirannsóknir,
- j. hafa eftirlit með og annast leyfisveitingar vegna flutnings menningarminja til annarra landa,
- k. úthluta úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda og annast umsýslu þeirra,
- l. hafa eftirlit með framvindu verkefna sem fá styrk úr sjóðunum,
- m. ákveða aðra ráðstöfun fjár úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði í samráði við húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd,
- n. annast framkvæmd laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa,
- o. setja á fót minjaráð á hverju minjasvæði og bera ábyrgð á starfsemi þeirra,
- p. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun ráðherra.

8. Stefnumörkun sem unnið hefur verið eftir

Í þessum kafla verður sagt frá gildandi stefnum, bæði í tengslum við fjármálaáætlun og fagstefnur, og áhersla lögð á framtíðarsýn og meginmarkmið þeirra. Einnig er sagt stuttlega frá öðrum stefnum sem hafa áhrif á minjavernd með beinum hætti.

8.1 Stefnumörkun og áætlanagerð í tengslum við lög um opinber fjármál

8.1.1 Fjárlög

Í fjárlagariti hvers árs eru sett fram markmið og helstu verkefni þeim tengd. Mælikvarðar markmiðanna eru settir fram í fjármálaáætlun til fimm ára. Markmiðin eru endurskoðuð árlega í takt við áherslur og stöðu. Í fjárlagariti ársins 2023 koma fram eftirfarandi verkefni vegna menningarminja (sjá 18.20 menningarstofnanir og 18.30 menningarsjóðir):

- Efla fornleifaskráningu í landinu.
- Fornminjasjóður: Efla skráningu og rannsóknir fornminja vegna náttúruvár.
- Efla tækniinnviði, upplýsingaveitur og miðlun gagna á sviði fornleifaskráningar, þ.m.t. gagnagrunn um fornleifar.
- Skrá fornleifar á svæðum sem eru utan skráningarskyldra svæða sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar.
- Skilgreina forgangssvæði og skrá fornleifar innan þeirra.
- Skrá fornleifar á þjóðlendum og friðlýstum svæðum.

8.1.2 Fjármálaáætlun

Í [fylgiriti fjármálaáætlunar 2023-2027](#) kemur fram meginmarkmið vegna menningarstofnana, en Minjastofnun Íslands tilheyrir þeim málaflokki (18.20) í áætluninni (bls. 327): *Verndun menningararfs þjóðarinnar með markvissari hætti. Til að ná þeim markmiðum þarf að efla gagnagrunna, upplýsingaveitur og miðlun gagna um skráðar minjar ásamt því að styrkja stjórnsýslu.*

Í [fjármálaáætlun 2024-2028](#) kemur einnig fram nógildandi árangursmælikvarði vegna minjaverndar (bls. 290) og hefur sami mælikvarði verið notaður um nokkurra ára skeið en þó uppfærður ár hvert og hækkaði síðast um 2% milli ára:

Markmið	HM	Mælikvarðar	Staða 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2028
Vernda menningararf þjóðarinnar með markvissari hætti.	11.4	Hlutfall skráðra fornleifa á Íslandi	37%	42%	52%

8.1.3 Þriggja ára stefnumótun ríkisaðila – Minjastofnun Íslands

Um er að ræða stefnumörkun sem er hluti af framkvæmd laga um opinber fjármál. Í henni eru skilgreind nokkur markmið, aðgerðir og mælikvarðar og gögn til grundvallar árangursmælingu. Í **sniðmáti** kemur fram að við mótun markmiða skuli leitast við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum fyrir almenning, frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng ríkisaðila. Markmiðin eiga einnig, samkvæmt leiðbeiningum um stefnumörkunina, að vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Áhersla í þriggja ára stefnumótun Minjastofnunar Íslands í þeim liðum sem snúa að kjarnastarfsemi hefur einkum verið á fornleifaskráningu og eru flest markmið henni tengd. Einnig eru þar markmið sem lúta að stjórnsýslu- og eftirlitshlutverki stofnunarinnar. Ekki eru þar skilgreind markmið sem snúa að byggingararfi eða menningarlagslagi. Einnig eru ekki skilgreind markmið sem sérstaklega ávarpa almenning eða samfélagslegan ávinning, né minjaflokka í hættu.

Tafla 7: Markmið Minjastofnunar Íslands fyrir 2023-2025 í tengslum við þriggja ára stefnumótun ríkisaðila - kjarnastarfsemi.

Markmið	Eðli mælikvarða
A1 Efla skil skráningargagna, gagnagrunn, upplýsingaveitu og miðlun gagna um skráðar minjar	Lýtur að skilum á skráningargögnum til MÍ, birtingu þeirra á vefsíðu MÍ, sem og aðgengi að eldri skýrslum á vefsíðu.
A2 Að ljúka skráningu friðlýstra minjastaða	Skráning/uppmæling, endurskoðun friðlýsingaskrár og þinglýsingar friðlýstra minja.
A3 Kortlagning menningarminja á landsvísu. Fyrsti áfangi.	Rýni korta m.t.t. örnefna sem benda til minja
A4 Að auka skil fornleifafræðinga á skýrslum, gripum og gögnum úr fornleifarannsóknnum til Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands.	Heimtur á skýrslum úr eldri rannsóknnum, skil gripa, skýrslna, frumgagna og stafrænna gagna til Þjóðminjasafns, þar sem við á.
A5 Að ráðast í markvissar verndaraðgerðir á friðlýstum minjastöðum (friðlýstir minjastaðir eru 858 talsins á landinu öllu).	Mat á þörf og forgangsröðun, verk- og viðhaldsáætlanir sbr. 21 gr.
A6 Að bæta upplýsingagjöf til hagsmunaaðila og almennings um framkvæmd stjórnsýslu á sviði minjaverndar með útgáfu leiðbeiningarita.	Fjöldi útgefna leiðbeiningarita

8.2 Fagstefnur

Hér verður stuttlega getið um helstu fagstefnur sem settar hafa verið fram síðastliðinn áratug.

8.2.1 Stefna um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingarafi 2022-2027 (2023)

[Stefna um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingarafi 2022-2027](#) er nýjasta stefna minjayfirvalda og kom hún úr snemma árs 2023. Minjastofnun Íslands vann stefnuna í samráði við hagsmunaaðila.

Í stefnuskjalinu er grein gerð fyrir framtíðarsýn og markmiðum um varðveislu og rannsókn á fornleifum, sögulegum byggingum og öðrum menningarminjum á Íslandi á næstu árum.

Leiðarljós stefnunnar er að menningararfleifð landsins verði varðveitt, rannsökuð og á hana litið sem ómissandi þátt í sjálfsmynd Íslendinga. Stefnan horfir til þess að vitund og skilningur almennings á menningararfi eflist. Einnig er hvatt til sjálfbærrar nýtingar menningarauðlinda í margvíslegum tilgangi. Stefnan miðar einnig að því að efla alþjóðlegt samstarf á sviði menningararfs, kynna íslenskan menningararf erlendis og draga lærdóm af verklagi og reynslu annarra landa. Framtíðarsýn stefnunnar er: „Að fornleifar og byggingararfur séu mikilvægur þáttur í sjálfsmynd og umhverfi íbúa landsins, og að þeim sé vel sinnt, þau njóti virðingar og séu uppspretta nýrra hugmynda og tækifæra.“

Fimm meginmarkmið stefnunnar, og undirflokkar þeirra, eru:

1. Efla markviss viðbrögð vegna náttúruvár og framkvæmda
 - A. Skráning fornleifa og byggingararfs
 - B. Skilvirk viðbrögð hagsmunaaðila
 - C. Mótvægisáðgerðir vegna fornleifa og byggingararfs í hættu
2. Efla rannsóknir á fornleifum og byggingarafi
 - A. Skýrar áherslur í rannsóknum
 - B. Gæði og fagmennska
 - C. Fullnægjandi fjármögnun
3. Auka samstöðu um vernd fornleifa og byggingararfs
 - A. Samráð um vernd fornleifa og byggingararfs
 - B. Aukin áhersla á vægi fornleifa og byggingararfs
 - C. Skýr sýn á friðlýsingar
4. Viðhalda þekkingu á handverki
 - A. Stöðug nýliðun og miðlun þekkingar milli kynslóða
 - B. Fjölgun viðhaldsverkefna og stuðningur við þau
5. Styrkja vitund um mikilvægi fornleifa og byggingararfs
 - A. Virkt samtal um samfélagslegt gildi fornleifa og byggingararfs
 - B. Aukin vitund um fornleifar og byggingararf sem auðlind
 - C. Virkjun heimafólks til svæðisbundinna verkefna

Undir hverjum undirflokki eru 1-5 aðgerðir sem framkvæma á á fimm ára gildistíma stefnunnar, til og með 2027.

8.2.2 Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi (2020)

Minjastofnun Íslands leiddi vinnu við tillögu að menningararfsstefnu fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stefnan kom út árið 2021 og kallast [Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi](#). Tillagan var unnin í samræmi við ákvæði 7. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sbr. „Minjastofnun Íslands gerir tillögu til ráðherra um heildarstefnu og langtímaáætlun um verndun og varðveislu menningarminja í samráði við höfuðsöfn sem skilgreind eru samkvæmt safnalögum, svo og önnur helstu söfn og stofnanir sem vinna að varðveislu menningarminja.“ Um er að ræða rammastefnu fyrir ríkisstofnanir sem hafa það markmið að stuðla að verndun íslensks menningararfs af ýmsum gerðum, ekki einungis menningarminja, og tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Er í formála vísað til greinargerðar sem fylgdi frumvarpi laga um menningarminjar nr. 80/2012, en þar er fjallað um gerð slíkrar stefnu. Menningararfsstefnan var unnin í samráði við ýmsa aðila (viðtöl, rýnifundir, vinnustofur) á þessu sviði og skiptist í stefnuáherslur annars vegar og skipulagsáherslur hins vegar.



Mynd 5: Menningararfsstefna, rammastefna málaflokksins, sem gefin var út árið 2021. Myndin er byggð á mynd úr stefnuskiðinu, bls. 11, og sýnir heildarmynd niðurstaðna stefnumótunarinnar.

8.2.3 Menningarsókn (2021)

[Menningarsókn er aðgerðaáætlun í 18 liðum um listir og menningu](#), sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneyti haustið 2021 með gildistíma til ársins 2030. Tvær aðgerðir hafa snertiflöt við minjavernd.

Traust staða í síbreytilegum heimi – markmið I. laut m.a. að heildarskráningu menningarminja í landinu (bls. 9): „**Aðgerð 2.** Átaksverkefni stjórnvalda til heildarskráningar og varðveislu menningarminja. Unnið skal að heildarskráningu menningarminja í landinu. Minjastofnun Íslands verði falið að gera áætlun um framkvæmd verkefnisins og skal því verki lokið eigi síðar en 2030.“ Aðgerð þessi hefur endurspeglast í markmiðasetningu tengdri fjármálaáætlun síðustu ára.

Menningarstjórnsýsla og sjóðakerfi – markmið I. Laut að því að efla stjórnsýslu og sjóðakerfi (bls. 12): „**Aðgerð 1.** Einföldun og samræming. Starfshópur sérfræðinga á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórnenda úr menningarlífinu gerir tillögur um aðgerðir til að einfalda, samræma og auka skilvirkni í stjórnsýslu og sjóðakerfi á sviði menningarmála.“ Í aðgerðinni er ekki sérstaklega minnst á Húsafriðunarsjóð og Fornminjasjóð en ætla má að hún nái yfir þá.



Byggingararfur á Eyrarbakka. Mynd: MÍ.

8.2.4 Stefna Minjastofnunar 2018-2020

Minjastofnun Íslands gerði og gaf út [stefnu fyrir stofnunina sem gildi frá 2018 til 2020](#), en gerð hennar hófst árið 2014. Unnið er enn samkvæmt henni. Stefnan nær til stjórnsýslu í málefnum fornleifa, menningarlandslags, minningarmarka, húsa og annarra mannvirkja sem njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga um menningarminjar, laga um verndarsvæði í byggð og laga um skil menningarverðmæta til annarra landa. Framtíðarsýn stefnunnar (bls. 5) er eftirfarandi: „Verndun menningarminja er órjúfanlegur hluti af íslensku samfélagi. Minjarnar eru uppspretta innblásturs og upplifunar og viðfangsefni rannsókna.“

Íbúar landsins eru virkir þátttakendur í minjavernd, menningarminjar eru nýttar á sjálfbæran hátt og þekkingu um þær er miðlað á fjölbreyttan máta til allra landsmanna.“ Vinna átti eftir stefnunni til og með 2020 en hefja gerð nýrrar stefnu árið 2019.

Meginmarkmið stefnunnar eru sex talsins og hvert þeirra hefur ítarlegra markmið, nokkur undirmarkmið og aðgerðir. Eftirfarandi eru meginmarkmið og undirmarkmið stefnunnar:

1. Styrking minjavörslu fornleifa og byggingararfs
 - a. Gegnsæ og opin stjórnsýsla með áherslu á fagmennsku og áreiðanleika
 - b. Öflugt og jákvætt samstarf við hagsmunaaðila
 - c. Efla markvisst eftirlit með menningarminjum auk áætlanagerðar til að tryggja öryggi minjanna og sporna við ótímabærri eyðingu þeirra
 - d. Friðlýstar menningarminjar fái aukna athygli og verndun þeirra sé sinnt af kostgæfni
 - e. Efla fræðslu og eftirlit vegna flutnings menningarverðmæta á milli landa
 - f. Efla fræðslu og stuðla að uppbyggingu verndarsvæða í byggð
2. Vitundarvakning og miðlun
 - a. Kynning á starfsemi Minjastofnunar Íslands með jákvæðni að leiðarljósi
 - b. Fjölbætt og aðgengileg miðlun í tengslum við minjavernd
 - c. Öflugt starf minjaráða
3. Efling skráningar jarðfastra menningarminja og aðgengi að gögnum
 - a. Gagnagrunnar og minjavefsjá séu notendavæn og aðgengileg
 - b. Aukinn þungi lagður á vettvangsskráningu menningarminja og samræmingu verklags við skráningarvinnu
4. Efling rannsókna á jarðföstum menningarminjum
 - a. Fagmennska í rannsóknum með auknum kröfum til rannsakenda
 - b. Aukið samtal milli Minjastofnunar Íslands og rannsakenda
 - c. Aukið gildi framkvæmdarannsókna
5. Sjálfbær nýting jarðfastra minja í þágu samfélagsins
 - a. Aukin vitund um að menningarminjar séu hluti af eftirsóknarverðum lífsgæðum og áhersla á verndun með sjálfbærri nýtingu, þ.e. að minjar séu nýttar í þágu nútímans án þess að gengið sé á verðmætin sem í þeim felast.
 - b. Stuðla að því að tillit sé tekið til menningarminja við áætlanagerð
 - c. Aukinn aðgangur að fræðslu fyrir þá sem nýta menningarminjar eða hafa með viðhald þeirra að gera
6. Samvinna og aðkoma almennings að minjavernd
 - a. Aukin vitund um menningarminjar og menningarlandslag í umhverfi hvers og eins

- b. Efling grasrótarinnar, auknir möguleikar á þátttöku almennings í minjavernd og sókn í slíka þátttöku.

8.2.5 Menningarstefna (2013)

[Menningarstefna](#) byggði á þingsályktun sem Alþingin samþykkti í mars 2013 og lögð var fram af mennta- og menningarmálaráðherra. Stefnan sneri að málefnum lista og menningararfs og aðkomu ríkisins að þeim málaflokkum. Hluti hennar fjallar um menningarstofnanir, en Minjastofnun Íslands er skilgreind sem menningarstofnun.

8.3 Önnur stefnumörkun og áætlanagerð hins opinbera sem hefur bein áhrif á minjavernd á Íslandi

8.3.1 Skipulagsáætlanir

Markmið [skipulagslaga nr. 123/2010](#) er m.a. að þróun byggðar og landnotkunar verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði og öryggi er haft að leiðarljósi. Sjálfbær þróun skal höfð að leiðarljósi með skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landsgæða og tryggja vernd náttúru og menningarverðmæta.

Í [Landsskipulagsstefnu 2015-2026](#) eru m.a. sett fram markmið um verndun landslags og landslagsheilda. Í henni eru lögð áhersla á að uppbygging sé í sátt við landslag og að ákvarðanir um nýtingu eigi að byggja á landslagsgreiningu. Minnst er á nýtingu menningararfs, verndun söguminja og menningarlandslags, og verndun byggingararfs í tengslum við nýja byggð.

Í aðalskipulagi setur sveitarstjórn fram stefnu um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngur- og þjónustukerfi og umhverfismál. Stefna aðalskipulags er bindandi við gerð deiliskipulags og stefnan getur tekið til bygginga og skal þá tekið tillit til varðveislugildis. Í aðalskipulagi skulu m.a. koma fram staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir. Þar er einnig lagður grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags í samræmi við stefnu sveitarfélagsins.

Áður en deiliskipulag er afgreitt, eða leyfi til framkvæmda útgefið, skal fornleifaskráning hafa farið fram í samráði við Minjastofnun Íslands. Einnig getur Minjastofnun Íslands ákvarðað að framkvæmdarannsókn þurfi að fara fram.

Ekki liggja fyrir nákvæmar heildartölur um fjármagn sem varið er til minjaverndar, þ.m.t. fornleifaskráningar, í tengslum við slíka áætlanagerð.

Í kafla 6.4. er vísbending um fjármagn sem varið er til framkvæmdarannsókna í tengslum við skipulagsgerð og veitingu framkvæmda-, starfs- og byggingarleyfa.

8.3.2 Menningarstefna í mannvirkjagerð (2014)

[Menningarstefna í mannvirkjagerð](#) er stefna stjórnvalda í byggingarlist, þ.e. hún nær einkum til mannvirkjagerðar á vegum stjórnvalda og hvers beri að huga að varðandi hana. Þar er m.a. fjallað um yfirbragð nýframkvæmda og mikilvægi þess að þær falli vel að eldri byggð og menningarlandslagi. Stefnan skiptist í flokkana gæði, arfur, þekking og hagur.

8.3.3 Rammaáætlun

Faghópur 1 í [Rammaáætlun](#) lét vinna 11 rannsóknarverkefni á sviði menningarminja⁴ í 3. og 4. áfanga frá árinu 2016 til 2021. Meðal annars eru það rannsóknir án jarðrask, s.s. á gildi menningarminja, verkefni á sviði fornleifaskráningar, skráning í minjavefsjá og ýmis þverfagleg verkefni sem menningarsögulegar minjar voru hluti af. Niðurstöðuskýrslur þeirra má finna á heimasíðu Rammaáætlunar vegna [3. áfanga](#) og [4. áfanga](#).

Heildarlista yfir verkefni sem rammaáætlun styrkti frá 2016 til 2021 má finna í viðauka 15.6.



Snorralaug í Reykholti er minjastaður á friðlýsingaskrá. Minjastofnun hefur á sl. áratug hlotið viðhaldsstyrki vegna laugarinnar m.a. frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og Landsáætlun um innviði (sjá nánar í viðauka 15.4 og 15.5). Mynd: Dagný Amarsdóttir.

8.3.4 Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Margir minjastaðir hafa átt aðild að áætluninni, hér eftir landsáætlun um innviði, og er í henni lögð fram stefna um hvernig standa skuli að uppbyggingu innviða á minjastöðum.

[Landsáætlun um innviði](#) skiptist í stefnumótandi áætlun og verkefnaáætlun til þriggja ára í senn. Landsáætlun byggir á samnefndum lögum nr. 20/2016 og snýr að uppbyggingu innviða á þeim stöðum sem búa við aukið álag af völdum ferðamennsku. Oftast er um að ræða friðlýst náttúruverndarsvæði eða minjastaði, þar sem grípa þarf til aðgerða til að tryggja áframhaldandi verndargildi staðanna. Nú hafa 24 staðir um allt land í umsjón Minjastofnunar Íslands hlotið fjármögnun

⁴ Nokkur verkefnanna eru þverfagleg og taka einnig til land- og náttúrufræða.

á áætluninni og eru þeir flestir á friðlýsingaskrá. Dæmi um slíkan stað er Snorralaus, sjá mynd 5. Verkefni eru 53 talsins á árunum 2018-2022. Í sumum tilvikum er um að ræða staði sem Minjastofnun Íslands hefur gert umsjónarsamning um við sveitarfélög eða einkaaðila. Í [þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029](#) er tilgreind aðgerð sem lýtur sérstaklega að minjastöðum:

2.1.2. Verndaráætlanir vegna friðlýstra/friðaðra minjastaða á landsáætlun liggja til grundvallar við ákvarðanir um innviði á viðkomandi stöðum, en þetta eigi við um staði sem eru undir miklu álagi af völdum ferðamennsku og eru staðsettir utan friðlýstra náttúruverndarsvæða.

Verkefnaáætlun landsáætlunar hefur á grundvelli þessa fjármagnað gerð fjögurra verndaráætlana vegna eftirfarandi minjastaða: Gásir í Eyjafirði, Skrúður í Dýrafirði, Surtshellir (Vígishellir, afhellir) og Þjórsárdalur.⁵

Listi yfir verkefni Minjastofnunar á landsáætlun frá 2018 til 2023 er í viðauka 15.4.

8.3.5 Byggðaáætlun

[Byggðaáætlun](#) hefur frá árinu 2019 veitt fjármagni til aðgerðar á sviði minjaverndar. Í [hvítbók um byggðamál](#) er aðgerðinni lýst á eftirfarandi hátt:

B.10/B.16 Nýting menningarminja

Markmið: *Að nýta menningarminjar til stuðnings byggðaþróun, einkum á svæðum sem standa höllum fæti í byggðalegu tilliti.*

Stutt lýsing: Leitast verði við að fá heildarsýn yfir minjaarfinn til að greina nýtingarmöguleika og sóknartækifærin sem í honum felast. Menningarminjar (fornleifar, mannvirki og hús) verði kortlagðar á tilteknum svæðum og þau gögn notuð sem forsenda fyrir hönnun verkefna. Minjastofnun mun aðstoða byggðarlög við að leita fjármagns fyrir þau verkefni sem sett verða í gang í kjölfarið, svo sem með því að benda á viðeigandi sjóði, styðja umsóknir og veita faglega ráðgjöf.

Tímabil: 2022-2026.

Tillaga er gerð að fjármögnun 12,5 m.kr. en það er með fyrirvara um fjárveitingar til Byggðaáætlunar.

⁵ Verndaráætlanir þessar eru ekki lögbundnar og undir þær skrifar forstöðumaður Minjastofnunar og samstarfsaðili eftir atvikum, en ekki ráðherra málaflokksins eins og í tilviki stjórnunar- og verndaráætlana náttúruverndarsvæða í umsjón Umhverfisstofnunar.

9. Alþjóðamál

9.1 Alþjóðasamningar

Eftirfarandi samningar eru meðal þess sem minjaverndin styðst við í sinni vinnu:

- Fenejaskráin frá 1964 og Apenuskráin frá 1931. Þar er fjallað um grundvallarreglur alþjóðasamfélagsins sem eiga við um varðveislu byggingararfsins.
- Granada samningurinn um friðun evrópskrar byggingararfleifðar frá 1985.
- Faro samþykktin frá 2005 um mikilvægi menningararfsins fyrir samfélagið.

Þessar samþykktir og aðrar sem minjavarðslan horfir til eða Ísland hefur samþykkt endurspeglast í starfsemi ICOMOS og UNESCO og jafnframt í lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að vernda menningararf m.a. með undirritun alþjóðasamninga og í gegnum heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Helstu alþjóðasamningar sem Ísland hefur undirritað og tengjast menningarminjum:

- [Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins. París 1972](#)
- [Samningur um leiðir til að banna og hindra ólögmetan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum. París 1970](#)
- Samningur um vernd menningarverðmæta komi til vopnaðra átaka, Haag 1954
- Evrópusamningur um vernd fornleifaarfsins, London 1969 (Ísland skrifaði undir eldri samning en hefur ekki undirritað [endurskoðaðan samning frá 1992 - Valetta](#))
- [Samningur um varðveislu menningararfða. París 2003](#)
- [Samningur um að vernda og styðja við fjölbreytileg menningarleg tjáningarform. París 2005](#)
- [Evrópusamningur um landslag. Flórens 2000](#)
 - [Hlekkur á íslenska þýðingu](#)
- Árósasamningurinn um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, Árósar 1998
- Mannréttindasáttmáli Evrópu, Róm 1950

9.2 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Eftirfarandi Heimsmarkmið eru álitin hafa sérstakan snertiflöt við minjavernd á Íslandi og stefnumótun um hana: Heimsmarkmið 4 – Menntun fyrir alla, Heimsmarkmið 9 – Nýsköpun og uppbygging; Heimsmarkmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög; Heimsmarkmið 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum.

9.3 UNESCO heimsminjaskrá

Þingvellir urðu staður á heimsminjaskrá UNESCO árið 2004 og var það einkum á grundvelli menningarsögu þingstaðarins. Hvað varðar óáþreifanlegan menningararf, þá var súðbyrðingurinn, þ.e. smíði og notkun hans, tekinn á heimsminjaskrá UNESCO í árslok 2021. Norðurlöndin stóðu saman að tilnefningunni. Loks hefur íslenska heimsminjanefndin tilnefnt íslenska torfbæinn á Heimsminjaskrá UNESCO.

9.4 ICOMOS

ICOMOS eru alþjóðleg félagasamtök, hliðstæð við IUCN, sem vinna að vernd og viðhaldi menningarminja og ytra umhverfis þeirra. ICOMOS er bæði UNESCO og heimsminjanefnd UNESCO til ráðgjafar um vernd menningarminja. Landsdeild ICOMOS var stofnuð árið 1999.

9.5 Meginstraumar í umræðu um áskoranir og tækifæri í minjavernd erlendis

Ekki verða dregnir saman alþjóðlegir meginstraumar umræðu er snertir málaflokkinn, né gerð tilraun til að taka saman alþjóðlega stefnumörkun og umræðu umfram það sem talið er upp nú þegar í þessum kafla.

Rétt er að geta þess sérstaklega að Ráðherranefnd Evrópuráðsins lét vinna [stefnu um evrópskan menningararf fyrir 21. öld](#) og kom stefnan út árið 2017. Stefnan nefnist á ensku *European Cultural Heritage Strategy for the 21st century* (Strategy 21) og kom Minjastofnun Íslands að gerð hennar. Í stefnunni eru tilgreindar [helstu áskoranir](#) í málaflokknum, tillögur til úrbóta og ítarleg aðgerðaáætlun fyrir hverja tillögu. Í viðauka 15.3 er tafla sem sýnir helstu áskoranir og tillögur sem tilgreindar voru áðurnefndri skýrslu sem fylgdi Stefnu 21, en þær gefa góða mynd af því sem helst er í deiglu í minjavernd í Evrópu.

Til því viðbótar eru hér að neðan dæmi um þætti sem eru í deiglu erlendis þessi misserin og hafa, eða gætu haft, áhrif á minjavernd á Íslandi í náninni framtíð:

1. Þátttaka nærsamfélaga
2. Horft til sjálfbærrar þróunar við umsjón og rekstur minjastaða
3. Lífsferill eldri bygginga, innbundið kolefni í þeim og tækifæri til endurnýtingar efnis
4. Stafvæðing og tæknilausnir
5. Fræðsla og miðlun þekkingar um menningarminjar og byggingararf
6. Alþjóðleg samvinna þar sem þekkingu er deilt milli landa
7. Sveigjanleiki og aðlögunarhæfni í stjórnun og vernd minjastaða
8. Skilvirk stjórntæki og löggjöf, verndaráætlanir og stofnanaskipulag
9. Samspil minjaverndar og ferðamennsku
10. Jafnvægi milli verndar og nýtingar
11. Samspil einkageirans og hins opinbera

10. Staða - vernd húsa og annarra mannvirkja

10.1 Mat á verndargildi húsa og annarra mannvirkja

Í [leiðbeiningariti Minjastofnunar um skráningu húsa og mannvirkja](#) frá árinu 2020 er lýst hvernig meta skuli varðveislugildi við skráningu húsa.

Varðveislugildi er niðurstaða úr mati á þeim fimm gildum sem metin hafa verið fyrir hvert hús og mannvirki, samstæða húsa, götummynda og byggðamynsturs svæða. Gildin eru: byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalegt gildi og ástand.

Tafla 8: Þættir sem litið er til við mat á varðveislugildi húsa, skv. leiðbeiningum Minjastofnunar um húsakönnun.

Þáttur	Mat á varðveislugildi húsa
Byggingarlistarlegt gildi	Útlit, s.s. hlutföll, samsvörun, samspil forms, efnismeðferð og notagildi. Er þetta gott dæmi um tiltekna húsagerð, byggingarstíl eða höfundarverk. Fágætt eða dæmigert hús?
Menningarsögulegt gildi	Þýðing vegna a) staðbundinnar byggingarhefðar, gerðar, handverks eða ákveðinnar stefnu í byggingarlist, b) tæknilegra nýjunga eða efnisvals og c) hlutverk og notkun hússins. Getur tengst sögu svæðis, þróun byggðar eða fólki.
Umhverfisgildi	Mikilvægi fyrir nærliggjandi umhverfi, samspil við næstu hús, staðar- eða götummynd. Hvernig fellur staðsetning í landslagi eða á lóð að umhverfinu?
Upprunalegt gildi	Hvernig upprunaleg gerð húss hefur varðveist, hvernig áhrif af viðgerðum, viðbyggingum og breytingum eru. Falla breytingar að upphaflegri gerð hússins, styrkja eða veikja gildi þess?
Ástand	Mat á ytra byrði húss, viðhald, ástand mest áberandi byggingarhluta s.s. klæðningar, glugga, þaks og undirstöðu.

Varðveislugildin skiptast síðan í þrjá varðveisluflokka: Hátt varðveislugildi, miðlungs varðveislugildi og lágt varðveislugildi. Alla jafna er varðveislugildi húsa metið miðlungs. Til að varðveislugildi sé metið hátt þarf húsið að hafa gildi umfram önnur hús, hafa til að bera eiginleika sem gera það sérstakt að einhverju leyti. Rökstyðja þarf mat á varðveislugildi í húsaskráningu.

10.2 Aðgerðir til verndar húsum og öðrum mannvirkjum

Aldursfriðun húsa og annarra mannvirkja miðar nú við fast ártal en ekki hlaupandi ártal á grundvelli 100 ára reglu eins og í tilviki fornleifa, forngripa og minningarmarka. Hún miðast við byggingarárið 1923 í kjölfar breytinga á lögum um menningarminjar nr. 80/2016 sem tók gildi 1. janúar 2023. Tímabil umsagnarskyldu húsa var einnig lengd umtalsvert, og á nú við 17 árganga húsa í stað þriggja árið 2022. Þess ber að geta að í upphaflegu frumvarpi hafði verið gert ráð fyrir því að miða við byggingarárið 1930.

Lögbundnar aðgerðir eru:

- Húsa- og mannvirkjaskráning
- umsagnarskylda húsa sem byggð voru á tímabilinu 1924-1940, sbr. 30. gr. (vernd annarra húsa og mannvirkja).
- Verndarsvæði í byggð
- Aldursfriðun húsa og annarra mannvirkja miðar við fast ártal, byggingarárið 1923, en öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr eru friðuð á grundvelli aldurs.
- Önnur friðun, s.s. skyndifriðun.
- Friðlýsing, sem er jafnframt efsta stig friðunar byggingararfs.

10.2.1 Fræðsla og miðlun um byggingararf

Minjastofnun hefur m.a. það skilgreinda hlutverk í lögum að sinna fræðslu og miðlun. Afurðir slíkrar vinnu geta verið [leiðbeiningarit](#) um byggingararf, t.d. um framkvæmd [húsaskráningar](#) og [gerð tillögu um verndarsvæði í byggð](#), og ýmis margmiðlunarverkefni sem stofnunin hefur látið vinna.

10.3 Byggingararfur í hættu

Að mati Minjastofnunar Íslands eru þessir flokkar byggingararfs í mestri hættu:

10.3.1 Yngri minjar, hús og mannvirki.

Eftir lagabreytingu munu engin hús og mannvirki sem reist eru eftir 1923 öðlast sjálfkrafa friðun. Mörg þessara húsa eru í hættu vegna mikillar uppbyggingar og þéttingu byggðar en slíkum framkvæmdum fylgir oft mikið niðurrif núverandi byggðar í þéttbýli. Til að tryggja að þessum menningarminjum verði skilað til komandi kynslóða er afar mikilvægt að friða/friðlýsa/vernda með einhverjum hætti, þverskurð af hinum ýmsu minjum, húsum og mannvirkjum sem tilheyra ákveðnum flokkum menningararfs okkar. Má þar nefna sem dæmi; iðnminjar, samgönguminjar, herminjar, minjar tengdar samfélagslegum breytingum og höfundaverka okkar helstu arkitekta.

Í svörum stofnunarinnar kom fram að umsóknum um niðurrif eldri, aldursfriðaðra húsa hafi fækkað frá því sem áður var.

10.3.2 Friðlýstar kirkjur í fámennum sóknum

Óvissa er um framtíð margra friðlýstra kirkna í fámennum söfnum á landsbyggðinni þar sem sóknargjöld duga ekki fyrir viðhaldi þeirra. Tilfallandi styrkir úr húsafriðunarsjóði geta ekki einir og sér staðið undir viðhaldi þessara bygginga nema að fleira komi til.



Íslenskt dæmi um endurnýtingu á eldri iðnaðarbyggingum, í stað niðurrífs, er Gistihúsið Drangar sem Studio Granda hannaði. Um er að ræða endurbyggingu og endurnýtingu á gömlu fjósi, hlöðu og vélageymslu. Lögð var áhersla á að „núítímavæða“ ekki um of í innréttingum og frágangi, heldur leyfa gömlu efninum að njóta sín. Mynd: Studio Granda.

10.4 Húsvernd, hringrásarhagkerfi og loftslagsmál

Allt bendir til þess að endurnýting á byggingarefnum, sem nú þegar hafa losað kolefni, verði lykilþáttur í minni losun frá byggingargeiranum. Sé horft til markmiða landsins um minni losun gróðurhúsalofttegunda frá mannvirkjagerð er ljóst að þörf verður á því að endurnýta byggingarefni í mun meiri mæli en nú er gert. Frá árinu 2020 hefur orðið mikil fjölgun á umhverfisvottuðum byggingum um allan heim. Umhverfisvottun ein og sér mun þó ekki draga nægilega úr losun frá byggingargeiranum, því hún hefur aukist á sama tímabili. Ný efni sem notuð eru þegar nýbygging er reist eru nú þegar um 10% af heildarorkutengdri losun koltvísýrings. Byggingarefni vega þyngst sé [árleg losun bygginga á Íslandi](#) skoðuð, en hinir losunarþættirnir eru flutningur á verkstað og framkvæmd; endurnýjun og endurbætur; og orkunotkun í rekstri bygginga. Sé byggt áfram á sama hátt mun losun frá stáli, steypu og sementi halda áfram.

Miklir möguleikar eru í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ef efni er betur nýtt við gerð mannvirkja. [Fram hefur komið á vettvangi UNEP](#) að í G7 löndunum gætu skipulagðar aðgerðir tengdar efnisnýtingu, þar á meðal notkun á endurunnum efnum, dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda í efnishringrás íbúðarhúsa um meira en 80% árið 2050. Í [rannsóknnum Hörpu Birgisdóttur](#) kemur til dæmis fram að ef að halda á losun innan 1,5°C hækkunar meðalhitastigs á jörðinni, í samræmi við Parísarsáttmálann, og byggja með óbreyttum hætti, þurfi að draga 70% úr byggingarframkvæmdum. Eina leiðin til að byggja áfram og halda losun undir ofangreindum mörkum sé því að nýta eldri byggingar betur, hætta að rífa byggingar og endurnota byggingarefni. Til þessara atriða þarf að líta þegar kemur að vernd byggingararfleifðar og húsvernd.

11. Staða - vernd fornminja

11.1 Fornleifaskráning og söfnun upplýsinga um minjar

Fornleifaskráning er grunnrannsókn á tilvist, staðsetningu, tegund og ástandi jarðfastra fornleifa. Minjastofnun móttækur gögn frá þeim aðilum sem framkvæmda slíkar skráningar og birtir skilaskyld gögn, t.d. á rafrænan hátt á minjavefsíðu, en hefur ekki með varðveislu gagna að gera.

Þróun sl. 10 ára hefur einkum verið sú að Minjastofnun hefur aukið kröfur um eðli og gæði þeirra gagna sem safnað er við fornleifaskráningu. Réðst stofnunin í áttak á þessu sviði á árunum 2014-2016 og var gefinn aðlögunartími. Þetta hefur einkum falist í:

- Uppmælingum á fornleifum með þar til gerðum mælitækjum
- Notkun landupplýsingakerfa
- Skil skráningaraðila á gögnum (þ.e. skýrslum og landupplýsingagögnum) til stofnunarinnar.

Þetta hefur skilað sér í því að þeir aðilar sem starfa að fornleifaskráningu hafa fjárfest í og búa yfir þar til gerðum tækjakosti til uppmælinga á minjum auk þess sem gagnaskil eru með ágætasta móti.

Minjavísir er verkefni í vinnslu sem snýr að því að finna örnefni úr örnefnagrunni LMÍ sem kunna að vísa á fornleifar.

Þingveturinn 2022-2023 var lögð fram [þingsályktunartillaga um skráningu menningarminja. 218. mál](#). Tillagan komst í fyrri umræðu en náði þó ekki fram að ganga á 153. lögjafarþingi sem þingsályktun. Í henni var lagt til að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra myndi gera stórátak í skráningu menningarminja, annars vegar minja sem eru í hættu vegna loftslagsbreytinga eða annarrar náttúruvár, svo sem vegna landbrots, hins vegar menningarminja almennt.

11.2 Mat á verndargildi fornminja

Í Skráningarstöðlum Minjastofnunar frá 2013 kemur fram hvaða leiðarljós skuli viðhaft við mat á varðveislugildi fornleifa, en þau voru upphaflega mótuð í tengslum við mat á varðveislugildi friðlýstra minja.

Tafla 9: Þættir sem leiðbeint er um að nota við mat á varðveislugildi minja við fornleifaskráningu.

Þáttur	Leiðarljós við mat á varðveislu
Úrval	Einkennandi eða gott dæmi um einhvern minjaflokk eða þróun búsetu í landinu eða á tilteknu svæði? Eða frávik sem tengja mætti t.d. við staðbundnar hefðir?
Sjaldgæft	Eru til margar sambærilegar minjar?

Rannsóknar- og heimildargildi	Myndi fornleifarannsókn varpa nýju ljósu á einhvern þátt sögunnar?
Upplifun	Oft mjög huglægt og byggir á sjónræna þættinum og fræðslugildi minjanna. Er auðvelt með að sjá umfang og form minjanna og ímynda sér aðstæður?
Upprunaleiki	Eru minjarnar virkilega það sem þær eru sagðar vera (tími, rými og hlutverk)?
Menningarlandslag / Minjaheild	Gildi minjanna er töluvert meira ef þær hafa varðveist sem hluti af stærra samhengi, minna ef þær eru einangrað fyrirbæri.
Táknrænt gildi	Tilheyra minjarnar/minjaheildin einhverju sérstöku í sögu landsins eða svæðisins? Tengjast þær ákveðnum persónum eða hefðum?
Aðgengi	Eru minjarnar vel aðgengilegar? Hvert er viðhorf landeigenda til gangandi ferðafólks sem vill skoða þær?
Notkunargildi	Hér eru viðmið um sjálfbæra nýtingu minja þannig að þær skaðist ekki. Horfa þarf til upplifunar, aðgengis og ásigkomulags, möguleika vegna ferðabjónustu og hvort nýting skarist við aðra starfsemi á svæðinu.
Ásigkomulag	Gott ásigkomulag eykur varðveislugildi til lengri framtíðar og er það með vísun í stefnu að færa komandi kynslóðum fornleifar í sem bestu ástandi.

11.3 Aðgerðir til verndar fornminjum

Minjavarslan getur beitt ýmsum aðgerðum til verndar fornminjum.

11.3.1 Fornminjar

Lögbundnar aðgerðir eru:

- Fornleifaskráning
- Aldursfriðun við 100 ára aldur viðkomandi minja
- Skyndifriðun
- Friðlýsing sem er jafnframt efsta stig friðunar fornminja.

11.3.2 Forngripir, þ.m.t. bátar og skip

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Bátar og skip frá því fyrir ártalið 1950 teljast til forngrípa.

11.3.3 Minningarmörk

Lögbundin aðgerð felst í aldursfriðun við hundrað ára aldur viðkomandi minningarmarka.

11.3.4 Fræðsla og miðlun um fornleifar

Minjastofnun hefur m.a. það skilgreinda hlutverk í lögum að sinna fræðslu og miðlun. Afurðir slíkrar vinnu geta verið verndaráætlanir um friðlýsta minjastaði, [leiðbeiningarit](#) um fornleifar, og ýmis margmiðlunarverkefni sem stofnunin hefur látið vinna.



Hafnir á Skaga þar sem fer fram björgunaruppgröftur á fornri verstöð sem er að hverfa í sjóinn. Mynd: MÍ.

11.4 Fornminjar í hættu

Þeir minjaflokkar sem eru í mestri hættu að mati Minjastofnunar eru m.a. þessir:

11.4.1 Óskráðar minjar

Stór hluti minja landsins er enn óskráður og því í hættu vegna framkvæmda og fleiri atriða þar sem Minjastofnun hefur ekki vitneskju um þær og getur því ekki brugðist við á viðunandi hátt.

11.4.2 Minjar í hættu vegna náttúruvár

Eyðingu minja af náttúrulegum orsökum eins og landbrots við strendur landsins, uppblásturs, skriðufalla og jafnvel eldgosa hefur reynst erfitt að ráða við. Framkvæmdir af ýmsu tagi sem hafa fallið utan skipulags og umhverfismats eða eru ekki bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyldar geta haft veruleg áhrif á varðveislu minja, eins og t.d. ýmiskonar jarðrask á býlum, þar á meðal

gróðursetning trjáa. Einnig má nefna aukið álag á minjastöðum vegna fjölgunar ferðamanna.

Minjastofnun hefur fengið tímabundnar fjárveitingar til að ráðast í átak í fornleifaskráningu á tilteknum svæðum, s.s. á Reykjanesi sem viðbragð við jarðeldum.

11.4.3 Minjar sem varða sjósókn og útgerð

Þessi minjaflokkur er í stórhættu vegna ágangs sjávar og hefur verið leitast við að taka á þeim vanda sérstaklega. Skráning strandminja hefur verið sett í nokkurn forgang til dæmi með styrkveitingum úr fornminjasjóði en engu að síður þyrfti að bæta verulega í þar. Forgangsraða þarf þeim stöðum þar sem þörf er á sérstökum mót vægisáðgerðum (s.s. rannsóknir/uppgröftur, sjóvarnir o.fl.).

Einnig þarf að líta til hafnarmannvirkja. Aldursfriðuð pakkhús hafa verið varðveitt og gerð upp en gamlar trébryggjur eru að hverfa, bæði þær sem náð hafa aldursfriðun og þær sem yngri eru. Sjálfsagt gildir það sama um fleiri mannvirki við hafnir, t.d. þurrkhjalla, beitingarskúra, o.fl.

Bátaarfur þjóðarinnar fellur milli skips og bryggju og þarfnast sérstakrar skoðunar.

11.4.4 Kirkjugarðar og minningarmörk.

Oft hefur reynst erfitt að halda við gömlum minningarmörkum í görðunum, eins og pottjárnskrossum- og girðingum, og að forverja/halda við fornum legsteinum. Þar sem margir kirkjugarðanna eru enn í fullri notkun hefur verið töluverður þrýstingur á að slétta þá til að auðvelda umhirðu þeirra. Þetta getur rýrt minjagildi garðanna þar sem einkenni þeirra eru oft upphlaðnar grafir.



Bátaarfurinn er í hættu. Myndin sýnir Íslands eina kúttur, kúttur Sigurfara sem varðveittur er á Byggðasafninu í Görðum á Akranesi. Ástand bátsins er orðið mjög bágborið. Myndin er tekin í mars 2023. Mynd: Dagný Arnarsdóttir.

11.5 Tækniframfarir í vernd og rannsóknum á fornminjum

Miklar framfari hafa orðið í miðlun fræðsluefnis og sýningahaldi í tengslum við minjar og menningararf, raunar svo miklar að sýningar hafa í einhverjum tilvikum orðið barn síns tíma á tíu árum eða jafnvel skemur. Smáforrit, sem ekki þarf að hlaða niður, byggð á sýndarveruleika, hafa verið hönnuð og nýtt á íslenskum minjastöðum til miðlunar. Erfitt hefur þó reynst að tryggja fjármagn til slíkra verkefna í gegnum hefðbundna sjóði.

Hvað varðar gagnaöflun þá hafa orðið miklar framfarir í ljósmyndun úr lofti og loftmyndir eru mikilvægt tæki í að greina minjar á yfirborði, svo sem út frá lagi þeirra, gróðri ofan á þeim og skuggum. Drónar hafa sömuleiðis gegnt stóru hlutverki, bæði við að finna minjar, við túlkun en einnig miðlun og fræðslu, og býr minjavarslan yfir slíkum tækjum.

Samfélagsmiðlar hafa gefið minjavernd byr undir báða vængi. Ýmsir hópar, fyrirtæki og félög birta myndir af fornminjum og byggingararfi á Facebook og Minjastofnun Íslands nýtir samfélagsmiðla í sinni miðlun og er með [rás..á miðlinum.YouTube](#).

Loks má nefna væntanlegar framfarir í gervigreind sem ætti að skapa ýmis tækifæri í náninni framtíð varðandi að lesa í og túlka stór gagnasöfn, en einnig í stjórnsýslu.



Sumardagsleiðsögn um rústir Skriðuklausturs í Fijótsdal í beinu streymi á samfélagsmiðli, með aðstoð snjallsíma og sjálfustangar. Fólk um allan heim getur tekið þátt í viðburðinum og áhugi vakinn á minjunum. Mynd: Gunnar Gunnarsson.

12. Áskoranir og hindranir í minjavernd

1. Almennigur hefur ekki næga aðkomu að minjavernd, kerfið einkennist af of mörgum hindrunum og áhuga á minjum er ekki nægilega viðhaldið hjá ungu fólki.

Þátttaka almennings í samtali um minjavernd er miklum takmörkunum háð. Hagsmunir eru of þröngt skilgreindir og slíkt hindrar opið samtal og að rödd almennings og ólíkra hópa fái að heyrast. Með minni ábyrgð og áhrifum í héraði minnkar frumkvæði, þátttaka og jafnvel áhugi almennings á minjum og minjavernd.

Veita þarf almenningi ríkari aðkomu að minjavernd sem og sterkari rödd, ekki síst í tillögum um friðlýsingu á stöðum, minjum eða byggingum. Slíkt myndi stuðla að vandaðri stjórnábylgju og auka líkur á sátt um ákvarðanir. Tengja þarf minjaverði í héraði enn betur við almenning og sveitarfélög og virkja minjaráð landshluta enn betur í þessu samhengi. Búa þarf grasrótarsamtökum og áhugafélögum í héraði betri skilyrði t.d. með því að finna farveg fyrir verkefni sem þau vilja taka þátt í varðandi minjavernd. Auka þarf möguleika á frekari þátttöku almennings í minjavernd í gegnum sjálfböðavinnu og skapa vettvang til slíks, svo sem á vettvangi hollvinasamtaka fyrir tiltekna staði. Efling á aðkomu hollvinasamtaka og sjálfböðaliða þarf að vera í góðri samvinnu við fagfólk og stofnanir en líta má til reynslu á sviði sjálfböðaliðaverkefna. Afmarka þarf þannig mjög skýrt hvað gæti fallið hér undir, en nefna má viðhald og rekstur minjastaða.

Efla þarf menntun og fræðslu um minjar og minjavernd með breiðu samtali og samstarfi. Minjavernd á sér fáa staði í grunnmenntun landsmanna og er t.d. ekki hluti af námsskrá grunnskóla. Aukin þekking og skilningur á minjavernd og mikilvægi hennar er til þess fallið að auka þátttöku og samfélagslegt samtal um þennan mikilvæga málaflokk. Kappkosta þarf að auka fræðslu um menningarminjar, sögu þeirra, byggingararf og varðveislu bæði í gegnum formlegt skólastarf, safnastarf sem og með almenningsfræðslu. Mikilvægt er að koma á samstarfi milli ólíkra stofnana, fagfólks og nærsamfélagsins í því augnamiði að auka þekkingu á menningarminjum.

2. Tryggja þarf rekstur friðlýstra minja, og að friðlýsingar séu gagnlegt stjórnæki í minjavernd.

Stjórnækið friðlýsing: Stjórnækið friðlýsing er efsta stig friðlýsinga á menningarminjum og er þannig í eðli sínu þunglamalegt stjórnæki sem flókið er

að koma á og erfitt að fylgja eftir. Forsendur friðlýsingar þurfa að vera skýrar og ástæður friðlýsingar sömuleiðis.

Stefna og skilgreiningar: Í lögum um menningarminjar nr. 80/2013 er kveðið á um að friðlýsingaskrá sé endurskoðuð á þriggja ára fresti en það hefur ekki verið gert.

Rekstur og viðhald og önnur formleg aðkoma að minjum: Friðlýstum minjastöðum fylgir sjaldnast fjármagn til reksturs og viðhalds þrátt fyrir ákvæði í lögum þar að lútandi. Ljóst má vera að sinna þarf lágmarksviðhaldi á slíkum stöðum, t.d. að slá gras svo að rústir séu sjáanlegar. Nokkuð er um friðlýstar menningarminjar á friðlýstum náttúruverndarsvæðum, sem margar eru undir álagi vegna ferðamennsku. Á slíkum svæðum ferríkisstofnun með lögbundna umsjón með viðkomandi svæði. Í einhverjum tilvikum hafa orðið til samvinnuverkefni um vernd og miðlun menningarminja milli minjavörslunnar og viðkomandi stofnunar. Lög um menningarminjar skilyrða aðkomu Minjastofnunar að slíku, s.s. varðandi merkingar nærri minjum, og hefur viðvera annarra ríkisstofnana á svæðum með friðlýstum minjum ekki verið nýtt sem skyldi til viðhalds minja.



Grasslattu er mikilvægur hluti þess að sjá um og reka friðlýstar minjastaði. Myndin sýnir Bólta í Skaftafelli, eitt þriggja býla sem voru í Skaftafelli. Mynd: MÍ.

3. Ríkisvaldið hefur ekki tekið nægilega ábyrgð á rannsóknum á menningarminjum og engar grunnrannsóknar eru á þessu sviði á vegum ríkisins.

Rannsóknum á sviði minjaverndar og varðveislu menningararfs er ekki búin umgjörð með sambærilegum hætti og t.d. er staðið að rannsóknum á sviði náttúruvísinda. Úr þessu þarf að bæta og tryggja að öflugt rannsóknarstarf styðji við málaflokkinn. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegur grundvöllur vandaðrar minjavörslu og stjórnsýslu hennar sem og fyrir þekkingu á sögu lands og þjóðar.

Þess vegna er mikilvægt að opinber stofnun sinni rannsóknarhlutverki á sviði menningararfsvörslu.

Þar sem opinberri stofnun sem hefur rannsóknarhlutverk á þessu sviði er ekki til að dreifa veltur afar mikið á framtaki háskóla, sveitarfélaga, fyrirtækja, einkaaðila og frjálsra félagasamtaka. Sérstaklega þarf að huga að þessu í fyrirhugaðri nýrri löggjöf varðandi breytt fyrirkomulag minjavörslu.

Ríkið stendur ekki sjálft að grunnrannsóknum á minjum (t.d. fornleifaskráningu) en þó gegna minjaverðir hlutverki í þessu sambandi. Þeir yfirfara svæði og meta þörf á frekari rannsóknum og gagnaöflun. Framkvæmdaaðilar þurfa að kaupa slíka þjónustu á einkamarkaði. Minjastofnun setur þá kröfu á framkvæmdaaðila að fornleifaskráning sé unnin í tengslum við skipulag og framkvæmdir og getur sett kröfu um mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda. Þær geta t.a.m. falist í fornleifauppgreiftri sem einkaaðilar taka að sér. Rannsóknargögn þessi verða til hjá fyrirtækjum og einkaaðilum sem er skylt að afhenda Minjastofnun sín gögn. Einkaaðilar leika þannig mjög stórt hlutverk varðandi öflun gagna, sem eftirlit og ákvarðanir Minjastofnunar grundvallast síðan á.

Í einhverjum tilvikum lánar þó stofnunin tæki, sem stofnunin Á, til rannsókna.

Samkvæmt Evrópska landslagssamningnum, sem búið er að fullgilda, er íslenska ríkið skuldbundið til að skrá og greina menningarlandslag með skipulegum hætti. Grunn gögn í þeirri vinnu eru fornleifaskráningargögn, þó fleira þurfi að koma til.

4. Grunn gögn um jarðfastar minjar og staðsetningu þeirra skortir verulega.

Aðeins hluti jarðfastra fornleifa í landinu hefur verið skráður, en fornleifaskráning byggir á heimildarýni og vettvangskönnun sem staðfestir m.a. tilvist og ástand minjanna. Umfangsmiklar gloppur í skráningu fornleifa leiða m.a. til tafa á afgreiðslu mála og torveldar forgangsröðun, faglegt mat á verndargildi og aðra mikilvæga ákvarðanatöku í minjavernd.

Til samanburðar er skrásetning og yfirsýn yfir málefni byggingararfs sem nýtur verndar í betra horfi.

Þegar heildarskráningu og yfirsýn yfir málaflokkinn er ekki fyrir hendi er óhjákvæmilegt að eitthvað muni fara forgörðum af minjum með breyttri landnotkun. Yfirsýn er nauðsynleg til að geta forgangsráðað og tekið vel rökstuddar ákvarðanir út frá bestu mögulegu vitneskju og þekkingu.



Á vettvangi strandminja
á sunnanverðum
Vestfjörðum. Mynd: MÍ.

5. Breytingar á stjórnskipulagi og stofnanaumhverfi mega ekki veikja málefni minjavörslu.

Breytingar á stjórnskipulagi undanfarin ár hafa flækt stjórnsýslu og aukið fjarlægð á milli stofnana á sviði menningararfs og minjavörslu sem heyra undir mismunandi ráðuneyti. Hætta er á óskýrri, þröngri og brotakenndri sýn á málaflokkinn. Fyrirhuguð sameining Minjastofnunar og stofnana sem hafa umsjón með friðlýstum svæðum getur leitt til aukinnar fjarlægðar frá öðrum menningarstofnunum sem sinna málefnum menningararfs, t.d. Þjóðminjasafni, háskólum, byggðasöfnum, o.fl.

Þar sem sjónarmið um varðveislu menningararfs og menningarminja eru oft og tíðum frábrugðin sjónarmiðum um náttúruvernd er ákveðin hætta á að minjavernd verði hornreka í stærri stofnun. Þetta á ekki hvað síst við varðandi varðveislu byggingararfs, vernd bátakosts og handverksþekkingar sem nauðsynleg er samhliða slíkri varðveislu. Mikilvægt er að huga að þessu í skipuriti og verkefnum nýrrar stofnunar og að fagþekking á sviði minjavörslu sé tryggð til jafns við önnur verkefni stofnunarinnar á sviði náttúruverndar.

Þá skal einnig á það bent að í stofnun sem bæði á að sinna verkefnum náttúruverndar og minjaverndar geta komið upp árekstrar þar sem ólík sjónarmið gilda á hvoru sviði.

Sameinuð stofnun hefur alla burði til að verða öflug stofnun með sérþekkingu sem nýtist minjavernd. Mikil tækifæri felast í því fyrir minjavernd að vera hluti af stærri, þverfaglegri heild. Styrkleikur mun fyrst og fremst felast í því að um menningarminjar verði fjallað sem hluta af náttúru- og menningarlandslagi á svæðum sem njóti heildstæðrar verndar.

Ekki er gert ráð fyrir rannsóknarhluta í hinni fyrirhuguðu, sameinuðu stofnun sem minjavernd verður hluti af, en skoða þarf hvernig rannsóknarvinnu varðandi minjamál gæti verið komið á legg innan nýrrar rannsóknarstofnunar.

6. Nálgun minjaverndar einkennist af viðbragði, boðum og bönnum, sem á rætur sínar í áralangri vanfjármögnun sem mótað hefur og þrengt alla nálgun og sýn varðandi minjavernd.

Þetta getur og hefur í sumum tilvikum leitt til neikvæðrar ásýndar minjaverndar. Mikil tími og orka minjaverndar fer þannig í afmörkuð mál sem oft og tíðum lúta að deilum um varðveislu tiltekinna minja. Úrlausn slíkra mála vill verða umfangsmikil og flókin vegna þess að ekki liggur fyrir hvort minjagildi þeirra krefjist sérstakra úrræða um varðveislu. Þetta gerist m.a. vegna þess að heildarsýn skráningar og faglegs mats skortir.

Núningur hefur orðið milli Minjastofnunar og sveitarfélaga vegna afgreiðslu skipulagsmála og einnig vegna afgreiðslu leyfa til framkvæmda. Minjar eru skráðar sem hluti af skipulagsvinnu og áður en farið er í framkvæmdir og er það í fullu samræmi við lögbundna ferla og lögín skýr hvað það varðar. Hins vegar eru oft gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir framkvæmdaaðila sem ekki fara saman við minjavernd. Þetta getur leitt til átaka um mál.

Sveitarfélögum er skylt að leita eftir umsögn Minjastofnunar vegna skipulags og framkvæmda. Landeigendur, lóðahafar og fjárfestar geta jafnframt leitað til stofnunarinnar að eigin frumkvæði ef þeir hyggja á framkvæmdir. Hins vegar má segja að einkaaðilar sem hyggja á framkvæmdir hafi ekki hvata til þess að leita til Minjastofnunar m.a. vegna þess að kostnaður fellur á framkvæmdaaðila við skráningu minja og einnig að viðbragð Minjastofnunar getur leitt til langra tafa á framkvæmdum. Þess vegna er mikilvægt skráning menningarminja sé hluti af skipulagsferli strax frá byrjun.

Grunnrannsóknir á sviði minjavörslu ættu að vera grunnur að gerð aðalskipulags sveitarfélaga líkt og skilyrt er í núgildandi minjalögum, þ.e. að það skuli liggja fyrir upplýsingar sem gefa greinargóða mynd af menningarminjum innan sveitarfélagsins. Tilgangurinn með grunnrannsóknum á minjum er að fyrir liggji sem bestar upplýsingar áður en ákvarðanir eru teknar um nánari nýtingu lands eða landsvæðis. Slíkt myndi draga úr töfum sem kunna að verða á málum. Einnig drægi slíkt verulega úr þeim tíma sem nú fer í veitingu umsagna.

7. Nýminjar (stríðsminjar, gosminjar, iðnaðarminjar, o.fl.) njóta ekki lagalegrar verndar og eru þær í hættu á að tapast.

Fjöldmörg dæmi eru um að nýminjar, t.d. stríðsminjar, gosminjar, iðnaðarminjar o.s.frv., njóti ekki lagalegrar verndar og tapist þess vegna t.d. vegna nýframkvæmda. Oftar en ekki eru það einstakir hópar eða nærsamfélag sem hefur þekkingu á viðkomandi minjum, og sér tækifæri í notkun og varðveislu þeirra til framtíðar. Þetta á jafnt við um jarðfastar minjar, byggingararf, efnivið og

handverksþekkingu. Mikilvægt er að stofnanakerfi minjavörslu geti tekið á þessum málum, m.a. í gegnum þátttöku hópa og almennings þegar kemur að ákvörðunum varðandi minjagildi og varðveislu.

8. Í núverandi kerfi eru of margir hvatar sem stuðla að eyðingu minja en fáir hvatar til að vernda og viðhalda minjum.

Þetta á við alla minjaflokka:

Bátar (forngripir): Lögð var mikil áhersla á og komið á fjárhagslegum hvötum til að úrelða trébáta á sínum tíma og hefur það leitt til þess að afar fáir trébátar eru eftir. Þetta hefur m.a. haft þær afleiðingar að aðilum sem kunna að gera upp eldri báta hefur fækkað en viðhald þeirra krefst þekkingar og er afar kostnaðarsamt. Ekki hjálpar til að löggilding á sviði trébátasmíði hafi verið felld niður vorið 2023..

Jarðfastar minjar: Landeigendur geta orðið fyrir miklu óhagræði og jafnvel tjóni finnist fornleifar við framkvæmdir. Jörð án fornminja getur þótt eftirsóttari eign en jörð með þekktum fornminjum, ekki síst bæjarhóli.

Fornleifar í jörðu takmarka notkunarmöguleika landareignar og geta leitt til mikils kostnaðar og óhagræðis fyrir landeigendur þegar framkvæmdir eða breytt landnotkun standa fyrir dyrum. Mikill kostnaður við fornleifarannsóknir hefur fælingarmátt en að öðru leyti eru engir jákvæðir hvatar fyrir landeigendur til að skrá, vernda eða hagnýta fornleifar. Gildi fornleifa í jörðu er ekki metið eða dregið fram.

Hús: Hús verða verðminni í opinberum skráum eftir því sem þau eldast. Minjagildi þeirra og framlag eldri húsa til borgarumhverfis, staðarvitundar almennings og aðdráttarafls í ferðaþjónustu er ekki metið til fjár. Of algengt er að húsum sé illa við haldið, þau grotni niður án þess að neitt sé gert, og loks fái eigandi úttekt þess efnis að húsið sé ónýtt og niðurrif er heimilað á þeim grundvelli. Til staðar er heimild í minjalögum um að beita dagsektum á fasteignaeigendur sem vanrækja að viðhalda friðlýstum húsum. Leggja má þannig fyrir eigendur þeirra að gera umbætur innan hæfilegs tíma. Þessu ákvæði hefur aldrei verið beitt, og fyrirbyggjandi heimildir í nágildandi lögum hafa þannig ekki verið nýttar.



Lýsishúsið við Grandaveg í Reykjavík rífið í ágúst 2006. Mynd: Dagný Amarsdóttir.

9. Niðurrif eldri húsa vinnur gegn markmiðum stjórnvalda um loftslagsmál og hringrásarhagkerfið.

Mikil tækifæri felast í að endurnýta byggingarefni, bæði hvað varðar minjavernd og umhverfisvernd. Mörg dæmi eru til um vel heppnaða umbreytingu húsa. Oft væri hægt að nýta burðarvirki húsa þó að þau séu rifin að öðru leyti. En segja má að of fáar hindranir séu í veginum kjósi eigandi að láta rífa eldra hús.

Nánnar er fjallað um tengsl húsverndar, hringrásarhagkerfis og loftslagsmála í kafla 10.4.

10. Mótvægisaðgerðir vegna loftslagsvárs, einkum nýræktun skóga, vindmyllur eða annað sem breytir ásýnd landsins, geta ógnað minjum í jörðu og menningarlandslagi.

Allar manngerðar breytingar á umhverfinu, t.d. aukin skógrækt og vindmyllur, eru til þess fallnar að breyta ásýnd landsins. Við slíkar breytingar getur samhengi minja og menningarlandslags raskast og leitt til breyttrar ásýndar sögustaða, hindrað sjónlínur og haft áhrif á staðarvitund og upplifun heimamanna og gesta af þessum svæðum.

Þess má geta að nýræktun skóga, sem tekur til alls að 200 hektara svæðis, er ekki skipulagsskyld.

11. Árangur í minjavernd er skilgreindur of þröngt.

Núverandi grunnmælikvarðar um árangur snúa að því að ljúka fornleifaskráningu á nokkrum árum. Talsverður árangur hefur náðst í fornleifaskráningu og hann þarf að mæla. Þessi mælikvarði er gagnlegur en aðrar leiðir eru einnig færar til að mæla árangur á sviði minjaverndar og minjavörslu. Í fjármálaáætlun er miðað við að fornleifaskráningu landsins alls ljúki á nokkrum árum fáist til þess fjármagn. Óraunhæft er að skrá allar minjar í landinu á 2-3 árum þar sem ekki eru til nægilega margir sérhæfðir aðilar til verksins. Auk þess er fjármögnun ótryggð og skoða þyrfti það í samhengi. Slíkur mælikvarði er því bæði ómarkviss og óraunhæfur.

12. Gæði og framkvæmd fornleifaskráningar og framkvæmdarannsóknna eru um of háð því hvert fjárhagslegt bolmagn sveitarfélaga eða verkkaupa er.

Rót vandans liggur í núverandi lagaumhverfi og fjármögnunarlíkani fornleifarannsóknna og fornleifaskráningar, sem leggur þá skyldu á framkvæmdaaðila og sveitarfélög að standa alfarið straum af slíkum rannsóknum á tilteknu stigi skipulags og framkvæmda.

Kostnaður vegna fornleifaskráningar leggst mjög misjafnlega þungt á sveitarfélög.

Kostnaður vegna framkvæmdarannsóknna leggst misjafnlega þungt á framkvæmdaaðila sem veldur því að afar misjafnt er hve mikið fjármagn er lagt í slíkar rannsóknir. Sé orðsporsáhætta framkvæmdaaðila lítil er hætt við því að það hafi neikvæð áhrif á rannsóknirnar. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á samningsstöðu þeirra aðila, fornleifafræðinga, sem vinna við framkvæmdarannsóknir. Það getur ennfremur leitt til þess að lokastig framkvæmdarannsóknna sé vanfjármagnað. Brögð eru að því að úrvinnsla gagna úr fornleifarannsóknnum mæti afgangi og brýnt að fundin verði lausn á því.

13. Margir minjaflokkar eru í hættu á því að tapast á næstu árum verði ekkert að gert, einkum strandminjar, stríðsminjar og fornbatar, og skýrist af því að vernd þeirra er ófjármögnuð.

Vísað er hér í umfjöllun í kafla 10.3 og 11.4 um minjar og byggingararf í hættu að mati Minjastofnunar Íslands. Einnig í niðurstöður í viðauka 15.1.1 sem gefa vísbendingu um hvaða minjaflokka aðilar sem starfa innan minjageirans álíta í mestri hættu.

Þetta á einnig við handverksþekkingu, t.d. í tengslum við varðveislu á húsa- og bátakosti. Handverksþekking er mikilvægur og órjúfanlegur þáttur þegar kemur

að viðhaldi húsa, torfhúsa, bátakosti o.fl. Því er mikilvægt að huga að varðveislu handverksþekkingar og gæta að því að hún tapist ekki.



Ljósastarahús á Seltjarnarnesi, minjar frá veru heriðs á Íslandi. Húsið er staðsett á milli golfvallar og strandar, og er þannig á vinsælu útvistarsvæði. Staðsetningin kann að hafa stuðlað að varðveislu þess, þar sem þekking og áhugi almennings á minjum eflir og styrkir minjavernd. Hvorki herminjar né aðrar minjar frá sögulegum tímum sl. 100 ára njóta sérstakrar verndar í minjalögum. Mynd: MÍ.




Torfhleðsla er handverk sem mikilvægt er að varðveita, rétt eins og handverk við bátasmiði. Myndin sýnir Tyrningsstaði í Skagafirði. Mynd: MÍ.

13. Fornminjasjóður

Fornminjasjóður er samkeppnissjóður sem úthlutar styrkjum ár hvert. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum. Um sjóðinn gilda ákvæði X. kafla, 42. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 ásamt c- og d-lið 8. gr. sömu laga. Styrkir úr sjóðnum eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur nr. 1245/2022. Fornminjanefnd gerir tillögu um úthlutun hvers árs á grunni umsagna fagnefnda. Samkvæmt k. lið 11. gr. laga nr. 80/2013 um menningarminjar úthlutar Minjastofnun úr fornminjasjóði. Stofnunin annast einnig umsýslu sjóðsins.

13.1 Staða og þróun fjárheimilda 2013-2023

Fjárheimildir og framlög til Fornleifasjóðs samanstanda af árlegum, reglubundnum fjárheimildir úr Ríkissjóði.



Mynd 6: Þróun fjárheimilda Fornminjasjóðs 2013-2023. Árlegar, reglubundnar fjárheimildir úr Ríkissjóði. Fjárhæðir hafa ekki verið framreiknaðar og er um að ræða krónutölu hvers árs.

Sé allt tímabilið skoðað hefur orðið aukning að jafnaði, sjá mynd 8. Tímabundin lækkun varð á framlögum árin 2014 og 2015. Frá árinu 2020 hefur þó dregið úr árlegum, reglubundnum framlögum til sjóðsins.

Mikill aukning hefur orðið á því fjármagni sem veitt hefur verið um Fornminjasjóð á tímabilinu 2022-2023, og hefur það einkum falist í nokkrum tímabundnum eða

einskiptis framlögum sem ætlað var að fjármagna tiltekin verkefni sem þegar höfðu verið skilgreind. Í töflu 10 má þannig sjá verkefni sem skilgreind voru sem áhersluverkefni í tengslum við sértæk útgjaldamál.

Tafla 10: Tímabundin framlög sem ætluð voru ákveðnum verkefnum og veitt var um Fornminjasjóð á tímabilinu. Tölur eru í m.kr.

	2022	2023
Tímabundið framlag til minja í hættu af völdum náttúruvárs ⁶	30.0	30.0
Tímabundið framlag ⁷	0	35.0

Í töflu 11 má síðan sjá einskiptis framlög sem ætluð voru tilteknum rannsóknaverkefnum en ákvörðun um fjármögnun þeirra var tekin á vettvangi fjárlaganefndar.

Tafla 11: Eins skiptis framlög sem ætluð voru ákveðnum verkefnum og veitt var um Fornminjasjóð á tímabilinu 2013-2023. Tölur eru í m.kr.

	2022	2023
Eins skiptis framlag til Oddarannsóknar	10.0	0
Eins skiptis framlag til fornleifarannsóknar í Arnarfirði	0	2.5

Í fjármálaáætlun vegna 2023-2028 er gert ráð fyrir 71,6 m.kr. í fjárheimildum til Fornminjasjóðs ár hvert miðað við að forsendur haldist óbreyttar, samtals 358 m.kr.

Tafla 12: Fjármálaáætlun 2023-2028, 14-451 Fornminjasjóður. Tölur eru í m.kr.

	2023	2024	2025	2026	2027	2028
14-451 Fornminja- sjóður	109.1	71.6	71.6	71.6	71.6	71.6

⁶ Sérstakt átak hefur verið í fornleifaskráningu vegna minja í hættu og hefur áhersla verið lögð á að skrá minjar á Reykjanesi vegna jarðelda síðustu ára. Nánari forgangsröðun hefur verið á hendi Minjastofnunar en hún tekur einnig mið af hættu á eldsumbrotum á viðkomandi svæðum.

⁷ Framlagið, 35 m.kr. til eins árs, var á grunni ákvörðunar Alþingis við lokaafgreiðslu fjárlaga 2023.

13.2 Áherslur og forgangsöröðun

Í svörum Minjastofnunar kom fram að almennt hafa áherslur við úthlutun úr sjóðnum verið þær sem fram koma í úthlutunarreglum, veita má styrki til:

- Fornleifarannsóknna (fornleifauppgrafter og fornleifaskráningar).
- Miðlunar upplýsinga um fornleifarannsóknir.
- Varðveislu og viðhalds fornminja, þ.e. fornleifa og forngripa.
- Rannsóknna á forngrípum.

Sjóðnum er jafnframt heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, svo sem minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, bátar og annarra samgöngutækja.

Auk þess er heimilt að auglýsa sérstakar áherslur við úthlutun hvers árs sem verða þá í forgangi við úthlutun ársins en kemur þó ekki í veg fyrir styrk til annarra verkefna. Í því skyni hefur verið lögð áhersla á skráningu á jarðföstum herminjum (2018, vegna 2019), frágangur og skil gagnasafna úr fornleifarannsóknnum framkvæmdum fyrir gildistöku núgildandi laga (2018 og 2019, vegna 2019 og 2020), minjar í hættu vegna náttúruvár, og skil á frumgögnum úr fornleifauppgröftum sem fram fóru fyrir árið 2013 (2022, vegna 2023).

13.3 Tölfræði

Tölfræði vegna áranna 2013-2023 er að báðum árum meðtöldum.

- Heildarfjöldi umsókna, sem sótt hafa um og hlotið hafa afgreiðslu í sjóðnum á árunum 2013-2023, er 765, þar af töldust 511 styrkhæfar.
- Heildarfjárhæð allra umsókna er kr. 1.891.424.403 kr. Meðaltal heildarfjárhæðar umsókna hvers árs liggur því nærri 172 m.kr.
- Heildarfjöldi styrkja áranna 2013-2023 er 279, um 25 styrkir á ári að meðaltali.
- Heildarúthlutun styrkja 2013-2023 er 535.943.000 kr.

Af því leiðir að meðalfjárhæð hvers styrks er undir tveimur milljónum króna.

Hvað varðar synjunarhlutfall, þá liggja eingöngu fyrir upplýsingar um hlutfall af fjölda, en ekki hlutfall af heildarfjárhæð eins og í tilviki Húsafriðunarsjóðs. Einnig liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um hlutastyrki, sem geta skekkt tölfræði hvað varðar synjunarhlutfall.

Hvað varðar skiptingu eftir eðli verkefna, þá renna flestir styrkir til fornleifarannsókna (uppgröftur), því næst fornleifaskráningar, og svo úrvinnslu gagna vegna fornleifarannsókna. Aðrir flokkar eru rannsóknir á forngrípum, miðlun, varðveisla og viðhald fornminja.

13.4 Fornminjasjóður – tillögur til úrbóta

Starfshópurinn var að hluta til sammála þeim sjónarmiðum sem fram komu í spurningakönnun og sneru að fornleifasjóði, og leggur til eftirfarandi:

Nægt fjármagn

- Efla þarf og stækka sjóðinn í ljósi hins háa synjunarhlutfalls styrkhæfra umsókna, en 75 umsóknir berast að jafnaði í sjóðinn á ári hverju, þar af 50 sem metnar eru styrkhæfar en 25 sem fá styrk.
- Stækka þarf styrki í stað þess að dreifa lágum fjárhæðum á mjög marga aðila, s.s. með hlutastyrkjum. Styrkuppghæðir eru of lágar og mæta aðeins hluta þess kostnaðar sem felst í fornleifarannsókn.

Aukinn fyrirsjáanleiki

- Skoða ætti að miða styrki við verkefni í heild en ekki einstaka verkáfanga. Taka mætti í því skyni upp fyrirkomulag öndvegisstyrkja til þriggja ára til að auka fyrirsjáanleika.

Ný úrræði fyrir minjar sem eru í hættu


- Finna þarf lausnir og leiðir til að fjármagna brýn verkefni sem sjóðurinn hefur lítið sem ekkert getað sinnt, en það eru:
 - a) viðhald og viðgerðir á bátum, öðrum menningarminjum og minjastöðum,
 - b) forvirkar aðgerðir og viðbrögð við eyðileggingu fornleifa vegna náttúruvár.
- Einnig þarf að veita Minjastofnun Íslands fjárhagslegt svigrúm til að grípa inn í þegar fornleifum er ógnað vegna framkvæmda, og hafa þannig úrræði í sjóðnum er varðar bráðaaðgerðir.

14. Húsafriðunarsjóður

Húsafriðunarsjóður er samkeppnissjóður sem úthlutar styrkjum ár hvert. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Styrkir úr sjóðnum eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur nr. 577/2016. Minjastofnun úthlutar úr Húsafriðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda. Stofnunin annast einnig umsýslu sjóðsins.

14.1 Staða og þróun fjárheimilda 2013-2023

Fjárheimildir og framlög til Húsafriðunarsjóðs, sjá mynd 9, samanstanda af árlegum, reglubundnum fjárheimildir úr Ríkissjóði, sem og árlegu, reglubundnu framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í Húsafriðunarsjóð sem nemur 150 kr. á hvern íbúa í samræmi við íbúafjölda 1. janúar hvers árs.



Mynd 7: Þróun fjárheimilda Húsafriðunarsjóðs 2013-2023. Taflan sýnir eingöngu árlegar, reglubundnar fjárheimildir úr ríkissjóði og árlegt, reglubundið framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Líkt og í tilviki Fornminjasjóðs dró verulega úr framlögum ríkisins til Húsafriðunarsjóðs árin 2014 og 2015, en þau jukust aftur árið 2016.

Árlegt, reglubundið framlag frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í sjóðinn nemur 150 kr. á hvern íbúa í samræmi við íbúafjölda 1. janúar hvers árs. Hefur það haldist nokkuð stöðugt síðasta áratuginn. Árin 2014 og 2015 nam þetta framlag tæpum helmingi fjárveitinga sjóðsins.

Engin tímabundin framlög til sérstakra áherslumála hafa runnið til sjóðsins síðastliðinn áratug.

Árið 2020 rann til sjóðsins eins skiptis framlag sem ætluð var atvinnuskapandi verkefnum. Var framlagið hluti af sérstöku fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar í tengslum við heimsfaraldur Covid-19. Árið 2023 var veitt um sjóðinn framlagi ríkisstjórnarinnar vegna húsaflutninga á Seyðisfirði, sjá töflu 13.

Tafla 13: Eins skiptis framlög sem ætluð voru ákveðnum verkefnum og veitt var um Húsafriðunarsjóð á tímabilinu 2013-2023. Tölur eru í m.kr.

Ár	Verkefni	Fjárhæð
2020	Eins skiptis framlag til atvinnuskapandi verkefna vegna heimsfaraldurs Covid-19, hluti af sérstöku fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar vegna faraldursins.	100.0
2023	Eins skiptis framlag vegna flutnings aldursfriðaðra húsa af hættusvæðum á Seyðisfirði.	190.0
Samtals		290.0

Í fjármálaáætlun vegna 2023-2028 er gert ráð fyrir 255,3 m.kr. í fjárheimildum til Húsafriðunarsjóðs ár hvert miðað við að forsendur haldist óbreyttar, samtals 1.276,5 m.kr.

Tafla 14: Fjármálaáætlun 2023-2028, 14-452 Húsafriðunarsjóður. Tölur eru í m.kr.

	2023	2024	2025	2026	2027	2028
14-452 Húsafriðunar- sjóður	443.3	255.3	255.3	255.3	255.3	255.3

14.2 Áherslur og forgangsröðun

Áherslur sjóðsins eru fyrst og fremst á friðlýst hús og mannvirki og friðlýstar kirkjur en árið 2022 var lögð áhersla á torfhúsaarfinn og þá var úthlutað 23,5 m.kr. til tólf torfhúsaverkefna.

Ef forgangsraða á umsóknum, í þeim tilvikum þegar við blasir að ekki verði hægt að mæta nema litlum hluta þeirra, hefur verið miðað við að forgangsraða friðlýstum húsum og mannvirkjum sem og friðlýstum kirkjum fram yfir flokkinn önnur hús og mannvirki.

Í svörum Minjastofnunar, vörsluaðila sjóðsins, til starfshópsins, kom fram að styrkjum úr Húsafriðunarsjóði sé ætlað að mæta aukakostnaði umfram hefðbundið viðhald sem hlýst af því að varðveita eða endurgera hús með hliðsjón af upphaflegri gerð. Þeir eru m.ö.o. ekki ætlaðir í hefðbundið viðhald fasteigna,

svo sem að skipta um járn á þaki, nema að fleira komi til. Sama á við um tæknilegar endurbætur fasteignar, svo sem endurnýjun lagna og einangrun, ekki eru veittir styrkir til slíkra verkefna.

Í svörum stofnunarinnar kom einnig fram að við mat á umsóknum séu ákveðnar forsendar hafðar til hliðsjónar og þar vegur varðveislugildi hússins þyngst (sjá umfjöllun um verndargildi í kafla 11.2). Í því sambandi eru friðlýst og friðuð hús (hús byggð 1923 eða fyrr) sett í forgang. Meðal annara þátta, sem lagt er mat á, er gæði umsóknargagna og eigið fjárframlag eigenda.

14.3 Tölfræði

Heildarfjárhæð þeirra umsókna sem hlotið hafa afgreiðslu í sjóðnum á árunum 2013-2023 er rúmir 11 milljarðar, 11.102.676.341 kr. Meðaltal heildarupphæða móttækinnar umsókna hvers árs, þ.e. þeirra sem úthlutunarnefndin fjallar um ár hvert, liggur nærri 1.000 m.kr.

- Heildarfjárhæð úthlutaðra styrkja árána 2013-2013 er 2.695.967 kr.
- Heildarfjöldi úthlutaðra styrkja 2013-2023 er 2332.
- Af því leiðir að meðalfjárhæð hvers styrks er tæpar 1.2 m.kr.

Í svörum Minjastofnunar kom fram að synjunarhlutfall Húsafriðunarsjóðs væri að meðaltali 24% sl. áratug, en að hlutfallið hefði hæst orðið 42% árið 2014 þegar í sjóðinn var veitt innan við 100 m.kr. Synjunarhlutfallið hefur lækkað síðustu ár og var 11% árið 2023. Þó liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um hlutastyrki, sem geta skekkt tölfræði hvað varðar synjunarhlutfall.

Hvað varðar skiptingu eftir eðli verkefna, þá er algengast að um 40% þess fjármagns sem til skiptanna er renni til verkefna sem lúta að viðhaldi aldursfriðaðra húsa. Síðustu ár hefur orðið aukning í styrkjum til verkefna sem snúa að friðlýstum kirkjum. Á bilinu 15-26% heildarstyrkfjárhæðar rennur svo til friðlýstra húsa. Aðrir flokkar eru byggða- og húsakannanir, rannsóknaverkefni, verndarsvæði í byggð (ætlanir og verkefni), og loks önnur hús.



Svalvogavegur 4A,
Þingeyri. Mynd: MÍ.

14.4 Húsafriðunarsjóður – tillögur til úrbóta

Starfshópurinn var í meginatriðum sammála þeim sjónarmiðum sem fram komu í spurningakönnun og sneru að húsafriðunarsjóði, og leggur til eftirfarandi:

Skýr stefna

- Sjóðurinn starfi eftir skýrri heildarstefnu svo tryggt sé að fjármunir renni til þeirra verkefna sem mestu máli skipta og eru í samræmi við faglegar áherslur.

Nægt fjármagn

- Efla þarf og stækka sjóðinn í ljósi verulegrar fjölgunar á lögvernduðum húsum og mannvirkjun með nýlegri lagabreytingu.

Aukinn fyrirsjáanleiki

- Taka þarf upp fyrirkomulag öndvegisstyrkja til þriggja ára til að auka fyrirsjáanleika.

Eftirfylgd

- Auka þarf miðlun í tengslum við framgang verkefna sem hlotið hafa styrk.


Ný úrræði

- Stofna þarf sérstakan sjóð fyrir kirkjur.
- Víkka þarf út verksvið sjóðsins þannig að honum verið heimilt að styrkja umfangsmikil viðhaldsverkefni á menningarminjum.

15. Viðaukar

15.1 Meginniðurstöður úr spurningakönnun

Aðkoma svarenda að minjavernd eru hér sýndar myndrænt, en svarendur höfðu val um að haka við tiltekna flokka. Hægt var að haka við fleiri en einn flokk.



Mynd 8: Flokkar svarenda í spurningakönnun, aðkoma að minjavernd. Þátttakendur gátu valið úr 9 flokkum. Hægt var að velja fleiri en einn flokk.

Eftirfarandi spurningar voru í spurningakönnun sem send var út, sjá nánar í kafla 2.3.

MINJAR Í HÆTTU

1. Hvaða minjaflokkar, minjaheildir og minjastaðir eru í mesti hættu á að glata verndargildi sínu eða tapast að miklu leyti næstu árin?

VIÐFANGSEFNIÐ MINJAVERNÐ

2. Í hverju felst minjavarsla á Íslandi?
3. Að hvaða leyti er minjavernd frábrugðin náttúruvernd?
4. Fagfélög og lögbundnar fagnefndir og fagráð - hvert er hlutverk þeirra?
5. Hvaða frjálsu félagasamtök hafa lagt vernd menningarminja lið og í hvaða mynd?
6. Að hve miklu leyti einkennist framkvæmd minjaverndar á Íslandi, eins og hún er skilgreind í lögum um menningarminjar, af viðbragði, t.d. vegna minja í hættu?

ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI

7. Hvaða málaflokkar álitur þú að hafi mesta samlegð með miðlun og vernd fornminja og byggingararfs?
8. Fagfélög og lögbundnar fagnefndir og fagráð - Hvernig væri hægt að efla þau enn frekar?
9. Hvaða tækifæri liggja í aukinni sjálfvirkni, tæknivæðingu, straumlínulögun, tekjuöflun og útvistun við framkvæmd minjaverndar, ekki síst við þjónustu- og stjórnsýsluþáttinn?
10. Hverjar eru helstu áskoranir í minjavernd í dag að þínu mati?
11. Hver eru helstu tækifæri í minjavernd að þínu mati?
12. Hvað er gert í dag sem mætti gjarnan hætta að gera?
13. Hvað er ekki gert í dag sem mætti gjarnan byrja að gera?

ANNAÐ

14. Sjónarmið varðandi Fornminjasjóð og/eða Húsafriðunarsjóð sem þú vilt koma á framfæri í tengslum við vinnu starfshópsins.
15. Sjónarmið varðandi gæði og fagmennsku í minjavernd sem þú vilt koma á framfæri í tengslum við vinnu starfshópsins.

Í meginniðurstöðum úr spurningakönnun eru eftirfarandi hlutar og fylgja þeir hér á eftir:

- Spurning 1 – minjar í hættu
- Spurning 6 -minjavernd á Íslandi: viðbragð eða frumkvæði?
- Spurning 8 – efling fagnefnda, fagráða og fagfélaga
- Spurning 9 – ný tækifæri við framkvæmd minjaverndar
- Spurningar 10 og 11 – áskoranir og tækifæri í minjavernd á Íslandi
- Spurningar 12 og 13 – Blue Ocean greining
- Spurningar 14 og 15 – sjónarmið sem fram komu varðandi sjóðina tvo

15.1.1 Spurning 1 - minjar í hættu

Spurt var: „Hvaða minjaflokkar, minjaheildir og minjastaðir eru í mesti hættu á að glata verndargildi sínu eða tapast að miklu leyti næstu árin?“ Niðurstöðum er skipt hér í þrjá flokka: Byggingararf, fornminjar og annað.

Byggingararfur	<ul style="list-style-type: none"> • Stríðsminjar og önnur yngri mannvirki með mikið sögulegt gildi en njóta ekki lagalegrar verndar. • Sögulegar heildir svæða í þéttbýli og sveitum, götuheildir, húsaþyrpingar. • Eyðibýli og önnur eldri hús til sveita. • Eldri byggingar nærri framkvæmdasvæðum, s.s. þéttingarreitum. • Byggingar sem hafa fyrst og fremst sögulegt gildi en teljast ekki endilega til merkrar byggingarlistar.
Fornminjar	<ul style="list-style-type: none"> • Bataarfurinn, forn bátar og aðrar sjóminjar. • Strandminjar - jarðfastar minjar og minjasvæði við sjávarsíðuna, svo sem naust og verstöðvar, vegna sjávarrofs og landsigs. • Minjar sem eru á bilinu 100-200 ára, þar sem fólk átti sig ekki á því að þær njóti verndar. • Fornminjar nærri framkvæmdasvæðum. • Minjar nálægt og í þéttbýli, t.d. þær sem eru á fyrirhuguðum þéttingarreitum. • Nýminjar, yngri minjar sem ekki njóta verndunar í lögum. • Minjar nærri hættusvæðum vegna náttúruhamfara. • Minjar nærri skógræktarsvæðum. • Menningarlandslag, stundum nefnd búsetulandslag í lögum. • Minjar í heimatúnum í sveitum. • Minjar á árbökkum. • Minjar þar sem uppgröftur er í gangi og þær opnast fyrir náttúruöflunum. • Minjar sem opnast vegna jarðvegsrofs/uppblásturs.
Annað	<ul style="list-style-type: none"> • Lifandi minjar (t.d. trjálundir, einstök tré) • Handverksþekking.

MINJAR Í HÆTTU

"Lifandi minjar eins og t.d. trjálundir, einstök tré og garðagróður sem hafa menningar-, sögu-, ræktunarsögu- eða fræðilegt gildi."

"Yngri minjar eru oft í meiri hættu en eldri þar sem fólk áttar sig gjarnan ekki á gildi þeirra."

"...svo er skógrækt að verða ansi yfirþyrmandi ógn þar sem hún virðist ekki lúta sömu lögmálum og aðrar róttækar framkvæmdir sem umturna landslagi og menningarminum."

"Vandamálið minjaverndunarmegin er að enginn raunverulegur skilningur er á hugtakinu menningarlandslag Það leiðir til þess að fólk hugsar í punktum..."

Af byggingararfi höfðu svarendur í hópi hagaðila mestar áhyggjur af yngri mannvirkjum með mikið sögulegt gildi en sem njóta ekki lagalegrar verndar, s.s. herminjum. Einnig byggingum nærri framkvæmdasvæðum, sem og sögulegum heildum bygginga. Af fornminjum var bataarfurinn mjög áberandi, en einnig jarðfastar minjar við sjávarströndina, vegna sjávarrofs og landsigs. Nokkrir svarendur nefndu menningarlandslag og minjaheildir. Loks voru fornminjar nærri hamfarasvæðum og framkvæmdasvæðum tilgreindar í hættu, þ.m.t. skógræktarsvæði sem hagaðilarnir höfðu sérstakar áhyggjur af.

15.1.2 Spurning 6 - minjavernd á Íslandi: viðbragð eða frumkvæði?

Spurningin var: Að hve miklu leyti einkennist framkvæmd minjaverndar á Íslandi, eins og hún er skilgreind í lögum um menningarminjar, af viðbragði, t.d. vegna minja í hættu?

Út frá 21 svári sem barst við spurningunni er hægt að draga saman þau atriði sem oftast voru nefnd.

1. **Ófullnægjandi fjármögnun** svo hægt sé að bregðast við í samræmi við lög um menningarminjar
2. **Skortur á markvissum aðgerðum til að varðveita menningarminjar.** Einkum minnst á neðansjávarminjar og minjastaði sem eru taldir í mestri hættu.
3. **Skortur á samræmingu og samvinnu:** Lögð var áhersla á aukna samhæfingu og samvinnu á landsvísu. Áhersla var lögð á bætt samskipti við hagsmunaaðila sem taka þátt í verndaraðgerðum, og dæmi tekið af viðbúnaðaræfingum vegna hamfara sem ekki tækju alltaf tillit til menningarminja við björgun verðmæta. Einnig var minnst á ónóga tengingu milli stefnu, aðgerða og fjármögnunar.
4. **Brotakennd nálgun:** Nefnd var þörf fyrir samhæðari og heildstæðari nálgun og lagt til að auka samstarf og samvinnu milli ólíkra hagsmunaaðila. Einnig var lögð áhersla á samþættingu minjaverndar í skipulagi. Þar var aðalskipulag sérstaklega nefnd, sem myndi þá virka sem fyrirbyggjandi leið í stað þess að leggja áherslu á deiliskipulag, en á deiliskipulagsstigi væru öll afgangsmála orðin að viðbragði við áformum um framkvæmdir.
5. **Óskýr löggjöf** sem fjalla ekki um nægilega skýrt um hvernig bregðast eigi við, hægt að túlka minjum í óhag.
6. **Þekkingarbil:** Sumir svarenda bentu á skort á þekkingu og sérfræðiþekkingu hjá ábyrgðaraðilum sem koma að varðveislu menningarminja. Auk þyrfti skilningi á gildi menningarminja og lögum þeim tengdum.
7. **Ónóg vitund og þátttaka almennings:** Fram kom að auka þyrfti skilning og áhuga almennings á minjavernd.
8. **Skortur á rannsóknnum:** Lögð er áhersla á frekari rannsóknir og rannsóknir á varðveislu menningarminja. Lagt er til að gera frummat og kannanir og vernda staði þar til nákvæmar rannsóknir geta farið fram.
9. Meginþorri svarenda áleit að minjavernd á Íslandi einkenndist af viðbragði, og fram kom að þörf væri á forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum. Minjavernd einkenndist af því að verið væri að slökkva elda hverju sinni. Aðgerðir sem byggðu á frumkvæði, eins og rannsóknir eða miðlun, mættu afgangi. Í tveimur svörum kom fram að þróunin hafi þó verið mjög til betri vegar síðustu ár, s.s. hvað varðar stefnumótun, fræðslu, varðveislu og markvissa fornleifaskráningu. Einnig kom fram í einu svári að vernd byggingararfs einkenndist minna af viðbragði en vernd jarðfastra minja.

VIÐBRAGÐ

„Minjaverðir, sem ég þekki til, vinna þrekvirki við að halda í við skipulag og framkvæmdir en eru oft langt á eftir í ferlinu vegna anna sem verður síst til að auka álit almennings, framkvæmdaraðila og stjórnvalda á málaflokknum.“

„Markvisst hefur verið unnið að skráningu á minjum og varðveislu, unnið hefur verið að stefnumótun og fræðslu sem hefur skilað sér í góðri minjavörslu.“

„...það þarf að auka veg aðalskráningar svo minjavernd eigi að vera í einhvers konar fyrirbyggjandi aðgerðum. Það mundi líka flýta fyrir deiliskipulagi og minni hætta á að núningur verði milli framkvæmdaðila, sveitarfélaga og minjaverndar.“

15.1.3 Spurning 8 – efling fagnefnda, fagráða og fagfélaga

Spurningin var: *Fagfélög og lögbundnar fagnefndir og fagráð - Hvernig væri hægt að efla þau enn frekar?*

Út frá þeim 20 svörum sem bárust við spurningunni er hægt að draga saman þau atriði sem oftast voru nefnd.

1. Auka við þverfaglega samvinnu í nefndum og ráðum og leggja áherslu á að ný sjónarmið og hugmyndir fái að njóta sín.
2. Að sjá til þess að nefndarmenn hafi viðeigandi menntun og reynslu í málaflokknum.
3. Koma á hámarkstíma hvað varðar nefndarsetu og aftengja stjórnsmál frá skipun í nefndir.
4. Auka það fjármagn sem fagnefndir hafa úr að spila hvað varðar veitingu styrkja, þannig að hægt sé að hafa upplýsingamiðlun, gæði og árangur að leiðarljósi. Samhliða auknu fjármagni til fagnefnda væri hægt að auka kröfur um gagnsæi styrkveitinga og ábyrgð því fjármagni.
5. Efla samtal fagnefnda á milli fagstéttarinnar og koma á vinnureglu um meiri endurgjöf vegna umsókna.
6. Koma á fót sérstökum fagnefndum um minjar í hættu, s.s. strandminjar.
7. Tryggja fjárhagslegan grundvöll fagfélaga þannig að vinna stjórna og félagsmanna þeirra, s.s. við gerð umsagna, fari ekki alfarið fram í sjálfböðavinnu.
8. Styrkja rödd fagfélaga og veita þeim frekari áhrif og vægi, ekki síst hvað varðar undirbúning að lagasetningu og stefnumótun.
9. Styrkja samtal við stjórnsýslu sveitarfélagana hvað varðar fagráð.
10. Tryggja málaflokkunum nægt fjármagn og slíkt mun sjálfkrafa efla félög, fagráð og -nefndir.

Rétt er að nefna að sumir svarendur svöruðu ekki beint spurningunni en bentu þess í stað á áskoranir í málaflokkunum eða mjög afmarkaðar tillögur að lausn. Bent var á að ekki njóti öll landsvæði þjónustu minjavarðar í viðkomandi landshluta. Best sérstaklega á Vestfirði í þessu samhengi, þar sem strandlína er afar löng og mikið er um strandminjar..

EFLING GRASRÓTAR

„Hættan í þessum málaflokki er, eins og annars staðar, að ákveðinn hópur, tiltölulega þröngur hvað varðar reynslu og menntun, ræði sín á milli.“

„Eins og staðan er núna er fagfélög að öllu leyti sjálfböðastarf enda geta um 90 aðalfélagar ekki borið þann kostnað að borga neinum laun (þótt það væri ekki nema mjög lítið) til þess að fylgjast með umræðum, senda fyrirspurnir, gera athugasemdir við frumvörp eða drög. Fjöldi frumvarpa sem snerta fornleifafræði eru fleiri en maður heldur við fyrstu sýn. ...Það mætti koma á fót fagnefnd sem gæti lagt til stefnur og athugasemdir við frumvörp og verið í hagsmunabaráttu fyrir fagið – sem Félag fornleifafræðinga á erfitt með eins og er nema fórn miklum tíma.“

„Þjóðin þarf að hafa þá stefnu í minjavörslu að starf við minjavörslu byggist ekki mikið á félagastarfi.“

15.1.4 Spurning 9 – ný tækifæri við framkvæmd minjaverndar

Spurt var: *Hvaða tækifæri liggja í aukinni sjálfvirkni, tæknivæðingu, straumlínulögun, tekjuöflun og útvistun við framkvæmd minjaverndar, ekki síst við þjónustu- og stjórnsýsluþáttinn?*

Miðað við þau 20 svör sem bárust við spurningunni er hægt að draga saman þau atriði sem oftast voru nefnd.

- Nýta tæknina enn frekar í minjavernd
 - Nýta smáforrit í síma fyrir minjar þar sem t.d. gönguhópar geta tekið myndir af minjum, merkt staðsetningu og sett inn í gagnagrunn?
 - Taka upp rafræn minjaskilti.
 - Auka miðlun á minjum en ekki síst byggingararfinum, og nýta þannig margmiðlun,
 - Auka miðlun til almennings á um gildi minja.
 - kortasjár, þrívíddarskönnun og sýndarveruleika.
- Auka samvinnu og samstarf við aðrar sérfræðigreinar
 - Hvetja til þverfaglegrar samvinnu og samtala við aðra sérfræðinga, og horfa þar t.a.m. til tölvunarfræði og sálfræði.
 - Byggja upp ímynd málaflokksins út á við og gagnvart öðrum málaflokkum.
- Fjármagn og tekjuöflun
 - Skoða hvort Minjastofnun getur aflað tekna til að mæta kostnaði við veitta þjónustu.
 - Skoða möguleika á tekjuöflun í tengslum við ferðaþjónustu og umferð ferðafólks.
 - Skoða möguleika á tekjuöflun í tengslum við miðlun.
 - Kanna möguleika á því að koma upp sérstökum sjóði í tengslum við viðhald fornbáta, með lögbundnum tekjustofni.
- Skilvirkni og stöðlun
 - Tryggja stöðlun, samræmingu staðla og samræmi hvað varðar gögn og öflun þeirra. Slíkt verði að vera á hendi opinbers aðila sem varðveitir gögnin á einum stað.
 - Skoða að nýta gervigreind við svörun erinda og stjórnsýslu minjamála.
 - Tryggja faglega rýni á öllum meiriháttar breytingum í átt að aukinni skilvirkni.
- Þekkingaryfirfærsla og þátttaka almennings
 - Hvetja til þátttöku almennings og framlags sjálfboðaliða. Nýta betur þekkingu fólks um allt land á minjum í sínu nærumhverfi og safna þekkingunni saman.

NÝ TÆKIFÆRI

„Þá mætti svo sannarlega velta fyrir sér hvort gervigreind geti ekki annast hluta af skriffinnsku minjavarða.“

„Ég myndi ekki telja að útlitun við framkvæmd minjaverndar væri endilega æskileg en sannarlega útvistun á öflun upplýsinga og fornleifarannsóknna sem ég tel að gæti verið bæði sparnaðar og gæðaaukandi.“

„Ýmis tækifæri liggja í tækninýjungum, s.s. gagnagrunnum sem eru í stöðugri þróun.“

„Það liggja mikil og jákvæð tækifæri í því að byggja ímynd málaflokksins upp.“

„Aukin markviss samþætting sem miðar að skilvirkari nýtingu fjármagns. gleyma ekki kjarnastarfseminni, faglegu hliðinni sem of mikið er farið að víkja fyrir stjórnsýslunni

15.1.5 Spurningar 10 og 11 - áskoranir og tækifæri í minjavernd á Íslandi

Starfshópnum þótti brýnt að kanna og greina viðhorf þeirra sem koma að minjavernd til helstu áskorana og tækifæra.

Spurt var: *Hverjar eru helstu áskoranir í minjavernd í dag að þínu mati?*

Miðað við þau 23 svör sem bárust við spurningunni eru tíu helstu áskoranir í minjavernd eftirfarandi:

1. Ófullnægjandi fjármögnun minjaverndar, þar sem framlög hækki ekki í takt við aukin umsvif nærri minjum, né nái utan um kostnaðarsamar verndaraðgerðir (bátaarfur, fornleifaskráning, strandminjar).
2. Skortur á skilningi og skynbragði á gildi menningarminja.
3. Skortur á samhæfingu og samstarfi milli stofnana, sveitarfélaga, hagsmunaaðila og sérfræðinga.
4. Óvissa og breytingar á stjórnskipulagi menningarminja, og áhrif þess á fagið.
5. Skortur á fjármagnaðri langtímaáætlun fyrir vernd menningarminja, einkum varðandi skráningu menningarminja.
6. Skortur á sameiginlegu leiðarljósi um mikilvægi minjaverndar, m.a. innan fagstéttarinnar, og lágmarksviðmiðum um tiltekna rannsóknir.
7. Takmörkuð virðing borin fyrir fagþekkingu á sviði menningarminja.
8. Skortur á trausti, samvinnu og vettvangi samvinnu milli ólíkra aðila sem koma að menningarminjum.
9. Hörð samkeppni innan fagstéttarinnar sem kemur niður á samstöðu.
10. Skortur á skilvirkri og gagnkvæmri miðlun upplýsinga um menningarminjar, s.s. af niðurstöðum fornleifarannsóknna.

ÁSKORANIR

„Að stjórnvöld og almenningur skilji tilganginn með því að varðveita minjar, að stjórnvöld sinni þessum af alúð og leggi það fjármagn sem til þarf þannig að þetta skili árangri.“

„Að vinna sem hluti af heild og í samvinnu við utanaðkomandi aðila öllum til heilla. Minjavernd á ekki að vera steinn í götu þeirra sem vilja gera vel með óþarfa lögregluhegðun í fíllabeinsturni heldur miðla og aðstoða og ekki síst fræða.“

„Að stórefla skráningu menningarminja, þó ekki í einhverju skammsýni sprengiátaki heldur með langtímaáætlunum. Skortur á yfirsýn yfir menningararfinn er ein helsta áskorun í minjavernd í landinu og jafnframt forsenda þess að hægt sé að reka góða minjavernd og vinna að hnitmiðaðri stefnumótun. Ég hef líka áhyggjur af ráðagerðum um stórauðna skógrækt sem fram að þessu hefur ekki lotið neinum þeim lögmálum eða taumhaldi sem gildir um flestar aðrar framkvæmdir sem umturna landi.“

Spurt var: *Hver eru helstu tækifæri í minjavernd í dag að þínu mati?*

Miðað við þau 21 svör sem bárust við spurningunni eru tíu helstu tækifæri í minjavernd eftirfarandi:

1. Samspil menningarminja og ferðaþjónustu, með það að markmiði að laða að innlenda og erlendi gesti og auka áhuga og þekkingu á minjum.
2. Stafræn tækni og aukin samvinna með það að markmiði að afla nýrrar þekkingar. Í því fælist nýting stafrænnar tækni til að auka vitund, skilning og áhuga á minjum. Samvinna við háskólasamfélagið, þverfagleg verkefni og ný sjónarhorn. Hvetja til og styðja við auknar rannsóknir, einkum á samspli fólks/samfélaga og menningarminja.
3. Auka vitund á menningarminjum og eiga opið samtal um gildi menningarminja, ekki síst með almenning og ferðaþjónustu í huga. Kynna betur helstu menningarminjar landsins sem teljast með afar hátt minjagildi.
4. Nýta betur þau tækifæri sem felast í menningarlandslagi, bæði í miðlun og rannsóknum.
5. Gangast við ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum og hafa þannig hugfast jafnræði kynslóðanna gagnvart því að njóta menningarminja.
6. Tryggja nægilega þekkingu á handverki og vinnulagi í viðhaldi menningarminja.
7. Hagnýting menningarminja, þ.e. að gefa aðilum sem þess óska aukin tækifæri í þá veru.
8. Markviss nýting og uppbygging minjastaða með það að markmiði að vekja athygli og áhuga á þeim.
9. Stuðningur við minjavörslu í héraði.
10. Fjölga störfum fyrir menntaða fornleifafræðinga, s.s. í tengslum við ferðaþjónustu og sem „brúarsmiðir“ milli ólíkra hagsmunaaðila. Slíkt myndi leiða til aukins áhuga og þekkingu á minjum.

TÆKIFÆRIN Í DAG

„...við höfum séð hvernig eldri hús hafa verið gerð upp með ný hlutverk og þar er einmitt aðdráttarflið meira, hið sama myndi gerast ef við horfðum með sömu tækifærum á báta- og skipaarfinn, þá er hægt að hagnýta þar sem skráningar minja hafa verið gerðar út um allt land og tengt minjarnar gönguleiðum og upplifun samhliða upplifun einstæðrar Íslenskrar náttúru.“

„Innleiðing tækni til að opna augu fólks og auka skilning og áhuga, blasir við.“

„Að horfa út fyrir staðalímyndir fólks á því hvað sé merkilegt og hvað ekki þegar kemur að menningararfinum.“

„Mannauðurinn - fólk sem hefur sérhæft sig í verndun menningararfsins.“

„Aukin áhersla á mikilvægi menningarminja til jafns við náttúru landsins í ferðaþjónustu, þar sem brýnt er að samráð og skilningur ríki á milli málaflókka.“

15.1.6 Spurningar 12 og 13 - Blue Ocean greining

Blue Ocean greining felur í sér að greina núverandi fyrirkomulag hluta fjórum breytum. Efnið sem lá til grundvallar Blue Ocean greiningarinnar voru svör við spurningum nr. 12 og 13 í spurningakönnuninni:

- Hvað er gert í dag sem mætti gjarnan hætta að gera?
- Hvað er ekki gert í dag sem mætti gjarnan byrja að gera?

Yfirleitt var samhljómur í svörum, en mjög ólík sjónarmið komu fram um friðlýstar minjar; hvort heimila ætti rannsóknir á þeim eður ei.

HÆTTA	DRAGA ÚR
<i>Viðhorf til minja og minjaverndar</i>	<i>Viðhorf til minja og minjaverndar</i>
<ul style="list-style-type: none"> × Að tala niður minjavernd × Að vera alltaf í vörn 	<ul style="list-style-type: none"> ↓ Að einblína á smáatriði í stað þess að horfa á heildarmyndina í minjavernd. ↓ Að horfa "of mikið" inn á við og þröngt á hlutina.
<i>Stjórnvöld og löggjafinn</i>	<i>Stjórnsýsla Minjastofnunar og þjónusta við almenning og fyrirtæki</i>
<ul style="list-style-type: none"> × Að veita undanþágur til skógræktar frá mati á umhverfisáhrifum × Að líta svo á að 100 ára gömul hús þurfi að færa rök fyrir tilveru sinni en ekki ný hús og skipulag × Horfa á minjar skemmast án þess að þær séu hið minnsta rannsakaðar. × Að henda málaflokknum á milli ráðuneyta 	<ul style="list-style-type: none"> ↓ Rétti landeigenda til þess að tefja fyrir minjavernd
<i>Stjórnsýsla Minjastofnunar og þjónusta við almenning og fyrirtæki</i>	<i>Minjastofnun og fagstéttin</i>
<ul style="list-style-type: none"> × Fornleifakönnunum sem framkvæmdar eru af Minjastofnun án skriflegrar skýrslu. × Að Minjastofnun sé að taka að sér verkefni fyrir framkvæmdaaðila. × Að vera stofnun sem hefur það orðspor að vera erfið, þurr og beinlínis ósanngjörn og þá sérstaklega við landsbyggðina × Að hunsar áhugasamt fólk og svara ekki erindum þess 	<ul style="list-style-type: none"> ↓ Staðlaðri hegðun og svörum í samskiptum líkt og skatturinn
<i>Minjastofnun og fagstéttin</i>	
<ul style="list-style-type: none"> × Að bola öllum í burtu frá Minjastofnun með neikvæðni og ófaglegum afgreiðslum erinda. × Að líta á fornleifafræðinga sem mestu óvini minjaverndar × Að veita leyfi til áframhaldandi rannsókna án þess að skýrsla liggja fyrir. × Að Minjastofnun, eða arftaki hennar, taki sjálf þátt í rannsóknum. 	
<i>Friðlýstar minjar</i>	
<ul style="list-style-type: none"> × Að vernda friðlýstar minjar eins og heilaga gripi sem ekki má einu sinni horfa á. × Að leyfa rannsóknir á friðlýstum svæðum. 	

BYRJA

Viðhorf til minja og minjaverndar

- + Hefja jákvæðan sýnileika
- + Að hamra inn mikilvægi menningararfsins á jákvæðan hátt. Fá íbúa landsins með í lið - vera stolt af frumbyggjum svæðanna og þeirra framlag til tilveru okkar í dag.

Stjórnvöld og löggjafinn

- + Að horfast í augu við áskorunina, uppsafnaðan vanda sem hefur hlaðist upp vegna þess að málaflokkur minjaverndar hefur verið sveltur allt frá upphafi.
- + Að einfalda stjórnsýsluna sjálfa
- + Að gera raunhæfa áætlun um björgun menningarminja og flokka niður eftir eðli þeirra
- + Að horfa vítt á hlutina - minjavernd snýst ekki bara um að vernda spýtur, róta í mold og passa að steinar séu ekki hreyfðir
- + Útbúa sjóð sem sveitarfélög gætu sótt um hlutagreiðslu úr vegna almennrar fornleifaskráningar (aðalskráningar).

Minjastofnun og fagstéttin

- + Að gera kröfu um skil á skýrslum áður en framhaldsleyfi til rannsókna eru veitt, nema í sérstökum undantekningartilvikum

Friðlýstar minjar

- + Taka afstöðu til friðlýstra minja í eitt skipti fyrir öll.

Stjórnsýsla Minjastofnunar og þjónusta við almenning og fyrirtæki

- + Samræma afgreiðsluferli mála
- + Standa að gerð leiðbeininga til almennings er varðar hvað má og má ekki í tengslum við friðaðar og friðlýstar minjar

Gæðamál og forgangsöröðun rannsókna

- + Forgangsraða rannsóknarverkefnum
- + Að gera sérstaka rannsóknadagskrá sem vinna þar fyrir hvern landshluta fyrir sig
- + Huga að yngri byggingararfi í skráningarstaðli fyrir hús og mannvirki
- + Huga að stöðlun skráningar fyrir önnur mannvirki en hús, sem skilgreind eru sem byggingararfur í lögum.

GERA MEIRA

Viðhorf til minja og minjaverndar

- ↑ Vinna af metnaði og framsýni að verndun og rannsóknnum minja.
- ↑ Auka jákvæðni í garð minja
- ↑ Þátttökugleði - fáum fólkið í landinu til að verða ábyrgt fyrir varðveislu menningararfs síns svæðis.
- ↑ Kennum að lesa landslagið og þekkja fornleifar og hús.

Stjórnvöld og löggjafinn

- ↑ Auka gagnsæi í stjórnsýslu og sjóðum
- ↑ Standa stolt og sterk með menningararfinum framtíðinni til heilla
- ↑ Að tala miklu meira um minjar og sögu undir jákvæðum og uppbyggilegum formerkjum
- ↑ Efla varðveislu sjóminja
- ↑ Sinna varðveislu skipa og báta í enn frekara mæli
- ↑ Koma á eða auka samráð milli Skipulagsstofnunar og Minjastofnunar um skráningu menningarminja vegna skipulags
- ↑ Efla þann þátt í starfi Minjastofnunar sem snýr að verndun byggingararfsins
- ↑ Auka fé í skráningu og tengja sveitafélög betur við minjavernd.

Minjastofnun og fagstéttin

- ↑ Svára erindum og fyrirspurnum

Friðlýstar minjar

- ↑ Að rannsaka friðlýstar fornminjar.

Gæðamál og forgangsöröðun rannsókna

- ↑ Vinna betur úr fornleifaskráningargögnum
- ↑ Að gera kröfur til leyfishafa um menntun og reynslu
- ↑ Huga betur að verndun og skráningu manngerðs umhverfis, svo sem í hönnun garða, opinna svæða og gatna (söguleg götugögn).

15.1.7 Spurningar 14 og 15 – sjónarmið sem fram komu varðandi sjóðina tvo

Í svörum sem bárust í tengslum við spurningakönnun starfshópsins komu eftirfarandi sjónarmið fram í tengslum við **Fornminjasjóð**:

- Efla þarf og styrkja sjóðinn þannig að ekki þurfi að leita aukafjárveitinga ár hvert
- Auka þarf gagnsæi varðandi afgreiðslu mála.
- Stofna sérstakan báta- og skipasjóð og aðgreina þannig þann málaflokk frá öðru sem fellur undir verksvið sjóðsins.
- Skoða þarf að færa sjóðinn undir Rannís, eða auka vægi úthlutunarnefnda, og draga þannig úr áhrifum vörsluaðila á endanlega úthlutun.
- Skoða þarf hvort heppilegra sé að stækka styrki og fækka þeim.
- Tryggja betur að þeir sem taki ákvarðanir um styrki hafi ekki hagsmuna að gæta.
- Bæta upplýsingamiðlun og leiðbeiningar.
- Fjölga fagaðilum í úthlutunarnefnd.
- Endurskoða fulltrúa í úthlutunarnefnd út frá faglegum kröfum.
- Tryggja að fjármagn í sjóðinn fylgi verðlagsþróun.
- Leita leiða til að framlag frá sveitarfélögum komi í Fornminjasjóð um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, líkt og í tilviki Húsafriðunarsjóðs.
- Breyta sjóðnum þannig að hann nái eingöngu til grunnrannsókna, bæði á fornleifum og húsum.

Í svörum sem bárust í tengslum við spurningakönnun starfshópsins komu eftirfarandi sjónarmið fram í tengslum við **Húsafriðunarsjóð**:

- Efla sjóðinn, ekki síst vegna stóraukins fjölda lögverndaðra og þar með styrkhæfra húsa og mannvirkja, sem varð með breytingu í ársbyrjun 2023 á aldursviðmiði umsagnarskyldu í lögum um menningarminjar.
- Skoða að stofna sérstakan sjóð fyrir kirkjur.
- Skoða að taka upp fyrirkomulag öndvegisstyrkja til þriggja ára til að auka fyrirsjáanleika.
- Auka miðlun í tengslum við framgang verkefna sem hlotið hafa styrk.
- Skoða að endurnefnda sjóðinn Minjaverndarsjóð og láta hann einnig ná til fornbáta, s.s. til verkefna þar sem verið væri að gera upp hús, báta og annað

15.2 Hagsmunaaðilar

Tafla 15: Skilgreindir framkvæmdaaðilar, samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar.

<i>Framkvæmdaaðilar eru stofnanir og fulltrúar verkefna sem bera ábyrgð á framkvæmd verkefna sem varða viðfangsefnið beint.</i>	<i>Samstarfsaðilar eru önnur ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög sem eru ekki beinn hluti viðfangsefnisins en eru með einhverjum hætti í samstarfi um framkvæmd verkefna á þessu sviði. Undir samstarfsaðila er einnig horft til aðkomu einkaaðila ef veiting þjónustu er í höndum einkaaðila á grundvelli þjónustusamninga.</i>	<i>Hagsmunaaðilar eru stofnanir, félagasamtök og hagsmunasamtök ásamt fulltrúum stjórnmalaflokka sem kunna að verða fyrir áhrifum eða hafa beinan hag af tiltekinni ákvörðun eða athöfnum.</i>
Framkvæmdaaðilar	Samstarfsaðilar	Hagsmunaaðilar
<i>Hverjir sinna framkvæmd verkefna</i>	<i>Í samstarfi við hverja</i>	<i>Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar</i>
Minjastofnun	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Fagfélög
Fornminjanefnd	Þjóðminjasafn Íslands	Háskólar
Húsafriðunarnefnd	Skipulagsstofnun	Eigendur jarða
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Sveitarfélögin	Eigendur fasteigna
Minjaráðin átta	Einkaaðilar/fyrirtæki sem sinna fornleifaskráningu og -rannsóknum	Framkvæmdaaðilar
	Einkaaðilar/fyrirtæki sem sinna húsakönnunum	Frjáls félagasamtök
	Safnaráð	Skógræktin
	Byggðasöfn/menningar- minjasöfn	Landgræðslan
	Skjalasöfn	
	Landmælingar Íslands	
	Þjóðgarðar	
	Umhverfisstofnun	
	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	
	Kirkjugarðaráð	
	Breiðafjarðarnefnd	

15.3 Stefna 21 (e. Strategy 21) - yfirlitstafla

Tafla 16: Stefna 21 (e. Strategy 21) er stefna um evrópskan menningararf á 21. öld sem kom út árið 2017 á vegum ráðherranefndar Evrópuráðsins. Taflan inniheldur þær áskoranir og tillögur sem lagðar voru til sem hluti af þeirri vinnu. Heimild: <https://rm.coe.int/european-heritage-strategy-for-the-21st-century-strategy-21-full-text/16808ae270>

Challenges	Recommendations
<i>Societal</i>	
S1. Living in peace	Encourage the involvement of citizens and local authorities in capitalising on their everyday heritage
S2. Improving quality of life	Make heritage more accessible
S3. Contributing to people's well-being and good health	Use heritage to assert and transmit the fundamental values of Europe and European society
S4. Preserving the collective memory	Promote heritage as a meeting place and vehicle for intercultural dialogue, peace and tolerance
S5. Establishing good governance	Encourage and assess citizen participation practices and procedures
S6. Promoting participatory management	Create a suitable framework to enable local authorities and communities to take action for the benefit of their heritage and its management
S7. Optimising implementation of the conventions	Develop and promote participatory heritage identification programmes
S8. Promoting an inclusive approach to heritage	Encourage heritage rehabilitation initiatives by local communities and authorities
	Support intergenerational and intercultural projects to promote heritage
	Facilitate and encourage (public and private) partnerships in cultural heritage promotion and conservation projects
<i>Development</i>	
D1. Building a more inclusive and cohesive society	Promote cultural heritage as a resource and facilitate financial investment
D2. Developing Europe's prosperity by drawing on its heritage resources	Support and promote the heritage sector as a means of creating jobs and business opportunities
D3. Ensuring that Europeans enjoy a high quality of life, in harmony with their cultural and natural environment	Promote heritage skills and professionals
D4. Implementing the principle of integrated conservation	Produce heritage impact studies for rehabilitation, construction, planning and infrastructure projects

D5. Ensuring that heritage is taken into account in sustainable spatial development strategies and programmes	Encourage the reuse of heritage and use of traditional knowledge and practice
D6. Developing the ability of public services to address sustainable spatial development issues by means of better use of heritage	Ensure that heritage is taken into account in development, spatial planning, environmental and energy policies
D7. Preserving and developing the ability of public services to address heritage issues	Give consideration to heritage in sustainable tourism development policies
D8. Increasing the use and reuse of heritage	Protect, restore and enhance heritage, making greater use of new technologies
	Use innovative techniques to present cultural heritage to the public, while preserving its integrity
	Use the cultural heritage as a means of giving the region a distinctive character and making it more attractive and better known
	Develop new management models to ensure that heritage benefits from the economic spinoffs that it generates
<i>Knowledge</i>	
K1. Helping to foster a shared knowledge society	Incorporate heritage education more effectively in school curricula
K2. Identifying, preserving, transmitting and sharing heritage knowledge and skills	Implement measures to encourage young people to practise heritage
K3. Raising awareness of the values conveyed by heritage	Encourage creativity to capture the attention of the heritage audience
K4. Ensuring heritage stakeholders have access to lifelong training	Provide optimum training for non-professional players and for professionals from other sectors with a connection to heritage
K5. Guaranteeing a high technical level for all heritage trades and crafts	Diversify training systems for heritage professionals
K6. Supporting, strengthening and promoting intergovernmental co-operation	Develop knowledge banks on local and traditional materials, techniques and know-how
K7. Encouraging heritage research	Ensure that the knowledge and skills involved in heritage trades are passed on
K8. Enlisting the commitment of young people to heritage	Guarantee the competences of professionals working on the listed heritage
	Develop study and research programmes that reflect the needs of the heritage sector and share the findings
	Encourage and support the development of networks
	Explore heritage as a source of knowledge, inspiration and creativity

15.4 Verkefni á sviði minjaverndar sem hlotið hafa fjármögnun á landsáætlun um innviði

Tafla 17: Minjastofnun. Listi yfir verkefni sem hlotið hafa fjármögnun á landsáætlun um innviði og eru í umsjón Minjastofnunar. Landsáætlun hóf að fjármagna verkefni á stöðum sem eru undir álagi af völdum ferðamennsku árið 2018. Heildarfjárhæð verkefna á vegum Minjastofnunar sem þegar hafa verið styrkt á þennan hátt er 249.185.000 kr.

Heiti staðar	Heiti verkefnis	2018	2019	2020	2021	2022	2023	Samtals
<i>Borgarvirki</i>	Borgarvirki - endurskoðun hönnunar og eftirlit	-	4.000.000	-	-	-	-	
	Lagfæring hleðslna í Borgarvirki	-	6.000.000	-	-	-	-	
	Magnaukning vegna stálstiga við Borgarvirki	-	-	3.000.000	-	-	-	
	Stækkun bílastæðis og frágangur þess og nýr göngustígur frá bílastæði að Borgarvirki	-	17.450.000	-	-	-	-	
	Tvö upplýsingaskilti og einn viðvörðunarskjöldur við Borgarvirki	-	1.000.000	-	-	-	-	
	Uppsetning og frágangur á stálstiga með tréþrepum upp að Borgarvirki og upp úr virkiskvosinni. Smíði og uppsetning stálramma við bílastæði og hjólagrindur.	-	12.200.000	-	-	-	-	
<i>Búðanes og Hjallatangi</i>	Hönnun svæðis	-	-	-	-	-	4.060.000	
<i>Djáknadys í Hamarsfirði</i>	Skilti og afmörkun	1.000.000	-	-	-	-	-	
<i>Fjárborg í Mjóafirði</i>	Lagfærðar hleðslur í fjárborginni vegna álags af völdum ferðamennsku	-	-	5.000.000	-	-	-	
	Skilti við fjárborg í Mjóafirði með umgengisreglum	-	-	1.000.000	-	-	-	
<i>Gamla Brekkurétt við Grábrók</i>	Afmörkun gönguleiða við Brekkurétt við Grábrók	5.000.000	-	-	-	-	-	
	Skilti með umgengisreglum við Brekkurétt við Grábrók	1.000.000	-	-	-	-	-	
<i>Gásir</i>	Gásir - fullnaðarhönnun innviða	-	-	-	-	3.500.000	-	
<i>Gásir</i>	Gásir - skipulag svæðis (uppfært deiliskipulag og hönnun)	-	1.000.000	-	-	-	-	
	Gerð verndaráætlunar fyrir fornleifar og umhverfi hins fríðlýsta minjasvæðis á Gásum þar sem veitt verður leiðsögn um samspil verndunar og nýtingar, skipulags og reksturs.	-	-	2.000.000	-	-	-	

<i>Hegranesþing í Skagafirði</i>	Verndun minja og gróðurs á Hegranesþingstað í Skagafirði með því að girða svæðið af fyrir ágangi dýra og manna og gera þannig einnig mögulega uppgæðslu rofabarða.	-	-	-	1.000.000	-	-
<i>Hofstaðir</i>	Hofstaðir - endurskoðun deiliskipulags	-	-	-	3.500.000	-	-
	Hofstaðir – frumathugun	-	-	-	-	5.000.000	-
	Hofstaðir – fullnaðarhönnun	-	-	-	-	-	5.200.000
<i>Krosslaug í Lundarreykjadal</i>	Hönnun náttúrustígs í kringum Krosslaug í Lundarreykjadal til að hlífa umhverfi hennar.	-	-	500.000	-	-	-
	Lagning náttúrustígs í kringum Krosslaug í Lundarreykjadal til að hlífa umhverfi hennar.	-	-	1.000.000	-	-	-
	Uppsetning skiltis á bílastæði við Krosslaug í Lundarreykjadal með upplýsingum og umgengnisreglum.	-	-	500.000	-	-	-
<i>Manngerðir hellar á Ægissíðu / Fjánhelli</i>	Bæta aðgengi að Fjánhelli á Ægissíðu með því að leggja malarlag á kafla og náttúrustíg á kafla í nágrenni hellisins.	-	-	700.000	-	-	-
	Standsetning manngerðs hellis, Fjánhellis, á Ægissíðu.	-	-	1.700.000	-	-	-
<i>Manngerðir hellar á Ægissíðu / Fjóshellir</i>	Gerð hellulagnar/náttúrustígs og malaríburður við manngerðan helli, Fjóshellir, á Ægissíðu.	-	-	-	600.000	-	-
	Standsetning manngerðs hellis, Fjóshellis, á Ægissíðu.	-	-	-	5.000.000	-	2.250.000
<i>Manngerðir hellar á Ægissíðu / Hlöðuhellir</i>	Gerð hellulagnar/náttúrustígs og malaríburður við manngerðan helli, Hlöðuhelli, á Ægissíðu.	-	525.000	-	-	-	-
	Standsetning manngerðs hellis, Hlöðuhellis, á Ægissíðu.	-	3.000.000	-	-	-	-
<i>Rútshellir</i>	Lokafrágangur á Rútshellir þannig að hann geti verið opinn ferðamönnum á öruggan hátt	5.100.000	-	-	-	-	-
<i>Skálholt</i>	Endurbætur innviða, bætt aðgengi og miðlun á uppgraftarsvæðinu í Skálholt í samræmi við óloknað aðgerðir 1-5 sem tilteknar eru í verndaráætlun	13.000.000	-	-	-	-	-
<i>Skrúður í Dýrafirði - skrudgarður</i>	Verndaráætlun fyrir Skrud í Dýrafirði	2.000.000	-	-	-	-	-
<i>Snorralaug og minjasvæðið í Reykholti</i>	Lagfæring minja og umhverfis við Snorralaug í Reykholti	5.000.000	-	-	-	-	-
<i>Surtshellir (Vígshellir, afhellir)</i>	Surtshellir - skilti við bílastæði	-	-	-	-	1.640.000	-
	Verndaráætlun um mannvistarleifar í Surtshellir í samvinnu við landeigendur og Umhverfisstofnun	2.000.000	-	-	-	-	-

<i>Útilegumannabæli í landi Húsatófta í Grindavík Vogur í Höfnum</i>	Gerð verndaráætlunar fyrir fornleifar og umhverfi hins fríðlýsta minjasvæðis á Húsatóftum	-	-	-	-	2.000.000	-		
	Gerð umhverfisskipulags fyrir minjasvæðið í Höfnum á Reykjanesi	-	-	-	1.900.000	-	-		
	Vogur í Höfnum - frumathugun	-	-	-	-	4.000.000	-		
<i>Þjórsárdalur - svæði</i>	Gerð verndaráætlunar fyrir Þjórsárdal á grundvelli fríðlýstra þjóðminja.	-	3.500.000	-	-	-	-		
<i>Þjórsárdalur / Stöng</i>	Greiningarvinna fyrir minjasvæðið að Stöng í Þjórsárdal með áherslu á álag af völdum ferðamennsku og leiðir til að vernda rústir þjóðveldisbæjarins	3.000.000	-	-	-	-	-		
	Göngustígur um bæjarhól	2.000.000	-	-	-	-	-		
	Lagfæring byggingar yfir minjar með það að markmiði að afstýra eyðileggingu þeirra. Merkingar minja.	-	35.000.000	-	-	-	-	-	
	Stöng í Þjórsárdal - viðhald göngustígs	-	-	-	2.135.000	-	-		
	Stöng í Þjórsárdal, lokaáfangi í framkvæmdum við yfirbyggingu minja	-	-	-	-	46.500.000	-		
	Fornleifarannsókn vegna niðurstæðingar stoða yfirbyggingar	-	-	-	-	-	9.719.000		
	Merkingar við Stöng	-	-	-	-	-	8.006.000		
	<i>Þrístapar</i>	Þrístapar - bætt upplýsingagjöf um minjar á staðnum	-	-	1.000.000	-	-	-	
		Þrístapar - lagfæring á hleðslum og viðhald svæðis í samvinnu við sveitarfélag	-	-	1.500.000	-	-	-	
	<i>Örlygsstaðir í Skagafirði</i>	Örlygsstaðir - deiliskipulag	-	-	-	-	2.500.000	-	
<i>Samtals</i>		39.100.000	83.675.000	17.900.000	13.135.000	65.140.000	30.235.000	249.185.000	

Tafla 18: Ýmsir aðilar. Verkefni sem hlotið hafa fjármögnun á landsáætlun um innviði og eru í umsjón ýmissa aðila.

Ár	Staður	Heiti verkefnis	Umsjónaraðili	Fjárhæð
2019	Þinghelgi - Þingvöllum	Styrking og uppbygging göngustíga í sunnanverðri Þinghelgi, fyrri áfangi. ⁸	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	10.000.000
2021	Stöng í Þjórsárdal	Frumathugun vegna salernishúss við rústir Þjóðveldisbæjarins að Stöng	Umhverfisstofnun	1.000.000
2022	Ólafsdalur í Gilsfirði	Áfangi 1: uppbygging fyrir ferðamenn í tengslum við uppgriftarsvæði	Minjavernd ehf	26.169.000
2022	Friðlandið Hornstrandir - Hælavík og Tunguheiði	Endurhleðsla á vörðum á Hornströndum	Umhverfisstofnun	2.595.000
2022	Loftsalahellir í Reynishverfi	Göngustígur, brú og þrep að Loftsalahelli	Umhverfisstofnun	1.050.000
2022	Öndverðarnes - Snæfellsnes	Minjaheildarsvæði	Umhverfisstofnun	16.827.800
2023	Ólafsdalur í Gilsfirði	Áfangi 2: uppbygging fyrir ferðamenn í tengslum við uppgriftarsvæði	Minjavernd ehf	19.907.000
2023	Stöng í Þjórsárdal	Hönnun á salernishúsi	Umhverfisstofnun	4.773.600
2023	Gufuskálavör - Snæfellsnesi	Endurgerð og varðveisla	Umhverfisstofnun	1.754.500
Samtals				84.076.900

⁸ Seinni áfangi (Búðaslóð) hlaut fjármögnun í gegnum sérstakt fjárfestingaráttak í tengslum við Covid-19

15.5 Verkefni á sviði minjaverndar sem hafa hlotið styrkvilyrði frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða 2013-2023

Tafla 19: Styrkvilyrði/styrkir sem Minjastofnun Íslands hefur hlotið frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á árabílinu 2013-2023, en síðasta styrkveitingin var árið 2016.

Ár	Staður	Verkefni	Styrkvilyrði/styrkur
2013	Stöng í Þjórsárdal	Ásýnd og umhverfi. <i>Umsækjandi var Fornleifavernd ríkisins, síðar Minjastofnun Íslands.</i>	20.000.000
2013	Surtshellir	Frumhönnun til verndunar minja	1.300.000
2014	Stöng í Þjórsárdal	Verndun og uppbygging	10.000.000
2014	Stöng í Þjórsárdal	Verndun og uppbygging á stígum	5.000.000
2015	Stöng í Þjórsárdal	Lagning göngustíga við Stöng. Styrkur til að leggja göngustíga við Stöng í Þjórsárdal.	2.500.000
2015	Stöng í Þjórsárdal	Göngubrú yfir Rauðá til að bæta öryggi og aðgengi að minjum + Bílastæði.	30.000.000
2015	Hrútsellir	Laga þarf hleðslur og aðgengi til að tryggja öryggi heimsækjenda og verja minjar	4.000.000
2015	Steinahellir	Laga þarf helli, setja upp þil og bæta aðgengi og öryggi ferðamanna	4.000.000
2015	Seljavallalaug	Steypa þarf gólf í búningssklefum og fara í allsherjar steypuviðgerðir. Friðlýst.	5.000.000
2015	Fiskbyrgin Gufuskálum	Endurhlaða fiskbyrgi.	6.000.000
2015	Snorrallaug, Reykholti	Laugin var skemmd í fyrra svo það þarf að endurhlaða hana að hluta	5.500.000
2015	Flókatóftir	Gerð göngustígar, afmörkun minja með einföldu grindverki (kaðli) og skilti.	5.000.000
2015	Hringsdalur	Gerð bílastæðis við veginn.	5.000.000
2015	Vatnsfjörður	Fyrirbyggjandi aðgerðir vegna fyrirsjánlags ágangs. Göngustígar, merkingar, afmarkanir minja.	5.000.000
2015	Þingeyrar og Vatnsdalur	Bæta þarf upplýsingagjöf, setja upp leiðbeininga, skipuleggja sem eina heild	3.000.000
2015	Hegranesþingstaður	Þennan merka sögustað þyrfti að skipuleggja sem eina heild	3.000.000
2015	Örlygsstaðir í Blönduhlíð	Hönnun og skipulag svæðis	3.000.000
2015	Borgarvirki	Skipulagsvinnu fyrir svæðið í heild sem miðaði að því að verja minjarnar	3.000.000
2015	Hofstaðir í Mývatnssveit	Gera þarf áætlun um uppbyggingu svæðisins vegna minjaverndar	5.000.000
2015	Hvannalindir	Bæta aðkomu gesta að rústunum svo þeir valdi ekki frekari skaða	10.000.000
2015	Naustin í Papafirði	Bæta þarf aðgengi og kynna sögu þeirra. Ágangur ógnar tilvist mannvirkja.	5.000.000
2015	Hlíðarrétt	Forn fjárrétt. Þarfnast upphleðslu og getur orðið hættuleg ferðamönnum.	5.000.000
2016	Borgarvirki	Bætt öryggi og aðgengi ferðafólks að friðlýstum menningarminjum. Styrkur til fullnaðarhönnunar áfangastaðar.	2.841.752
2016	Mjólfjörður-skipsflak	Öryggisráðstafanir við skipsflakið á Tanga í Mjóafirði	1.350.000
2016	Selatangar	Endurbætur á aðgengi og aukin upplýsingagjöf	1.380.000
	Samtals		150.871.752

Tafla 20: Styrkvilyrði/styrkir sem ýmsir aðilar, aðrir en Minjastofnun Íslands, hafa hlotið frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á árabílinu 2013-2023.

Ár	Staður	Verkefni	Umsækjandi/styrkþegi	Styrkvilyrði/styrkur
2012	Reykholt	Umhverfi menningarminja í Reykholti	Snorrastofa í Reykholti	3.000.000
2013	Skrúður í Dýrafirði	Þjónustuhús við Skrúð í Dýrafirði	Framkvæmdasjóður Skrúðs	5.000.000
2013	Húshólmi í Ögmundarhrauni	Bætt aðgengi að minjum	Grindavíkurbær	1.500.000
2013	Skriðuklaustur	Skriðuklaustur - aðgengi fyrir alla	Gunnarsstofnun	1.100.000
2013	Gásir við Eyjafjörð	Deiliskipulag og landslagshönnun	Gásakaupstaður	6.850.000
2013	Vígðalaug við Laugarvatn	Undirbúningur og framkvæmdir	Minjavörður Suðurlands og Ferðamálafulltrúi Árnessýslu	4.000.000
2013	Gvendarlaug-Klúka í Bjarnarfirði	Hönnunarvinna og framkvæmdir	Potemkin ehf	2.000.000
2013	Þuríðarbúð	Endurbygging Þuríðarbúðar, Stokkseyri	Sveitarfélagið Árborg	1.175.000
2015	Breiðin á Akranesi	Yfirborðsfrágangur göngustíga, göngusvæði og búnaður á lóð.	Akraneskaupsstaður	12.000.000
2015	Skriðuklaustur	Skriðuklaustur - Aðgengi fyrir alla	Gunnarsstofnun	800.000
2015	Þrístapar/Ólafslundur	Styrkur til að vinna deiliskipulag.	Húnavatnshreppur	1.680.500
2015	Ólafsdalur í Gilsfirði	Endurreisn Ólafsdals í Gilsfirði: 2. áfangi	Ólafsdalsfélagið	1.500.000
2017	Hrunalaug	Hrunalaug, umhverfi og aðkoma	Hrunamannahreppur	2.000.000
2017	Reykholt - minjasvæði Snorrargarður	Styrkur til að loka skurðum, setja lokræsi, laga stíga og setja upp skilti í Reykholti.	Snorrastofa í Reykholti	7.400.000
2018	Kálfshamarsvík	Kálfshamarsvík sem áfangastaður	Skagabyggð	2.700.000
2018	Skriðuklaustur	Uppbygging ferðamannastaðar	Gunnarsstofnun	3.819.500
2019	Þjórsárdalur	Styrkur m.a. til að gera fornar þjóðleiðir aðgengilegar sem göngu- hjóla, reiðleiðir og stuðla að varðveislu menningarminja.	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	6.000.000
2019	Kálfshamarsvík	Styrkur til að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk í Kálfshamarsvík	Skagabyggð	13.000.000
2019	Skrúður-skrúðgarður	Þjónustuhús Skrúði	Ísafjarðarbær	13.781.542
2019	Hrunalaug	Stígar og umhverfi	Hrunamannahreppur	5.000.000

2020	Hrunalaug	Vegghleðsla og göngustígur	Hrunamannahreppur	3.900.000
2021	Gvendarlaug í Bjarnarfirði	Úrbætur til að undirbúa þátttöku í Vestfjarðarleið	Hollvinafélag	6.333.000
2021	Flutningakláfur á Skatastöðum (reistur 1856)	Bætt aðgengi	Einstaklingur	1.322.000
2021	Þrístapar	Þrístapar-lokafrágangur	Húnavatnshreppur	51.500.000
2022	England í Borgarfirði (Englandslaug, Pétursvirki)	Hönnun og undirbúningur	Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs	2.850.000
2022	Kláfurinn á Tungná	Úrbætur og miðlun	Ásahreppur	6.184.000
2022	Franski grafreitirinn í Fáskrúðsfirði	Bætt viðtökugeta staðarins.	Fjarðabyggð	8.851.000
2022	Þrístapar	Salerni	Húnavatnshreppur	31.000.000
2023	Hrísey	Hrísey - greið leið um fornar slóðir	Akureyrarbær	26.960.000
2023	Englandi í Borgarfirði (Englandslaug, Pétursvirki)	Bygging brúar yfir Tunguá, aðstöðuhús við Englandslaug og stikun gönguleiðar.	Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs	23.810.000
2023	Hrunalaug	Deiliskipulag, salernishús og viðhald hleðslna.	Hrunalaug ehf.	10.500.000
2023	Hólar í Hjaltadal	Hönnunarstyrkur sem miðar að því að bæta vegvísa, gönguleiðir, upplýsingagjöf, bílastæði, salernisaðstöðu, sem og að vernda minjar og náttúru á Hólum í Hjaltadal.	Sögusetur íslenska hestsins	8.330.000
2023	Selvíkurviti og rústir Evangers- verksmiðjunnar	Gönguleið að Selvíkurvita og rústum Evangers 1. hluti. Styrkur til hanna gönguleið að fyrirmynd handbókar um gerð náttúrustíga. Einnig á að bæta aðstöðu við bílastæði og merkingar minja um Evanger, fyrstu stóru síldarverksmiðju landsins sem reist var árið 1911 en eyðilagðist í snjóflóði árið 1919.	Fjallabyggð	2.840.000
Samtals				278.686.542

15.6 Verkefni á sviði minjaverndar sem Rammaáætlun hefur látið framkvæma

Tafla 21: Heiti verkefna og rannsókna á sviði minjaverndar sem faghópur 1 innan 3. og 4. áfanga Rammaáætlunar hefur látið framkvæma.

Ár	Heiti verkefnis	Framkvæmdaraðili
2016	Gildi landslags: Fagurferði, menningarminjar og saga	Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
2016	Rannsókn á þekkingu á fjölbreytni lífs, lands og menningarminja - Samþætt mat á fjölbreytni náttúru og menningarminja	Náttúruminjasafn Íslands
2016	Áhrif virkjana á náttúru- og menningarminjar, landslag og víðerni	Náttúruminjasafn Íslands
2019	Gildi menningarsögulegra þátta í landslagi miðhálandisins	Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
2019	Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á hálendi Íslands	Fornleifastofnun Íslands
2019	Gildi menningarsögulegra þátta í landslagi miðhálandisins	Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
2019	Minjar og menningarsögulegt gildi landslags á hálendi Íslands	Fornleifastofnun Íslands
2019	Heildræn skráning á fornum leiðum á miðhálandinu	Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Rammaáætlun
2020	Fornleifaskráning vegna Rammaáætlunar í Vattardal og Hvanneyrardal	Náttúrustofa Vestfjarða
2021	Fornleifaskráning í Hamarsfirði vegna Rammaáætlunar	Byggðasafn Skagfirðinga
2021	Skráning í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands	Minjastofnun Íslands

16. Þakkir

Starfshópurinn vill þakka eftirfarandi aðilum fyrir mikilvægt framlag við gerð þessarar skýrslu:

Minjastofnun Íslands

Gestir sem komu á fund starfshópsins

Þeir sem gáfu sér tíma til að svara spurningakönnun sem starfshópurinn stóð fyrir.

